

**JÓHANNES HAUKUR JÓHANNESSON**

*Erfiðast að sleppa skyndibitanum*

Heilsa fermingar

**allt** Í MIÐJU BLAÐSINS



**MATTHÍAS ÁRNI**

*Verður með mynd í Rolling Stone*

Jakobínarína er myndefnið

**FÓLK 38**







# FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

28. mars 2006 — 86. tölublað — 6. árgangur

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Sími: 550 5000


### Um „skaðlega“ umræðu

„Sjálfstæðisflokkurinn klikkaði í utanríkismálunum eftir 1990 og þess vegna erum við ekki í Evrópusambandinu,“ segir Valgerður Bjarnadóttir. „Viðskiptaráðherrann hefur því tækifæri til að gera sig að hálfgerðu viðundri með því að stinga upp á því að taka upp evruna án þess að vera í þeim klúbbi.“

Í DAG 20

### Hvað ver Schmeichel margar?



Danska knattspyrnuhetjan Peter Schmeichel mun reyna að verja vítaspyrnur frá nokkrum heppnum gestum Kaupþings á HM í Þýskalandi.

FÓLK 38

### Bara Grímsey eftir

Stóra upplestrarkeppnin hefur verið haldin í öllum byggðum landsins nema Grímsey, en forsvarsmenn keppninnar vonast til að börn í Grímsey verði með sem fyrst.

TÍMAMÓT 20

### Garðar aftur í Val



Knattspyrnukappinn Garðar Gunnlaugsson snýr heim á leið í byrjun apríl eftir dvöl hjá skoska úrvalsdeildarliðinu Dunfermline og spilar með Val í sumar. Þetta er góður styrkur fyrir Valsmenn en dvöl Garðars í Skotlandi var mikil vonbrigði fyrir Skagamanninn.

ÍÞRÓTTIR 30

### VEÐRIÐ Í DAG




**SVIPAÐ ÁFRAM -** í dag verður norðaustan strekkingur eða allhvasst. Snjókoma eða él á Vestfjörðum og á landinu norðan- og austanverðu, annars skýjað með köflum. Hiti yfirleitt 0-4 stig að deginum, mildast syðst.

VEÐUR 4






# Ræða yfirtöku á grunnneti Símans

**Orkuveita Reykjavíkur og Síminn ræða hugsanlega yfirtöku Orkuveitunnar á rekstri grunnnets Símans. Með yfirtökunni yrði til opið net á landsvísu sem fjarskiptafyrirtæki gætu skipt við án þess að eiga viðskipti við samkeppnisaðila.**

**VIÐSKIPTI** Orkuveita Reykjavíkur og Síminn hafa um tveggja til þriggja vikna skeið átt í viðræðum um mögulega yfirtöku Orkuveitunnar á grunnneti Símans, samkvæmt heimildum Fréttablaðsins.

Guðmundur Þóroddsson, forstjóri Orkuveitunnar, segir að á þessari stundu sé ekki hægt að segja fyrir um niðurstöðu viðræðnanna. „En við erum að skoða hvort við eigum einhverja samleið í rekstri grunnnetanna, hvort hægt sé að lækka eitthvað kostnaðinn, hvernig sem það verður gert,“ segir hann.

Alfreð Þorsteinsson, stjórnarformaður Orkuveitunnar, staðfesti að viðræður hefðu staðið yfir við Símann en sagði ekki tímabært að greina frekar frá þeim að svo stöddu.

Brynjólfur Bjarnason, forstjóri Símans, staðfesti sömuleiðis að viðræður hefðu átt sér stað. „En það er bara í athugun hjá okkur hvort hægt sé að leita hagkvæmni í grunnneti og hvort þarna er hjá okkur samleið. Meira er í raun og veru ekki að segja um málið að sinni en við erum að athuga þetta og teljum að við eigum að gera það.“ Brynjólfur sagði að sama skapi ekki hægt að segja til um hvort hillti undir lok viðræðnanna. „Þær eru nokkuð umfangsmiklar og margt að fara yfir,“ segir hann.

Heimildir blaðsins herma að viðræðurnar séu nokkuð vel á veg komnar þótt enn sé óvíst um niðurstöðu þeirra. Verið er að ræða hvernig verðmeta skuli grunnnet Símans og fyrirtækin að kasta á milli sín hugmyndum í þeim efnum.

Verði niðurstaðan sú að Orkuveitan taki yfir rekstur grunnnetsins, sem bætist þá við opið net Orkuveitunnar, verður til óháð opið net á landsvísu sem efnisveitur og fjarskiptafyrirtæki hvers konar geta keypt af þjónustu án þess að vera í viðskiptum við samkeppnisaðila.

olikr@frettabladid.is



**HANDJÁRNUÐ FYRIR UTAN ÞINGHÚSIÐ Í WASHINGTON** Stuðningsmenn innflytjenda í Bandaríkjunum héldu áfram fjölmennum mótmælaaðgerðum í gær gegn nýrri löggjöf, þar sem kveðið er á um harðari refsingar fyrir ólöglega innflytjendur. Þessir tveir prestar handjárnuðu sig saman á flötinni fyrir utan þinghúsið í Washington í gær meðan þingmenn ræddu nýju lögin. FRÉTTABLAÐIÐ/AP



**TVÍBURATURNARNIR BRENNA** Réttarhöld yfir Zacharias Moussaoui standa nú yfir í Virginíu í Bandaríkjunum. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Zacarias Moussaoui:

## Átti að fljúga fimmtu vélinni

**BANDARÍKIN, AP** Við réttarhöldin yfir grunaða hryðjuverkamanninum Zacarias Moussaoui í gær sagðist hann hafa átt, ásamt Richard Reid, að ræna fimmtu flugvélinni hinn 11. september árið 2001 og fljúga henni á Hvíta húsið í Washington.

Moussaoui, sem er franskur ríkisborgari, var handtekinn nokkrum vikum áður en hryðjuverkamenn urðu um þrjú þúsund manns að bana í New York og Washington.

Framburður hans við réttarhöldin kom á óvart því áður sagðist hann jafnan hafa átt að fremja hryðjuverk við annað tækifæri.

Félagi hans, Richard Reid, var handtekinn í desember árið 2001 fyrir að hafa verið með sprengju í skó sínum um borð í farþegaflugvél.

- gb

Grunnskólar Reykjavíkur:

## Vilji fyrir skólabúningum

**SKOÐANAKÖNNUN** Meirihluti Reykvíkinga, tæp 57 prósent, segist fylgjandi því að teknir verði upp skólabúningar í grunnskólum Reykjavíkur. Þetta er meðal þess sem kemur fram í nýrri skoðanakönnun Fréttablaðsins. Rúm 43 prósent segjast hugmyndinni andsnúin.

Stuðningur við skólabúninga er meiri meðal kvenna en karla. Rúm 63 prósent kvenna vilja að teknir verði upp skólabúningar, en rúm fimmtíu prósent karla. Tæp 37 prósent kvenna eru hugmyndinni mótfallin og tæplega helmingur karla, eða 49,6 prósent.

- ss/ sjá síðu 4

Ísland verður tæpast alþjóðamiðstöð fjármála:

# Krónan verður þrándur í götu

**VIÐSKIPTI** „Alltaf verður erfitt að reka íslensku krónuna í alþjóðlegu fjármálaumróti,“ segir Halldór Ásgrímsson forsætisráðherra og telur að erfitt verði að koma hér upp miðstöð alþjóðlegra fjármála meðan við notumst við krónuna sem gjaldmiðil.

Á hádegisfundi í Háskólanum í Reykjavík í gær hvatti Halldór til aukinnar umræðu í fjármálageiranum og víðar um stöðu íslensku krónunnar og viðhorfsins til inngöngu í Evrópusambandið. „Stöðugleiki er mikilvægur fyrir tiltrú og stöðugleiki á Íslandi, bæði í efnahagsmálum og fjármálum, hlýtur að vera mikil forsenda þess að erlendir aðilar hafi á því tiltrú að setja sig hér niður,“ segir Halldór, en tekur þó ekki svo djúpt í árinni að segja hana nauðsynlegt að skipta um gjaldmiðil. „Það eitt að hér komi allt í einu að utan 200 milljarðar inn í okkar fjármálakerfi með kaupum á skuldabréfum í íslenskum krónum er nýtt fyrir okkur,“ segir hann og kveður augljóst að erlendir aðilar geti haft mjög mikil áhrif á gengi krónunnar.



**Í HÁSKÓLANUM Í REYKJAVÍK** Halldór Ásgrímsson forsætisráðherra ræddi stöðu og horfur í viðskiptum og alþjóðafjármálum á hádegisfundi í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Á fundinum ræddi Halldór einnig neikvæð og á stundum villandi erlend sem innlend skrif um bankana og íslenskt efnahagslíf. „Slíkt umtal getur komið af stað skriðu og við komumst ekki hjá því í framhaldinu að efla hvers konar upplýsingagjöf um íslenskt hagkerfi.“

- óká






## SPURNING DAGSINS

*Albert, eru EFTA-málin í höfn?*

„Já, það er öruggt að EFTA-málin eru í Höfn. Við erum komin á EFTA-kortið.“

Ráðherrafundur Fríverslunarsamtaka Evrópu, EFTA, verður á Höfn í Hornafirði í júní. Albert Eymundsson er bæjarstjóri á Höfn.

Víðtæk áhrif á starfsemi verktaka á Keflavíkurflugvelli:

# Mikið atvinnuleysi í haust

**VARNARLIÐIÐ** Verktakar sem hafa starfað fyrir Varnarliðið munu þurfa að segja upp fjölda starfsmanna þegar verkefnum þeirra fækkar og þjónustusamningar renna út.

Í gær gátu þeir 592 sem sagt var upp sótt uppsagnarbréf sín en óvíst er þó hvenær fer að draga úr umsvifum verktakanna þannig að þeir fari að fækka fólki verulega. Á Svæðisvinnumiðlun Suðurnesja er nú þegar hafið undirbúningsstarf vegna þeirra starfsmanna sem ljóst er að verða atvinnulausir í september. Að sögn Ketils Jósefssonar hjá miðluninni hafa um tuttugu einstaklingar skráð sig til atvinnuleitar en hann gerir ráð fyrir að skriða skelli á í haust.

Ketill telur að mun fleiri einstaklingar en þeir sem fengu uppsagnarbréf í gær þurfi að leita til miðlunarinnar þar sem keðjuverkun fari nú af stað. Mun samdráttur innan Varnarliðsins hafa víðtæk áhrif á starfsemi verktaka. Samkvæmt skýrslu utanríkisráðherra 2004 störfuðu um 600-700 starfsmenn að meðaltali á vegum verktakafyrirtækja við framkvæmdir og endurbætur fyrir Varnarliðið þó þeim hafi farið fækkandi síðustu ár.

Ljóst er því að mun fleiri verða atvinnulausir á næstunni. Á atvinnuleysisskrá Svæðisvinnumiðlun Suðurnesja eru 228 manns skráðir. **- bbm**



**Á VARNARLIÐSSVÆÐINU** Verktakar hafa sinnt viðhaldi og framkvæmdum við mannvirki á vallarsvæðinu. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

Morðhótanir í Danmörku:

# Múslimaprestar yfirheyrðir

**DANMÖRK** Múslimaprestarnir Ahmed Akkari og Abu Laban voru yfirheyrðir af lögreglu í Kaupmannahöfn í gær. Ástæðan er ummæli þess fyrrnefnda um að drepa verði þingmanninn Naser Khader verði hann ráðherra innflytjendamála í landinu.

Franskir sjónvarpsmenn náðu þessum ummælum á myndband með falinni myndavél.

Talsmaður lögreglu segir ekki ástæðu til að ákæra prestana en unnið sé að því að fá í hendur upprunalega upptöku af samtali Akkaris og frönsku sjónvarpsmannanna. **- ks**

Nýr fréttastjóri ráðinn:

# Pétur aftur til Fréttablaðsins

**FJÖLMIÐLAR** Pétur Gunnarsson, fyrrverandi framkvæmdastjóri þingflokks Framsóknarflokksins, hefur verið ráðinn fréttastjóri á Fréttablaðinu.



**PÉTUR GUNNARSSON**

Pétur er ekki ókunnugur Fréttablaðinu því hann gegndi starfi fréttastjóra í eitt ár þegar blaðið var að hefja göngu sína árið 2001. Pétur starfaði sem blaðamaður á Morgunblaðinu í fjórtán ár.

„Ég hlakka til að koma aftur til starfa á Fréttablaðinu,“ segir Pétur. Hann mun hefja störf í næsta mánuði.

Pétur verður einn af þremur fréttastjórum. Auk hans eru Arndís Þorgeirsdóttir og Trausti Hafliðason fréttastjórar. ■

Hringborð hjá Credit Sight:

# Bankarnir efli upplýsingagjöf

**VIÐSKIPTI** Ekki eru miklar líkur á því að íslenskir bankar lendi í greiðsluvandræðum vegna endurgreiðslu skuldabréfa. Hins vegar má búast við að álag á skuldabréf þeirra haldist hátt um tíma. Þeir þurfa að efla upplýsingagjöf sína til markaða.

Þetta er meðal niðurstaða af hringborði með sérfræðingum sem Credit Sight stóð fyrir. Áfram er búist við að minnsta álagið verði á bréfum Glitnis. Áhætta af aðgengi að lánamörkuðum er að mati þátttakenda stærsti áhættuþáttur í rekstri bankanna. Meirihluti var þeirrar skoðunar að til að slíkt yrði að alvarlegum vanda þyrftu markaðsaðstæður að breytast snögglega. **- hh**




**VIÐ VINNU Í GÖNGUM** Mikill fjöldi manna vinnur í aðgöngum á Kárahnjúkasvæðinu. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# Ungur maður beið bana við vinnu í aðgöngum

**Starfsmaður verktakafyrirtækisins Arnarfells lést við Desjarárstíflu við Kárahnjúka í gær. Maðurinn var að vinna við sprengjuhleðslu í aðgöngum. Reiðarslag, segir upplýsingafulltrúi Kárahnjúkavirkjunar.**

**BANASLYS** Tuttugu og sex ára gamall starfsmaður verktakafyrirtækisins Arnarfells lést á vinnusvæðinu við Kárahnjúka í gærmorgun er grjót hrundi ofan á hann eftir sprenginu.

Slysið varð þegar þrír menn voru að vinna við borun og sprengjuhleðslu í aðgöngum fjögur. Þau göng eru viðbót við upphaflegar verkáætlanir á svæðinu og eru ætluð til þess að komast megi á fleiri stöðum inn í meginaðrennslisgöngin. Aðgöngin eru við Desjarárstíflu og var vinna í þeim langt komin.

Búið var að bora holurnar í göngunum fyrir sprengjurnar og var verið að hlaða sprengiefni í holurnar þegar slysið varð. Maðurinn sem lést var að vinna við hleðslu á sprengiefni í holurnar þegar ein sprengjan sprakk óvænt. Við sprenginguna fékk maðurinn ofan á sig bjarg, um eitt tonn að þyngd, sem varð honum að bana.

Unnið hefur verið á sólarhringsvöktum í göngunum undanfarnar vikur en slysið varð um fimmleytið í gærmorgun, þegar næturvakt starfsmanna í göngunum var að ljúka.

Sérfræðingar vinnueftirlits ríkisins og lögreglunnar skoðuðu slysstað gaumgæfilega í gær. Ekki er enn vitað hvað það var sem gerði það að verkum að sprengjan sprakk en rannsókn á slysstað heldur áfram í dag.



**SIGURÐUR ARNALDS** Upplýsingafulltrúi Kárahnjúkavirkjunar

Sigurður Arnalds, upplýsingafulltrúi Kárahnjúkavirkjunar, segir slysið vera áfall fyrir alla sem að verkinu koma. „Þetta er reiðarslag fyrir okkur. Við höfum lagt mikið upp úr því að hafa öryggismál í lagi á svæðinu og því eiga slys eins og þessi ekki að geta gerst. Öryggismál verða tekin til endurskoðunar og farið verður yfir það hvernig þeim var háttað þegar slysið varð.“

Þetta er annað banaslysið sem verður á vinnusvæðinu við Kárahnjúka. Í mars 2004 lést tuttugu og fimm ára gamall maður, sem einnig var starfsmaður Arnarfells, þegar hann var að merkja fyrir borun í Hafrahvammsgljúfri. Eftir rannsókn á því slysi voru fimm menn ákærðir vegna brots á lögum um hollustuhætti, aðbúnað og öryggi á vinnustöðum. Aðalmeðferð í málinu er lokið og bíður það nú dóms í Héraðsdómi Austurlands.

Rannsókn á slysinu heldur áfram í dag en vettvangsskoðun lögreglunnar á Egilsstöðum á slysstað lauk síðdegis í gær.

**magnush@frettabladid.is**




Hannes Hólmsteinn vill að stefnu Auðar Laxness verði vísað frá:

# Krafinn um milljónabætur

**DÓMSMÁL** Lögmaður Hannesar Hólmsteins Gissurarsonar krefst þess að skaðabótakröfu ekkju Halldórs Laxness, Auðar Sveinsdóttur Laxness, verði vísað frá dómi þar sem ekki sé hægt að meta hvort hún hafi orðið fyrir fjárhagslegum skaða af skrifum Hannesar um ævi Halldórs.

Hannes notaði texta Halldórs í leyfisleysi og í andstöðu fjölskyldu hans án þess að aðgreina frá öðrum texta þegar hann ritaði ævisöguna. Heimir Örn Herbertsson, lögmaður Hannesar, sagði við munnlegan málflutning í Héraðsdómi Reykjavíkur í gær að stefnandi hefði átt að leggja fram sannanir á fjárhagsskaðanum, svo sem sölutölur á bókum Halldórs fyrir og eftir útgáfu bókar Hannesar. Ekki væri hægt að meta og svo bæta tjónið því gögnin skorti og því rétt að vísa málinu frá.





**HANNES HÓLMSTEINN GISSURARSON** Háskólaprófessorinn fyrir dómi vegna bókar sinnar um Halldór Laxness.

Halldór H. Backman, lögmaður Auðar, hafnaði frávísunarkröfunni með öllu. Brot Hannesar væru umfangsmikil og dæmalaus, en 120 dæmi eru nefnd í stefnunni á hendur Hannesi. Hann eigi að vita að fjárhagslegu máli skipti að leita samþykki þeirra sem eigi texta áður en hann sé notaður.



**AUÐUR SVEINSDÓTTIR LAXNESS** Krefst fjárhæðinnar sem Hannes hefði þurft að greiða fyrir notkun á texta eiginmanns hennar.

Auður krefst þess að Hannes greiði 2,5 milljónir í skaðabætur auk dráttarvaxta. Einnig að hann greiði málskostnaðinn. Málið er höfðað á sama grundvelli og sömu atvikum og fyrra mál Auðar á hendur Hannesar. Þar var bótakröfu hennar vísað frá í Hæstarétti. **- gag**





GEFÐU FREKAR **FRAMTÍÐARBÓK** KB BANKA

Framtíðarbók KB banka er góð fermingargjöf, gjafakort fást í næsta útibúi.

**Verðtryggður sparireikningur með hæstu vexti almennra innlánsreikninga bankans.**
**Innstæðan verður laus til úttektar við 18 ára aldur.**

KB BANKI

www.kbunglingar.is

## GENGIÐ

GENGI GJALDMIÐLA 27.3.2006

| | KAUP | SALA |
|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | 72,55 | 72,89 |
| Sterlingspund | 126,69 | 127,31 |
| Evra | 87,24 | 87,72 |
| Dönsk króna | 11,69 | 11,758 |
| Norsk króna | 10,945 | 11,009 |
| Sænsk króna | 9,322 | 9,376 |
| Japanskt jen | 0,6207 | 0,6243 |
| SDR | 104,44 | 105,06 |

*Gengisvísitala krónunnar*

122,2739

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Leiðtogar þýsku stjórnarflokkanna ánægðir eftir fylkisþingkosningar:

# Merkel boðar nýjan áfanga

**ÞÝSKALAND, AP** Angela Merkel, kanslari Þýskalands, sagði í gær að samsteypustjórn jafnaðar- og hægrimanna sem hún fer fyrir væri nú í góðri aðstöðu til að hefja erfiðan „annan áfanga“ stjórnarsamstarfsins eftir að stjórnarflokkarnir komu vel út úr fylkisþingkosningum sem fram fóru í þremur af sextán sambandslöndum Þýskalands á sunnudag. Hún lét hins vegar ekkert uppi um hvort hún hygðist nýta meðbyrinn til að flýta misvinsælum efnahagsumbótaaðgerðum.

„Stóra samsteypa“ kristilegra demókrata og Jafnaðarmannaflokksins ætlar í þessari viku að ræða aðgerðir til umbóta á heilbrigðiskerfinu, sem er einn viðkvæmasti þátturinn í umbótaáætlun ríkisstjórnarinnar og líklegur til þess að reyna mjög á samkomulagið á stjórnarheimilinu. Því hafði verið frestað fram yfir kosningar helgarinnar að taka á þeim málum vegna þess hve lítt þær aðgerðir eru taldar til vinsælda fallnar.

Kristilegri demókratar fengu endurnýjað umboð til að fara fyrir fylkisstjórnum í Baden-Württemberg í suðvestri og í Saxlandi-Anhalt í austri. Jafnaðarmenn treystu einnig sín tök á fylkisstjórninni í Rheinland-Pfalz í vestri.

Sá flokkur sem verst kom út úr kosningunum var frjálsir demókratar, sem annars eru stærsti stjórnarandstöðuflokkurinn á Sambandsþinginu í Berlín. Fyrir kosningarnar voru þeir í stjórn í öllum þremur sambandslöndum en verða það áfram aðeins í Baden-Württemberg. - aa

**HÉRAÐSÞINGKOSNINGAR Í ÞÝSKALANDI**

Kosið var á sunnudag til héraðsþinga þriggja af þýsku sambandslöndunum 16.




**Úrslit** Tölur í sviga breyting frá síðustu kosningum.

| | Rheinland-Pfalz | Baden-Württemberg | Saxland-Anhalt |
|---|---|---|---|
| CDU | 32.6% (-2.5%) | 44.2% (-.6%) | 36.2% (-1.1%) |
| SPD | 45.6% (+.9%) | 25.2% (-8.1%) | 21.4% (+1.4%) |
| FDP | 8.0% (+.2%) | 10.7% (+2.6%) | 6.7% (-6.6%) |
| Vinstrifl. | No representation | 3.1% (+3.1%) | 24.1% (+3.7%) |
| Græn. | 4.6% (-.6%) | 11.7% (+4.0%) | 3.6% (+1.6%) |
| Aðrir | 9.2% | 5.1% | 8% |

Source: Election commission Graphic:Staff © 2006 KRT



ELIASSON OG PERSSON Á blaðamannafundi í Stokkhólmi í gær, þar sem skipunin var tilkynnt. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Nýr utanríkisráðherra Svía:

## Jan Eliasson tekur við

**SVÍÞJÓÐ** Jan Eliasson, forseti allsherjarþings Sameinuðu þjóðanna, var skipaður utanríkisráðherra Svíþjóðar í gær. Hann mun gegna báðum stöðum þar til í september, að sögn Göran Persson, forsætisráðherra Svíþjóðar.

Eliasson, sem er 65 ára, tekur við stöðunni af Lailu Freivalds, sem sagði af sér í síðustu viku. Carin Jamtin, ráðherra þróunarmála, gegnir stöðu utanríkisráðherra þar til Eliasson tekur við stöðunni 24. apríl. Eliasson sagði að þetta væri mikill heiður og að hann væri stoltur af skipun sinni í stöðuna. - abj

Vaxandi ólga í Taílandi:

## Stjórnin sökuð um valdníðslu

**TAÍLAND** Mikil ólga er nú í stjórnmálum í Taílandi og ekki skánaði ástandið þegar lögreglan þurfti að aftengja sprengju sem hafði verið komið fyrir í höfuðstöðvum eins stjórnarandstöðuflokksins.

Stjórnarandstaðan mun sniðganga kosningarnar á sunnudaginn sem Shinawatra forsætisráðherra boðaði til. Mikil óánægja er með störf hans og höfnuðu stjórnarandstöðuflokkarnir nýverið tilboði hans um stjórnarmyndun yrði hann endurkosinn.

Tugir þúsunda mótmælenda krefjast afsagnar hans vegna víðtækrar spillingar og valdníðslu. - abj

# Meirihluti vill skólabúninga

**Samkvæmt skoðanakönnun Fréttablaðsins vill meirihluti Reykvíkinga að teknir verði upp skólabúningar í grunnskólum Reykjavíkur. Konur eru frekar fylgjandi skólabúningum en karlar.**

**SKOÐANAKÖNNUN** Tæp 57 prósent þeirra sem afstöðu tóku í nýrri skoðanakönnun Fréttablaðsins segjast fylgjandi því að teknir verði upp skólabúningar í grunnskólum Reykjavíkur. 43,2 prósent segjast ekki vilja að skólabúningar verði teknir upp.

Konur eru frekar fylgjandi því að grunnskólabörn fái skólabúninga. 63,3 prósent kvenna eru hugmyndinni fylgjandi en 36,7 prósent mótfallin. Minni munur er á afstöðu karla; 50,4 prósent þeirra segjast hugmyndinni fylgjandi, en 49,6 prósent karla voru því mótfallin.

Í skýrslunni Skólafatnaður, álitsgerð um innleiðingu skólafatnaðar á Íslandi, sem Ólöf Pálína Úlfarsdóttir vann fyrir Fjölskyldunefnd í október 2005, kemur fram að fimm grunnskólar og fjórir leikskólar hafa nú tekið upp skólafatnað. Grunnskólarnir eru Áslandsskóli, Ártúnsskóli, Hofstaðaskóli, Flataskóli og barnaskóli Hjallastefnunnar í Garðabæ. Leikskólarnir eru Hjalli, Hjalli 2, Ásar og Seljaborg í Breiðholti.

Einnig segir í skýrslunni að starfsfólk Áslandsskóla telji að hegðun hafi batnað til muna við það að skólabúningar voru teknir upp. Þá telur það að skólafatnaður skapi liðsheild, að nemendur einbeiti sér frekar að verkefnum sínum og þurfi ekki að hafa áhyggjur af tískustraumum.

Meðal þeirra kosta sem raktir eru við að taka upp skólabúninga er að félagsþrýstingur á að kaupa nýjustu fatatískuna minnki. Þá segir að foreldrum finnist þetta oft betri kostur, þar sem skólaföt verði ódýrari í innkaupum. Að endingu er tekið fram að í skólanum geti skólafatnaður virkað sem bætt öryggisnet í skólasamfélaginu, þar sem allir nemendur klæðist sama fatnaði. Þeir skeri sig því úr sem eru ekki nemendur skólans.

Meðal galla þess að taka upp skólafatnað er að skólafatnaður dragi úr sköpunargleði nemenda og tækifærum til að tjá sig með fatnaði. Þá hefur verið á það bent að þó svo að félagslegur þrýstingur varðandi klæðnað á skólatímum minnki geti þrýstingurinn enn verið til staðar eftir að skólatíma lýkur, við leik, eða í félagsstarfi. Félagslegur þrýstingur geti færst úr stað, þannig að fremur verði horft á skó eða útifatnað eða skólaútbúnað. Sé félagslegur þrýstingur til staðar sé það merki um vandamál í skólanum sem fremur verði leyst með eineltisáætlunum og markvissri vinnu en að reyna að steypa öll börn í sama mót.

Hringt var í 600 Reykvíkinga laugardaginn 25. mars, og skiptust svarendur jafnt milli karla og kvenna. Spurt var: Á að taka upp skólabúninga í grunnskólum Reykjavíkur? 88,8 prósent aðspurðra tóku afstöðu til spurningarinnar. svanborg@frettabladid.is

**Á AÐ TAKA UPP SKÓLABÚNINGA Í GRUNNSKÓLUM REYKJAVÍKUR?**






„Þetta er lítið úrtak og niðurstaðan kemur í sjálfu sér ekki á óvart. Samfok hefur ekki mótað sér neina stefnu varðand skólabúninga. Skólabúningum fylgja kostir og gallar. Það er í verkahring hvers skóla í samráði við sína foreldra að gera upp hug sinn hvort skólabúningar henti skólanum eða ekki,“ segir Bergþóra Valsdóttir, framkvæmdastjóri Samfoks.



„Ef fólk vill skólabúninga þá fær það skólabúninga. Í samræmi við stefnuna um sjálfstæða skóla þá geta foreldrar óskað eftir því að skólabúningar verði teknir upp. Það eru til dæmi um skóla í Reykjavík þar sem teknar hafa verið upp sérstakar treyjur eða yfirhafnir á vegum skólans, t.d. í Ártúnsskóla þar sem krakkarnir geta notað svona peysur. Ég bendi fólki bara á að beita áhrifum því það getur haft áhrif á það að svona skólabúningar verði teknir upp. Við getum ekki tekið miðstýrða ákvörðun um svona hluti en foreldrafélögin og foreldraráðin geta tekið málið upp við skólastjóra.
Ef það er einhugur innan skólans þá er alveg sjálfsagt að taka upp skólabúninga,“ segir Stefán Jón Hafstein, formaður menntaráðs í Reykjavík.



„Mér líst vel á þessa niðurstöðu en hún kemur ekki á óvart. Ég hef um nokkurt skeið talað fyrir því að skoðaðir væru kostir þess að taka upp skólabúninga í grunnskólum og hef bent á vaxandi efnamun í því sambandi og hvernig hægt er koma í veg fyrir til dæmis einelti sökum efnamunar. Í álitsgerð sem fjölskyldunefnd ríkisstjórnarinnar lét gera og birti um áramótin kemur meðal annars í ljós að það er jákvæð reynsla af notkun samræmds skólafatnaðar. Reynslan af þeim er mjög jákvæð og góð. Samræmdur skólafatnaður eykur samheldni, dregur úr einelti og kemur mjög til móts við fjölskyldur því rándýr tískufatnaður kemur við pyngjuna hjá öllum sem reka barnmörg heimili. Ég fagna því að það sé stuðningur við þetta mál,“ segir Björn Ingi Hrafnsson, oddviti Framsóknarflokksins í Reykjavík.

**BÍLL DAGSINS**

**BMW 318i**

Nýskr. 08.04 - Sjálfskiptur -Ekinn 14. þús. - Allt að 100% lán.




**Ingvar Helgason** **NOTAÐIR BÍLAR**

Opið: Alla virka daga kl. 9:00 -18:00 og laugardaga kl. 12:00 -16:00.

## VEÐURSPÁ



Sigurður Þ. Ragnarsson, veðurfræðingur

**LÍTIÐ EITT MILDARA**
Loftið við og í kringum landið er “gramminu” mildara en verið hefur. Nær sér að líkindum yfir núllið víðast hvar að deginum. Vindurinn verður það mikill að búast má við skafrenningi á heiðum með tilheyrandi erfiðum akstursskilyrðum.

**DANIR HLJÓTA AÐ GLEÐJAST**
Loksins er að hlýna í Kaupmannahöfn eftir mánaða kulda. Vonandi er veturinn að gefa eftir.

**HÖFUÐBORGIN Í DAG**
Norðan 8-13 m/s. Skýjað með köflum. Hiti 0-3 stig.

*um hádegi »*




*» á morgun*




| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| Kaupmannahöfn | 9°C hálfskýjað | París | 14°C hálfskýjað | Alicante | 23°C hálfskýjað |
| Osló | 1°C alskýjað | Berlín | 14°C hálfskýjað | Mílano | 15°C hálfskýjað |
| Stokkhólmur | 2°C skúrir | Frankfurt | 13°C alskýjað | New York | 12°C léttskýjað |
| Helsinki | -3°C snjóél | Madríd | 21 °C hálfskýjað | San Francisco | 14°C þrumur |
| London | 12°C hálfskýjað | Barcelona | 18°C hálfskýjað | Orlando/Flórída | 26°C hálfskýjað |

* Hitatölur sýna hæstu hitagildi. Vindhraði er í metrum á sekúndu.

# PEUGEOT 407
# TÖLUM UM HRÍFANDI ÖRYGGI
**Meistarahönnun Peugeot 407 uppfyllir ítrustu væntingar beggja hliða hugans**



HÉR & NÚ / SÍA

Peugeot 407 frá kr. **2.135.000**
kr. 22.188 á mánuði *

Peugeot 407 SW frá kr. **2.295.000**
kr. 23.839 á mánuði *

www.peugeot.is

9 airbags · AC · M.I.I. · JBL · F.A.P. · ESP · Tiptronic · T.D.T

Sjaldan hefur fimm stjörnu öryggi verið eins fallega hannað og Peugeot 407 - meistarahönnun sem setur fjölskyldubílnum nýjan staðal. Feiknalangur listinn yfir staðalbúnað er einungis toppaður af enn glæsilegri lista yfir öryggisbúnað. Þú velur vélar og búnað eftir óskum og þörfum en hrífandi útlitið er alltaf staðalbúnaður. Komdu og upplifðu einstakan samhljóm í sportlegum aksturseiginleikum, öryggi og fegurð – sem fær báðar hliðar hugans til að segja: - Já. Útfærslunni ræður þú, þannig að við höfum margt að tala saman um. Líttu inn og tölum um Peugeot 407 – flottasta ljónið á veginum

407

PEUGEOT

* Bílasamningur Lýsingar - 30% innborgun og eftirstöðvar á 84 mánuðum

BERNHARD

**BERNHARD** ehf. · Vatnagarðar 24-26 · Sími 520 1100

**Umboðsaðilar:**
Reykjanesbær, **Bílavík**, sími 421 7800 • Akranes, **Bílver**, sími 431 1985
Akureyri, **Höldur**, sími 461 6020 • Vestmannaeyjar, **Bragginn**, sími 481 1535



## KJÖRKASSINN

*Eiga Íslendingar að leita eftir samstarfi við Norðmenn um loftvarnir?*

| | |
|---|---|
| Já | 58% |
| Nei | 42% |

SPURNING DAGSINS Í DAG

*Hefurðu áhyggjur af því að verðbólga aukist á næstunni?*

Segðu þína skoðun á visir.is

Forsætisráðherraefni palestínsku heimastjórnarinnar:

# Hamas mun ekki láta undan

**PALESTÍNA, AP** Ný heimastjórn Palestínu, sem Hamas-liðar skipa, er reiðubúin að eiga viðræður við alþjóðlega sáttasemjara um lausn á deilunni við botn Miðjarðarhafs, en hún mun ekki láta undan efnahagslegum þrýstingi um að „mýkja“ stefnumið sín. Þetta tjáði verðandi forsætisráðherra heimastjórnarinnar, Ismael Haniyeh, palestínska löggjafarþinginu í gær.

Haniyeh útskýrði ekki nánar hvernig hann hygðist greiða úr ágreiningi Hamas-forystunnar við alþjóðasamfélagið, sem krefst þess að Hamas afneiti ofbeldi og viðurkenni Ísraelsríki og alla þá samninga sem hingað til hafa verið gerðir milli Ísraela og Palestínumanna. Þessu kröfum hafa talsmenn Hamas staðfastlega hafnað.



**ISMAEL HANIYEH** Verðandi forsætisráðherra palestínsku heimastjórnarinnar heilsar við upphaf þingfundar í Gaza-borg í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Þingræða Haniyeh markaði upphaf þingumræðna sem áformað er að ljúki síðar í vikunni með atkvæðagreiðslu um traust á nýju Hamas-heimastjórnina. Hin herskáa Hamas-hreyfing íslamskra róttæklinga ræður yfir öruggum meirihluta þingsæta þannig að atkvæðagreiðslan sem slík er hreint formsatriði.

Reiknað er með að palestínski forsetinn Mahmoud Abbas, sem sjálfur er úr hinum hófsamari Fatah-samtökum Palestínumanna, taki við embættiseið nýju ráðherranna á fimmtudag, tveimur dögum eftir þingkosningar í Ísrael. **- aa**

Mengun á Miðnesheiði:

# Kemur í ljós er herinn fer

**VARNARLIÐIÐ** Mengun á Miðnesheiði verður rædd í formlegri samráðsnefnd utanríkisráðuneytisins og Varnarliðsins sem fundar á föstudag en ekki kemur endanlega í ljós hversu mikil mengun er á svæðinu fyrr en herinn er farinn.

Sigríður Anna Þórðardóttir umhverfisráðherra kveðst ekki koma að viðræðunum með neinum hætti þar sem það sé bara á milli utanríkisráðuneytisins og bandarískra stjórnvalda. Hún kveðst ekki hafa ástæðu til að ætla neitt annað en að Bandaríkjamenn skili svæðinu í góðu ástandi. **- ghs**








**VINNSLA Í FULLUM GANGI Í VINNSLUSTÖÐINNI** Rekstrarstoðir sjávarútvegsfyrirtækja hafa styrkst í kjölfarið á umtalsverðri veikingu krónunnar. Forsvarsmenn tölvufyrirtækisins CCP vonast eftir viðvarandi stöðu á gengi krónunnar.

# Lækkun krónunnar kom á besta tíma

**Forsvarsmenn fyrirtækja sem hafa tekjur í erlendri mynt fagna veikingu krónunnar. Framkvæmdastjóri Vinnslustöðvarinnar segir tekjur fyrirtækisins aukast um 700 milljónir á ári og að lækkun krónu hafi komið á besta tíma.**

**VIÐSKIPTI** Veiking krónunnar gagnvart erlendum gjaldmiðlum hefur haft góð áhrif á rekstur fyrirtækja sem hafa tekjur sínar í erlendri mynt.



**SIGURGEIR BRYNJAR KRISTJÁNSSON**

Forsvarsmenn hátækni- og sjávarútvegsfyrirtækja sjá fram á bjartari tíma vegna þeirra breytinga sem átt hafa sér stað að undanförnu.

Magnús Bergsson, markaðsstjóri fyrirtækisins CCP sem rekur tölvuleikinn EVE-online, segir rekstarstöðu fyrirtækisins hafa batnað umtalsvert á síðustu vikum. „Okkar tekjur koma allar inn í erlendri mynt og því skiptir þessi breyting sem orðið hefur á gengi krónunnar gríðarlega miklu máli. Þetta er hreinn hagnaður fyrir okkur. Kostnaður okkar er nær allur í íslenskum krónum á meðan tekjurnar eru í erlendri mynt. Því ber að fagna þessum breytingum og vonandi helst gengi krónunnar í þessu horfi.“

Sigurgeir Brynjar Kristjánsson, framkvæmdastjóri Vinnslustöðvarinnar í Vestmannaeyjum, segir lækkunina á gengi íslensku krónunnar hafa komið á besta tíma þar sem tekjumyndun Vinnslustöðvarinnar er mest í febrúar og mars. „Okkar hagur hefur vænkast mikið við þessa sveiflu, enda tími til kominn. Síðasta ár hefur verið erfitt en veiking krónunnar gat ekki komið á betri tíma fyrir okkur þar sem tekjumyndun Vinnslustöðvarinnar er einna mest á þessum tíma.“

Ársvelta Vinnslustöðvarinnar hefur verið um 3,6 milljarðar. Miðað við gengi krónunnar nú aukast tekjur fyrirtækisins umtalsvert. „Miðað við fall krónunnar að undanförnu eru tekjurnar að aukast um tæplega 700 milljónir króna á ársgrundvelli. Þetta eru því góðar fréttir fyrir okkur,“ segir Sigurgeir Brynjar.

Laun sjómanna hafa hækkað síðan krónan tók að veikjast, þar sem launin ákvarðast meðal annars af afurðaverði aflans. Sævar Gunnarsson, formaður Sjómannasambands Íslands, segir sjómenn ekki finna mikið fyrir veikingunni fyrst um sinn. „Hagur sjómanna vænkast við þetta en það er þó ekkert hægt að hrópa húrra yfir þessu. Ég hef sagt það áður að sterk staða krónunnar undanfarin misseri getur ekki staðist til lengri tíma, gagnvart útveginum. Það er fagnaðarefni fyrir sjávarútveginn í heild sinni, að krónan sé að veikjast.“

**magnush@frettabladid.is**




Vilt þú ná hámarks árangri?

Námskeið í sölutækni

HH Ráðgjöf býður nú uppá námskeið í sölutækni sem hentar afar vel fyrir alla sölumenn, nýliða og þá sem reyndari eru.

Um er að ræða heildstætt námskeið sem nýtist öllum sem selja vöru eða þjónustu til verslana, fyrirtækja eða stofnana.

Á námskeiðinu er farið yfir meginlögmál árangursríkrar sölumennsku s.s.

- Markvissa útrás
- Hvernig halda á áhrifaríkar kynningar
- Viðbrögð við mótbárum
- Hvernig halda skal núverandi viðskiptavinum
- Öflun nýrra viðskiptavina
- Samningatækni
- Leiðir til að hámarka framlegð

„Mjög gott námskeið sem nýttist mér vel, var skemmtilegt og opnaði augu mín fyrir mörgum hlutum.“
Guðni Vilberg Baldursson, sölumaður, Vatnsvirkinn hf

„Mjög gott upprifjunarnámskeið fyrir reyndari sölumenn, vel skipulagt þar sem farið er vel yfir aðalatriðin“
Þorsteinn Halldórsson, viðskiptastjóri, Tæknival

Námskeiðið tekur 4 klst.

Í boði eru opin námskeið en einnig er hægt að sérpanta námskeið fyrir hópa.

HH RÁÐGJÖF

Nánari upplýsingar og skráning: • Sími 561 6365: • tölvupóstur hhr@hhr.is: • www.hhr.is

ÞÚ ERT SJÓNVARPSSTJÓRI Á VÍSIR VEFTV



HORFÐU EINSOG ÞÉR SÝNIST!

Yfir 300 sjónvarpsþættir og kvikmyndir

í stafrænum gæðum á visir.is


Rán framið í fyrrakvöld á bensínstöð Esso í Háholti í Mosfellsbæ:

# Sagðist vera vopnaður hnífi

**LÖGREGLUMÁL** Rán var framið á bensínstöð Esso í Háholti í Mosfellsbæ laust fyrir miðnætti í fyrrakvöld þegar maður hljóp þar inn, öskraði á starfsfólk og hrifsaði fé úr einum afgreiðslukassa staðarins.

„Hann æddi grímuklæddur inn rétt fyrir miðnættið, ruddist fram fyrir viðskiptavin og greip það fé sem í kassanum var,“ segir Grétar Sigurðsson, rekstarstjóri bensínstöðvarinnar.

Ræninginn gaf í skyn að hann væri vopnaður hnífi en sýndi hann þó ekki. Eftir að hafa tekið peningana hvarf maðurinn á brott í bíl en lögregla í Hafnarfirði stöðvaði bílinn klukkustund síðar og voru þrír karlmenn í bílnum handteknir.

Hluti þýfisins fannst á mönnunum við handtökuna en lögregla telur að ránsfengurinn hafi verið örfáir tugir þúsunda króna.

Allir hafa mennirnir komið við sögu lögreglu áður og munu sitja í gæsluvarðhaldi til 6. apríl. Játning liggur ekki fyrir að svo stöddu að sögn rannsóknarlögreglunnar í Reykjavík. **- aöe/sdg**



**FELMTRI SLEGIN** Talið er að sá sem rændi peningum úr afgreiðslukassa Esso í Háholti í fyrrakvöld hafi vart haft meira en nokkra tugi þúsunda upp úr krafsinu. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Hive Lite

NÚNA FÆRÐU 8Mb TENGINGU, 4GB NIÐURHAL, OG ÞRÁÐLAUST INTERNET Á AÐEINS

3.990
Á MÁNUÐI?*
*M.v. 12 mánaða samning.

Hive

**Það er ekkert mál að skipta.**

Hive.is Grensásvegi 16, Reykjavík. Þjónustusími 414 1616 hive@hive.is



## VEISTU SVARIÐ

1 Hvað heitir forseti Úkraínu?

2 Hvaða leikari hefur höfðað mál gegn framleiðendum myndarinnar Brokeback Mountain?

3 Hvaða knattspyrnulið hefur tryggt sér sæti í ensku Úrvalsdeildinni?

SVÖRIN ERU Á BLS. 34

Málþing um forsetaembættið og stjórnarskrána:

# Endurskoðun er nauðsynleg

**STJÓRNSKIPUN** Búast má við stjórnskipulegu klúðri ef ýmis ákvæði stjórnarskrár Íslands verða ekki skýrð. Sérstaklega á þetta við um málskotsréttinn. Þetta kom fram í máli Þórðar Bogasonar lögræðings á málþingi um forsetaembættið og stjórnarskrána sem Sagnfræðingafélag Íslands gekkst fyrir í samstarfi við Stjórnarskrárnefnd á laugardag.

„Ég stend á því fastar en fótunum að 26. grein stjórnarskrárinnar gengur ekki eins og hún er núna,“ fullyrti Þórður í erindi sínu en það var Jón Kristjánsson, formaður stjórnarskrárnefndar, sem setti þingið. Meðal þeirra sem tóku til máls voru Svanur Kristjánsson stjórnmálafræðingur, sem ræddi forsetaembættið og mótun utanríkisstefnu, og Guðni Th. Jóhannesson, sagnfræðingur, sem hélt erindi um stjórnarmyndanir á Íslandi og hlutverk forsetans í þeim, en bæði Sveinn Björnsson og Ásgeir Ásgeirsson tóku virkan þátt í myndun ríkisstjórna á árum áður og svo gæti farið að sitjandi forseti þyrfti að beita sér eins og þeir gerðu.

Björg Thorarensen lögfræðingur talaði um vald forseta sem handhafa framkvæmdavaldsins og sagði nauðsynlegt að endurskoða stjórnarskrána. Skýra þyrfti betur að það væri ráðherra sem framkvæmdi en ekki forsetinn. - shá



**ÓLAFUR RAGNAR GRÍMSSON FORSETI ÍSLANDS** Forsetar lýðveldisins hafa oft látið til sín taka við stjórnarmyndanir. Ekkert útilokar að sitjandi forseti þurfi að beita sér á líkan hátt og þeir gerðu. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Nýjung í umferðarmálum:

# Stressuðum boðið nudd

**MALASÍA** Stjórnvöld í Malasíu opnuðu nýverið nuddstofu við hraðbraut í landinu.

Binda þau miklar vonir við að stressaðir ökumenn muni nýta sér aðstöðuna og þiggja nudd.

Rannsóknir sýna að vel hvíldir og endurnærðir ökumenn eru síður líklegir til að valda umferðarslysum, en megintilgangur nuddstöðvarinnar er að draga úr tíðni umferðarslysa.

Atvinnumálaráðherra Malasíu telur að ökumenn verði að átta sig á mikilvægi afslöppunar og hvíldar og hvetur þá til að nýta sér þessa þjónustu. - bbm



**Á SÍÐASTA DEGI KOSNINGABARÁTTUNNAR** Tzupi Livni, utanríkisráðherra Ísraels, brá sér niður á markaðstorgið Machaneh Yehuda í Jerúsalem í gær. Öryggisvörður sést grípa í fánastöng meðan ráðherrann heilsar stuðningsmönnum. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

# Litlir flokkar ráða úrslitum

## Þingkosningar verða haldnar í dag í Ísrael. Nýi flokkurinn Kadima hefur misst fylgi undanfarið.

**JERÚSALEM, AP** Ehud Olmert, forsætisráðherra Ísraels, hefur ekki farið í grafgötur með að hann ætli að flytja stóran hluta ísraelskra landtökumanna á brott frá Vesturbakkanum. Sömuleiðis stefnir hann að því að endanleg niðurstaða um landamæri Ísraels fáist á næstu árum.

Hvort þessi áform ná fram að ganga ræðst af úrslitum þingkosninganna í Ísrael í dag. Flokkur forsætisráðherrans, Kadima, hefur mælst með minnkandi fylgi í skoðanakönnunum upp á síðkastið. Samkvæmt síðustu skoðanakönnunum fær Kadima einungis 34 til 36 af samtals 120 þingsætum.

Verkamannaflokknum er spáð um tuttugu þingsætum þannig að saman myndu Kadima og Verkamannaflokkurinn ekki ná meirihluta á þinginu. Hægri flokkurinn Likud fær síðan þrettán til fimmtán þingsæti í þessum síðustu skoðanakönnunum og yrði því þriðji stærsti flokkurinn á þingi.

Einn stærsti sigur kosninganna kæmi í hlut eins af smærri flokkunum, Israel Beitenu, sem fengi tólf þingsæti. Þetta er flokkur utarlega á hægri kanti ísraelskra stjórnmála, en spennan í þessum kosningum snýst ekki síst um það hvort litlu hægriflokkarnir nái sameiginlega meirihluta á þingi, því þá munu þeir snarlega snúa af þeirri braut sem Olmert hefur markað.

Á hinn bóginn gætu úrslitin orðið þannig að Olmert þyrfti á stuðningi arabískra þingmanna eða flokka sem eru lengra til vinstri að halda til þess að halda meirihlutastjórn, og þyrfti þá hugsanlega að ganga enn lengra í að koma til móts við kröfur Palestínumanna.

gudsteinn@frettabladid.is


Við eigum afmæli!



Við blásum á kerti fyrir hvert ár sem við höfum verið hér í Kópavogi. Þessi tími hefur einkennst af ljúfri sambúð og ánægjulegum samskiptum við viðskiptavini okkar og Kópavogsbúa alla. Við hlökkum til næstu 50 ára! *Starfsfólk SPK*

spk 50 ár í Kópavogi

Fróðleikur og skemmtun á vef

Á www.nams.is má finna ýmislegt fróðlegt og skemmtilegt. Vefurinn er öllum opinn.

Skoðið KRAKKASÍÐUR UNGLINGASÍÐUR




NÁMSGAGNASTOFNUN

GAGNVIRKT EFNI OG LEIKIR – HEIMA OG Í SKÓLANUM

# Málum
## fyrir Páska

Hjá Múrbúðinni færðu gæðamálningu á verði sem slær öll met.







100% AKRÝL

Allir litir

10 lítrar

**DEKACRYL7** Innimálning **Kr. 2.679,-**




100% AKRÝL

10 lítrar

**DEKAPRO 10** Innimálning **Kr. 3.194,-**




100% AKRÝL

10 lítrar

**DEKAPRO 02** Loftamálning **Kr. 2.394,-**




10 lítrar

**DEKATAK** Multigrunnur **Kr. 2.250,-**

100% AKRÝL




4 lítrar

**DEKAPRO 20** Innimálning **Kr. 1.942,-**




1 líter

**Masterlack** Lakkmálning **Kr. 799,-**




28 kg

**DEKAROCK** Samskeytaspartl **Kr. 1.390,-**



**SPECTER** bakki og rúlla **Kr. 499,-**




3 lítrar

| | |
|---|---|
| Dalapro spartl | Kr. 795,- |
| Kítti | Kr. 175,- |
| Málningarlímband | Kr. 224,- |

Múrbúðin hefur ekkert að fela og auglýsir allar vörur með verði en ekki aðeins afsláttarprósentum.
Gerið samanburð á verði og gæðum




LÆKKUM VERÐIÐ Á BYGGINGAVÖRUM

**MÚRBÚÐIN**
*Byggingavöruverslunin í Árbænum*

Kletthálsi 7 · Sími: 544-5470 · sala@murbudin.is · www.murbudin.is



**BERLUSCONI SEGIR SÖGUNA** Þessi kona í Róm var í gær að lesa í tímariti sem Silvio Berlusconi forsætisráðherra sendi inn á milljónir ítalskra heimila. Þetta er nýjasta tilraun hans til þess að auka líkur sínar á endurkjöri í kosningum í næsta mánuði. Tímaritið heitir „Hinn sanna saga Ítalíu. Á bak við tjöldin í stjórn Berlusconis“. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Lifrarverksmiðja hefur starfsemi í Súðavík:

# Fleiri störf verða til í Súðavík

**ATVINNUMÁL** Hraðfrystihúsið Gunnvör er að setja upp verksmiðju í Súðavík en þar verður lifur úr eldisfiski soðin niður. Fimm ný störf munu skapast í Súðavík en um fjörutíu störf töpuðust þar í bæ síðasta haust þegar rækjuvinnslu var hætt hjá Frosta. Að sögn Ómars Más Jónssonar sveitarstjóra hefur svipaður fjöldi starfa skapast síðan þá.

„Verksmiðjan á að fara í gang mjög fljótlega og lifrin fæst úr eldisfiskinum í Álftafirði en þaðan koma aðeins um þrettán til fimmtán hundruð tonn til slátrunar svo unnið er að því að fá hráefni annars staðar að svo hægt verði að vinna í þessu allt árið,“ segir Ómar Már.



**FRÁ SÚÐAVÍK** Fólki fækkar víðast hvar á Vestfjörðum en því er ekki fyrir að fara í Súðavík. Frekar er útlit fyrir að erfitt verði að manna störfin sem þar skapast en að fólk þurfi að flýja atvinnuleysi.

Nýverið hófst vinna í beituverksmiðju í Súðavík þar sem fimm manns starfa en þar er fyrirhugað að vinna á tvöföldum vöktum svo starfsmannafjöldinn mun jafnvel tvöfaldast. „Svo eru hér sex sumarhús fyrir erlenda stangveiðimenn sem Fjordfishing hefur umsjón með en þar er búið að fullbóka fyrir sumarið og bókanir hrúgast inn á það næsta. Eftir að hafa haft áhyggjur af því að fá vinnu fyrir fólk sem missti vinnuna er nú útlit fyrir að við stöndum gagnvart því skemmtilega vandamáli að leita eftir fólki til þeirra starfa sem hér eru að skapast,“ segir Ómar Már glettinn. - jse

Mannfall Dana í Írak:

## Hermaður féll í sprengingu

**DANMÖRK** Danskur hermaður lést í Írak um helgina þegar bíll sem hann var í ók yfir vegsprengju skammt frá bænum Al Harta. Maðurinn særðist það illa í sprengingunni að hann lést af sárum sínum á herspítala í grenndinni. Fengu félagar mannsins áfallahjálp.

Anders Fogh Rasmussen, forsætisráðherra Danmerkur, sagði atburðinn ekki hafa áhrif á veru danska hersins í Írak enda væri mikilvægt að lýðkjörnir fulltrúar Íraka ákvæðu framtíð landsins en ekki hryðjuverkamenn. Hann vottaði jafnframt fjölskyldu mannsins samúð sína. - ks



**UNDIRRITUN SAMNINGSINS Í PARÍS** Jérome Bon, aðstoðarforseti ESCP-EAP, og Þorlákur Karlsson, forseti viðskiptadeildar HR.

Háskólinn í Reykjavík:

## Í samstarf við skóla í París

**MENNTAMÁL** Forstöðumenn viðskiptadeildar Háskólans í Reykjavík og ESCP-EAP undirrituðu samstarfssamning um stúdentaskipti á ráðstefnu Fransk-íslenska viðskiptaráðsins í París hinn 21. mars.

ESCP-EAP er einn besti viðskiptaháskóli Frakka og er með útibú í London, Berlín, Madríd og Tórínó. Hann býður einvörðungu upp á nám á meistarastigi, bæði MSc og MBA-nám. Hann er í eigu Viðskiptaráðs og Iðnráðs Parísar, sem er svipuð eignaraðild og er hjá Háskólanum í Reykjavík. Kennsla fer fram bæði á frönsku og ensku. - shá

### DÓMSMÁL

**Deilt um samning** Vátryggingafélag Íslands var sýknað af kröfu manns sem taldi að komist hefði á bindandi vátryggingarsamningur símleiðis. Var ekki fallist á rök mannsins þar sem enginn skriflegur samningur eða tryggingaskírteini hafði verið gefið út.

# Hættir að lána fyrirtækjum

**Byggðastofnun hættir að veita lán en landsbyggðarfyrirtæki fá í staðinn ríkisábyrgðir á bankalán. Nýsköpunarsjóður veitir hlutafé en ekki lán til sprota- og nýsköpunarfyrirtækja af sölufé Símans.**

**ATVINNULÍF** Ríkið ætlar að hætta að veita fyrirtækjum lán en veita í staðinn styrki, hlutafé og lánsábyrgðir.

Fyrirtæki á landsbyggðinni munu ekki geta sótt um lán hjá Byggðastofnun fái frumvarp ríkisstjórnarinnar brautargengi. Þau fá ríkisábyrgð á lánum frá bönkunum gegn ábyrgðargjaldi, standist þau kröfur matsnefndar. Byggðastofnun verður að byggðasjóði og sameinast Iðntæknistofnun og Rannsóknarstofnun byggingariðnaðarins undir merkjum Nýsköpunarmiðstöðvar Íslands. Höfuðstöðvarnar verða á Sauðárkróki.

Valgerður Sverrisdóttir, iðnaðar- og viðskiptaráðherra, segir að með breytingunum dragi ekki úr fé til fyrirtækja á landsbyggðinni en hagræðingin verði mikil. Dæmi séu um að ríkið eigi nítíu prósent í fyrirtækjum á landsbyggðinni og komi breytingin í veg fyrir svo ríkt eignarhald. „Menn vissu ekki hvað aðrar stofnanir gerðu því starfsemi þeirra var svo dreifð. Nú sjáum við fyrir okkur miklu skilvirkara kerfi sem þýðir að fjármagnið verður betur nýtt og minna verður um mistök, ef þetta geta kallast mistök.“

Valgerður hræðist ekki að bankarnir krefji flest fyrirtæki á landsbyggðinni um ríkisábyrgð á lánum þeirra eftir breytingarnar. „Bankarnir hafa sinnt landsbyggðinni meira en var með auknu umfangi þeirra.“ Valgerður segir þó að þrátt fyrir það sé þörf fyrir byggðasjóð til að tryggja hag fyrirtækja á landsbyggðinni. Nýja kerfið verði endurmetið komi upp brotalamir á því ,en það sé byggt á erlendri fyrirmynd; frá Finnum, Skotum og Írum.

Byggðasjóður verður ekki einn um að fjármagna nýsköpun og atvinnuþróun innan Nýsköpunarmiðstöðvarinnar. Þar verður einnig Tækniþróunarsjóður, sem kemur að uppbyggingu sprotafyrirtækja á landinu, og Nýsköpunarsjóður atvinnulífsins, sem fær 2,5 milljarða næstu þrjú árin af söluandvirði Símans til ráðstöfunar.

Sameining stofnana er eitt umfangsmesta verkefni ráðuneytisins um árabil. Samhliða verður lögð áhersla á þekkingarsetur á Eglisstöðum, Ísafirði og Akureyri til að efla atvinnuþróun um allt land. Valgerður segir sóknarfærin liggja í þeim. Þau eigi að skapa nýjar hugmyndir og tækifæri á landsbyggðinni.

Starfsfólki stofnananna þriggja verður boðin vinna hjá Nýsköpunarmiðstöðinni og segir Valgerður að starfsfólki við hana muni fjölga, þó ekki sé vitað hve mikið. gag@frettabladid.is



**BREYTINGAR TIL HAGRÆÐINGAR** Valgerður Sverrisdóttir kynnti sameiningu Byggðastofnunar, Iðntæknistofnunar og Rannsóknarstofnunar iðnaðarins í Nýsköpunarmiðstöð Íslands í gær. Ríkisstjórnin telur breytinguna marka framsækna nýsköpunar-, atvinnu- og byggðaþróunarstefnu auk þess sem hagrætt verði í ríkisrekstri með því að opinberum stofnunum og sjóðum fækkar. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA




# Aðalfundur
## Actavis Group hf.



**AÐALFUNDUR Actavis Group hf. fyrir árið 2005 verður haldinn í dag, 28. mars, á Nordica Hótel, Reykjavík og hefst kl. 17.00.**

Á dagskrá fundarins eru:

1. Aðalfundarstörf samkvæmt 4.4. gr. samþykkta félagsins.
2. Önnur mál.

Ársreikningur félagsins liggur frammi til sýnis fyrir hluthafa á skrifstofu félagsins að Reykjavíkurvegi 76–78, Hafnarfirði.

*Hafnarfirði, 28. mars 2006,*
*stjórn Actavis Group hf.*

HVÍTA HÚSIÐ / SÍA

actavis
hagur í heilsu

*Actavis Group hf.* ¦ Reykjavíkurvegi 76-78 220 Hafnarfirði ¦ s 550 3300 f 550 3301 ¦ @ actavis@actavis.is ¦ w www.actavis.is www.actavis.com


Reykingabann í Skotlandi:

# Brotamenn verða sektaðir

**SKOTLAND** Reykingabann á næstum öllum opinberum stöðum í Skotlandi gekk í gildi á sunnudag. Þeir sem kveikja sér í sígarettu á krám eða kaffihúsum hér eftir verða umsvifalaust sektaðir á staðnum. Bannið hefur vakið misjöfn viðbrögð. Þrátt fyrir þessi hertu viðurlög ætlar meira en fimmti hver reykingamaður í Skotlandi að virða bannið að vettugi, samkvæmt niðurstöðum skoðanakönnunar breska ríkisútvarpsins BBC. ■




**REYKT FYRIR UTAN** Nú þurfa reykingamenn að fara út af krám og kaffihúsum til að svala nikótínþörf sinni.
NORDICPHOTOS/GETTY IMAGES



**SKURÐAÐGERÐ Á LANDSPÍTALA** Skurðlæknar vilja að sérstaða þeirra, ábyrgð og kröfur starfsins, verði viðurkennd í samningum við ríkið og metin að verðleikum.

Kjarasamningar ríkisins og Skurðlæknafélags Íslands:

# Ríkið viðurkennir ekki sérstöðuna

**KJARAMÁL** Skurðlæknafélag Íslands hefur haldið því fram lengi að þau kjör sem Læknafélag Íslands semur um fyrir lækna almennt séu ófullnægjandi fyrir skjólstæðinga félagsins. Skurðlæknafélagið hefur því ákveðið að semja um sín kjör óháð Læknafélaginu eftir að Félagsdómur úrskurðaði að félagið væri fullgilt stéttarfélag. Fjármálaráðuneytið hafði fram að því neitað félaginu um sjálfstæða samningagerð á þeim forsendum að aðstæður skurðlækna væru í engu frábrugðnar aðstæðum annarra lækna.

Helgi H. Sigurðsson, formaður Skurðlæknafélags Íslands, segir viðræðurnar enn á þjarkstiginu. „Við erum að reyna að útskýra fyrir þeim sérstöðu okkar sem þeir viðurkenna ekki ennþá. Ég tel líklegt að það verði átök.“ Hann segir að miklu meiri kröfur séu gerðar til vinnu skurðlækna en annarra lækna, sem hans félagsmenn ætlist til að verði metið að verðleikum.

Gunnar Björnsson, formaður samninganefndar ríkisins, segir að vinnan sé aðeins rétt að byrja. Félagið sé svo ungt að fyrst þurfi að kanna á hvaða grundvelli eigi að byggja samninginn. Tekist sé um hvort skurðlæknar hafi sérstöðu og hvort þeir teljist verktakar eða venjulegir starfsmenn.

- shá


IMPREZA SUBARU

# Góður í brekkunum og veit hvar þær eru




STAÐALBÚNAÐUR: 2.0 LÍTRA - 160 HESTÖFL, SÍTENGT FJÓRHJÓLADRIF, 16" ÁLFELGUR, KASTARAR Í STUÐARA... OG MARGT FLEIRA.

Beinskiptur Sedan **1.990.000,-** Sjálfskiptur Sedan **2.130.000,-** Beinskiptur Wagon **2.050.000,-** Sjálfskiptur Wagon **2.180.000,-**

**Ingvar Helgason** | Sævarhöfða 2 Sími 525 8000 www.ih.is | Opið: Mánudaga - föstudaga kl. 9:00–18:00 og laugardaga kl. 12:00–16:00

| Umboðmenn um land allt | Akureyri 461-2960 | Selfossi 482-3100 | Njarðvík 421-8808 | Höfn í Hornafirði 478-1990 | Reyðarfirði 474-1453 |
|---|---|---|---|---|---|

**TILBOÐ:**
Leiðsögutæki fylgir hverjum seldum Impreza

Garmin GPS leiðsögutæki með íslensku vega- og hálendiskorti. Virkar um allan heim og spilar MP3. Andvirði 96.550,-






# ALVÖRU BÓNUS -3 KR.

## Það er ekkert mál að lækka bensínverðið

*Bensínfrelsi Orkunnar er fyrirframgreitt eldsneytiskort sem þú sækir um á heimasíðu Orkunnar og færð svo sent án endurgjalds. Þegar greitt er með frelsiskorti lækkar eldsneytisverðið um 3 krónur í hvelli. Einfaldast er að millifæra inn á kortið í heimabanka en aðrar leiðir eru að sjálfsögðu færar. Nánari upplýsingar um kortið er að finna á www.orkan.is.*

ORKAN BENSÍN

ÞAÐ MUNAR UM MINNA

BENSÍNFRELSI SPARAÐU 3 KR. Í VIÐBÓT

Ingvar Víkingsson / FÍT

## „ORÐRÉTT“

### Líf eftir varnarliðið

**„Það er líf eftir þetta líf. Það vantar iðnaðarmenn alls staðar en maður veit ekki hvernig það verður. Stjórnmálamenn gera ekki neitt fyrir aðra en sjálfa sig. Að vissu leyti eru þeir að nýta sér ástandið núna en ég hef trú á því að þeir fari að snúa bökum saman án þess að blanda pólitík í það.“**

GUNNAR JÓHANNESSON, STARFSMAÐUR VARNARLIÐSINS. FUNDUR VAR HALDINN MEÐ BÆJARSTJÓRA REYKJANESBÆJAR OG FORSVARSMÖNNUM VERKALÝÐSFÉLAGA Á SUÐURNESJUM. FRÉTTABLAÐIÐ

### Kröfuharðar húsmæður

**„Ég hef boðið þessa þjónustu frítt fyrir húsmæður en engin hefur þegið það hingað til.“**

GUNNAR BJÖRNSSON. HANN GERIR SÓNARSKOÐUN Á KINDUM. FRÉTTABLAÐIÐ

*nær og fjær*
# tilveran



**HVAÐ ER AÐ FRÉTTA?** SIGURÐUR HJARTARSON

## *Býr á fallegasta stað á Íslandi*

„Hér er snjókoma, allt á kafi í snjó og búið að vera í viku eða meira,“ að sögn Sigurðar Hjartarsonar, sem sér um Hið íslenzka reðursafn á Húsavík. Safnið á um 170 reður og reðurhluta af lands- og sjávarspendýrum og um 200 listgripi og nytjahluti sem tengjast viðfangsefni safnsins. „Ég opna safnið fyrir hverjum sem er á hvaða árstíma sem er. Það er ekki opið á veturna en ég bý í tveggja mínútna fjarlægð. Ég er alltaf að fá ný eintök á safnið frá útlöndum. Einnig á ég önnur áhugamál. Ég er að skrifa og þýða og njóta lífsins og vonda veðursins. Ég bý á fallegasta stað á Íslandi, við Búðará. Þar er ég með endur í fóðri og gef þeim tvær máltíðir á dag, sker niður brauð handa þeim sem ég sníki í búðunum. Það er nóg að gera og gaman að lifa.“

Sigurður segist alfarið vera á móti mögulegri byggingu álvers á Bakka við Húsavík. „Ég skil samt vel að fólk vilji fá eitthvað í staðinn þegar ríkið tekur lífsbjörgina af fólkinu, fiskinn. Norðausturland hefur lítið haft annað en fisk. Þegar fiskurinn fer er ekkert í staðinn og erfitt að byggja upp eitthvað nýtt. Það skiptir fólk verulegu máli að það sé einhver drift hérna. Fólk vill góð kjör og grípur hvaðeina sem er í boði. Ég vil ekki að Ísland sé allsherjar drullupollur fyrir auðmagnið í heiminum og vil kýla á vistvænni búskap í framtíðinni. Við verðum að hugsa um börnin og framtíðina. Ætlum við að vera sóðaskapsframleiðendur í Evrópu? Við þurfum að fá tíma til að þróa eitthvað nýtt eða styrkja það sem fyrir er. Ég mundi vilja styrki til túrisma en Húsavík er merkilegasti hluti landsins og Þingeyingar eru gott fólk.“

## SJÓNARHÓLL

MATSSKÝRSLUR UM ÍSLENSKA BANKA



**MAGNÚS SKARPHÉÐINSSON** Formaður Sálarrannsóknafélagsins í Reykjavík.

### *Gott að fá gula spjaldið nú*

„Matsskýrslurnar um íslensku bankana undanfarið eru ágætis viðvörun um tímabundna ofhitnun í íslenska efnahagskerfinu,“ segir Magnús Skarphéðinsson, formaður Sálarrannsóknafélags Reykjavíkur, um þann neikvæða tón sem erlendar matsskýrslur hafa haft um stöðu íslenskra banka. Hafa þessar skýrslur leitt til þess að mikil óvissa ríkir á mörkuðum og tala erlendir miðlar um brunaútsölu á íslensku krónunni og hlutabréfum íslenskra fyrirtækja. Magnús telur þó að Íslendingar séu stórhuga og muni endast lengur í útrásinni þrátt fyrir þá neikvæðni sem ríki í erlendum miðlum. Umfjöllun erlendra fjölmiðla hefur þó ekki mikil áhrif á Magnús. „Útrás Íslendinga erlendis er engin bóla heldur komin til að vera enda sýnir hún stórhug og djörfung Íslendinga fram yfir flestar Evrópuþjóðir, einkum Norðurlandafrændur okkar.“ Og Magnús telur þetta vera viðvörun í tæka tíð. „Það er betra að fá gula spjaldið nú heldur en að fá rauða spjaldið of seint og verða að falla úr leik þá.“

# Bjargað úr rómantískri göngu

**Ekki voru allir í startholunum á laugardag þegar umfangsmesta almannavarnaæfing sem haldin hefur verið hérlendis, Bergrisinn, truflaði tilveru fólks í Vík í Mýrdal og nágrenni. Íbúar voru flestir vel með á nótunum en tilstandið kom skosku ferðamönnunum John og Jennifer La Trobe í opna skjöldu.**



**JENNIFER OG JOHN LA TROBE** Hjónin tóku því sem óvæntri og skemmtilegri ábót á góðri Íslandsför að vera allt í einu hirt úr rómantískri göngu á ströndinni og send í fjöldahjálparstöð Rauða krossins. FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA

„Við vorum bara í rómantískri göngu um ströndina við Vík þegar okkur var tjáð að við þyrftum að fara strax upp á fjöldahjálparstöð Rauða krossins að láta skrá okkur,“ segir Jennifer og hlær að öllu saman. Þá var verið að rýma hugsanleg hættusvæði í Vík og nágrenni til að æfa viðbrögð við Kötlugosi.

„Þetta var ekki inni í ferðaáætluninni en var bara skemmtileg og óvænt viðbót en okkur var þó svolítið brugðið þegar við komum að vegarkantinum því þar var greinilega mikið að gerast og lögreglubíll kom aðvífandi með blikkandi ljós,“ heldur Jennifer áfram. „Svo var okkur sagt að þetta væri aðeins æfing á viðbrögðum við eldgosi og þá var okkur létt,“ segir John.

Þau hjónakorn fóru í skráningu hjá Rauða krossinum en gátu svo haldið ferð sinni áfram en henni var heitið til Reykjavíkur en flugferð heim til Skotlands beið þeirra snemma morguninn eftir.

„Við erum búin að fara hringinn og höfum verið afar heppin með veður. Það hefur reyndar verið nokkuð kalt og vindasamt en það er nú varla við öðru að búast,“ heldur John áfram. Þau voru hæstánægð með Íslandsförina og luku lofsorði á hrjóstruga náttúru landsins.

„Þetta hefur verið spennandi dagur og margt óvænt borið að en ég vona að ekkert óvænt komi fyrir á heimleiðinni,“ segir Jennifer. Þá er það aðeins að vona að þessi ævintýrahjón séu komin heilu og höldnu til síns heima í Edinborg.



**BJÖRGUNARSVEITARMENN VIÐ FJÖLDAHJÁLPARSTÖÐ** FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA

jse@frettabladid.is




# Fjölþjóðlegt tónlistarstarf

Tónlistarstarfið á Ísafirði er með fjölþjóðlegu sniði og fá lærlingar nú að njóta alþjóðlegra strauma í námi sínu. Í tónlistarskóla bæjarins starfa nú sjö erlendir kennarar en einnig koma þangað erlendir gestir sem veita nemendum af þekkingu sinni.

Á meðal erlendra kennara er ungverski píanóleikarinn Beata Joó en á morgun heldur landi hennar Ilonu Lucz fyrirlestur og kennslustund fyrir þá nemendur sem lengst eru komnir. Hinir kennararnir eru frá Póllandi og Eistlandi.

„Ég kom hingað bara fyrir misskilning, má segja,“ segir Beata. „Ég var í partíi með íslenskum samnemanda úr Listaháskólanum í Búdapest og hann spurði mig hvort ég vildi ekki fara til Íslands um sumarið. Ég sagði bara já enda hélt ég að hann væri að spauga. En svo reyndist ekki vera og seinna fékk ég boð um það að mér byðist að vera organisti og kórstjóri hér á Ísafirði. Síðan eru liðin tuttugu ár og hér er ég enn svo þessi misskilningur reyndist heldur betur örlagaríkur,“ segir Beata og brosir við. ■



**BEATA JOÓ** Ein af sjö erlendum kennurum við Tónlistarskóla Ísafjarðar, Beata frá Ungverjalandi, situr hér við slaghörpuna. Á morgun kemur landi hennar Ilona Lucz til að ausa úr þekkingarbrunni sínum fyrir ísfirska tónlistarnema. FRÉTTABLAÐIÐ/JÓN SIGURÐUR

# Vaxtalaus tilboð

## Dupen rúmin eingöngu fáanleg í Hagkaupum Smáralind og á markaði Hagkaupa Óseyri 1 Akureyri

COLCHON DUPEN

DINAMICA



**VAXTALAUS TILBOÐ**

| Rúmstærð | verð frá | mánuðir | stgr. |
|---|---|---|---|
| 90 x 200 | 1.800 kr* | 13 mán. | 23.400.- |
| 120 x 200 | 2.300 kr* | 13 mán. | 29.900.- |
| 150 x 200 | 2.800 kr* | 13 mán. | 36.400.- |

COLCHON DUPEN

ORTOPEDICA



**VAXTALAUS TILBOÐ**

| Rúmstærð | verð frá | mánuðir | stgr. |
|---|---|---|---|
| 90 x 200 | 3.500 kr* | 13 mán. | 45.500.- |
| 120 x 200 | 4.600 kr* | 13 mán. | 59.800.- |
| 150 x 200 | 5.100 kr* | 13 mán. | 66.300.- |
| 180 x 200 | 6.000 kr* | 13 mán. | 78.000.- |

COLCHON DUPEN

IMPERIAL



90 x 200
53.300 kr
Fáanlegt m. vaxtalausum greiðslum í allt að 13. mán.

120 x 200
65.000 kr
Fáanlegt m. vaxtalausum greiðslum í allt að 13. mán.

150 x 200
76.700 kr
Fáanlegt m. vaxtalausum greiðslum í allt að 13. mán.

180 x 200
100.100 kr
Fáanlegt m. vaxtalausum greiðslum í allt að 13. mán.

*Stimpil- , seðil- og lántökugjald ekki innifalið.

- Hágæða efni með 100% bómull
- 9-10 lög af efnum í hverju rúmi
- Sérstök öndun í rúmunum
- Sérstaklega löguð rúm fyrir bakveika
- Dupen rúmin hafa slegið í gegn í 55 þjóðlöndum
- Þýskt gæða gormakerfi í rúmunum
- Í hverju rúmi eru allt að 416 gormar
- Sérstaklega styrkt í köntum og hornum
- Efnin í rúminu eru sérstaklega ofnæmisprófuð

Vaxtalaust tilboð!
aðeins
3.499 kr*
á mán. í 10 mánuði
Verð 34.990,-



**Svefnsófi**
3ja sæta
blár, svartur, rauður

Vaxtalaust tilboð!
aðeins
2.999 kr*
á mán. í 10 mánuði
Verð 29.990,-



**Svefnsófi**
3ja sæta
blár, svartur, rauður

Vaxtalaust tilboð!
aðeins
1.299 kr*
á mán. í 10 mánuði
Verð 12.990,-



**Stóll**
með snúningi
blár, svartur, rauður

Gildir til 3. apríl eða á meðan birgðir endast.

HAGKAUP
Skemmtilegast að versla

## Svona erum við
> Meðalfjöldi fanga frá 2002 til 2004




Heimild: Hagstofa Íslands

**baksvið**
*fréttir og fróðleikur*

**FBL GREINING:** INFLÚENSA

# *Skæður veirusjúkdómur*

Á vetri hverjum gengur yfir faraldur inflúensu sem leiðir til veikinda með fjarvistum frá vinnu og skóla og dauðsföllum meðal aldraða. Inflúensan kemur oftast hingað í desember eða janúar en gera verður ráð fyrir að upphaf inflúensufaraldursins geti verið frá október til mars. Yfirleitt tekur 2-3 mánuði fyrir faraldurinn að ganga yfir. Inflúensan gengur á suðurhveli jarðar á vetrartíma og berst síðan til norðurhvels jarðar þegar vetur gengur í garð þar.

**Hve margar tegundir veirunnar eru til?**
Þrjár tegundir veirunnar eru þekktar, inflúensa A, B og C, og tilheyra þær hópi svokallaðra orthomyxoveira. Sýkingar af völdum A og B inflúensuveiranna gefa hin dæmigerðu inflúensueinkenni, en einkenni við sýkingu með C-veirunni eru vægari en við sýkingu af völdum hinna tegundanna. Oftast er það inflúensa A sem veldur árlegum inflúensufaraldri. Stöðugt eiga sér stað lítilsháttar breytingar á erfðaefni inflúensu A veirunnar, sem leiða til minni háttar breytinga á mótefnavökum veirunnar, svokallaðs mótefnavakaflökts. Þessar breytingar orsaka hinn árlega inflúensufaraldur og af sömu ástæðu er nauðsynlegt er að endurbólusetja gegn inflúensunni á ári hverju og öðlast þannig vörn gegn þeim inflúensustofnum sem ganga hverju sinni.

**Hvernig smitast inflúensa?**
Veiran berst manna á milli með hósta og hnerra sem dropa- og loftborið smit og einnig með höndum sem snertismit. Sýktur einstaklingur getur smitað sólarhring áður en einkenna verður vart og getur haldið áfram að smita í allt að 3-5 daga eftir að veikindi hefjast. Börn geta smitað lengur en viku eftir að einkenna verður vart.



**Hver eru sjúkdómseinkennin?**
Inflúensa er frábrugðin venjulegu kvefi því einkenni hennar koma snöggt. Helstu einkenni sýkingarinnar eru hár hiti, höfuðverkur og beinverkir, þurr hósti, hálssærindi og nefrennsli. Hjá börnum eru ógleði, uppköst og kviðverkir algeng einkenni. Einkennin geta einnig verið mildari og líkst kvefi. Eftir nokkra daga batnar líðanin og eru flestir orðnir hitalausir eftir 3-5 daga en slappleiki og hósti getur verið til staðar mun lengur.

Heimild: landlaeknir.is

## SPURT & SVARAÐ
OPINBERAR STOFNANIR



**MAGNÚS ÞÓR HAFSTEINSSON**
Þingmaður Frjálslynda flokksins.

### *Stofnanir út á land*

Magnús Þór Hafsteinsson, þingmaður Frjálslynda flokksins, stakk upp á því að Hagstofan yrði flutt út á land, á sama tíma og kunngert var að opinberum störfum á landsbyggðinni hefur fækkað síðustu átta árin þrátt fyrir að stjórnvöld hafi sett sér það markmið að fjölga þeim. Á sama tíma hefur opinberum störfum fjölgað í höfuðborginni.

**Af hverju viltu Hagstofu út á land?**
Ég tel að það myndi skapa störf fyrir fólk sem býr úti á landi og þá sérstaklega fyrir konur, sem oft eiga erfitt með að finna störf við sitt hæfi. Til dæmis er mikill meirihluti þeirra sem eru á atvinnuleysisskrá á Vestfjörðum konur. Ég tel og að þetta séu störf sem vel er hægt að vinna úti á landi eins og tæknin er. Reynslan bæði hér og í Noregi sýnir það líka að þetta geta vel verið mjög velheppnaðar byggðaraðgerðir.

**Af hverju telur þú að mistekist hafi að fjölga opinberum störfum á landsbyggðinni?**
Ég held að það hafi ekki verið raunverulegur vilji þarna á bak við loforðin. Ríkisstjórnina hefur skort kjark og þor til að fara út í þetta. Þetta er enn eitt dæmið um sinnuleysið í byggðamálum.

**Eru fleiri störf sem þú vildir flytja út á land?**
Ég hef nefnt það líka að Þjóðskráin gæti farið út á land. En einnig mætti nefna rannsóknarstofnanir, alls konar þjónustustofnanir við atvinnuvegina, skjalasöfn og stofnanir sem eru með tölvuvistun og fleira.

# Appelsínugul öfl vilja fylkja liði

**Þótt talningu atkvæða væri hvergi nærri lokið í gær voru þreifingar strax hafnar milli klofningsfylkinga „appelsínugulu byltingarinnar“ um myndun samsteypustjórnar, í því skyni að hindra að erkióvinurinn, Rússlandsholli stjórnarandstöðuleiðtoginn Viktor Janúkovítsj, kæmist til valda.**



JANÚKOVÍTSJ SIGURVEGARI Flokkur Rússlandshollra Úkraínumanna, Héraðaflokkurinn, fékk mest fylgi og kemur höfuðandstæðingi Júsjenkós í lykilaðstöðu á þingi. Hann sést hér mæta á kjörstað ásamt eiginkonu sinni í Kíev á sunnudag. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Samkvæmt fyrstu tölum sem kjörstjórnin birti í gær fékk flokkur Janúkovítsj, Héraðaflokkurinn, tæplega fjórðung atkvæða. Þar með yrði hann stærsti flokkurinn á þingi. Næstur kemur flokkur Júlíu Tímosjenkó, fyrrverandi forsætisráðherra sem sinnaðist í fyrrahaust við Viktor Júsjenkó, forseta og leiðtoga „appelsínugulu byltingarinnar“, með tæp 24 prósent atkvæða. Flokkur Júsjenkós sjálfs, Okkar Úkraína, fékk aðeins um sautján prósent atkvæða samkvæmt fyrstu tölum.



Alls voru 45 flokkar í framboði, en þrjú prósent þröskuldurinn hindrar flesta þeirra í að fá menn kjörna á þing. 450 fulltrúar eiga sæti á Úkraínuþingi.

**Staðfestir klofning þjóðarinnar**
Flokkur Janúkovítsj nýtur yfirburðafylgis í hinum rússneskumælandi austur- og suðurhéruðum Úkraínu. Flokkur Tímosjenkó var í öruggri forystu í mið- og vesturhluta landsins. Flokkur Júsjenkós var hvergi stærstur nema í tveimur af 25 héruðum Úkraínu.

Júsjenkó þarf ekki að örvænta um eigið embætti í þessum kosningum, en hið nýkjörna þing mun njóta stóraukinna valda eftir stjórnarskrárbreytingar sem gengu í gildi með kosningunum nú. Það er á valdi þingsins að útnefna forsætisráðherrann og reyndar flesta ráðherrana í ríkisstjórninni. Þar sem enginn flokkur mun ráða yfir meirihluta er næsta skref að mynda starfhæfan þingmeirihluta.

Við blasir að Janúkovítsj og Tímosjenkó munu takast á um forsætisráðherrastólinn. Janúkovítsj hraktist úr forsetastóli í árslok 2004 eftir að verða uppvís að kosningasvikum og Júsjenkó sigraði hann er kosningarnar voru endurteknar. Júsjenkó rak Tímosjenkó úr forsætisráðherraembættinu í haust sem leið. Hvorugur kosturinn er því forsetanum mjög að skapi.

„Héraðaflokkurinn hefur unnið sannfærandi sigur,“ sagði Janúkovítsj eftir að flokki hans var spáð forystu í þremur útgönguspám. „Við erum tilbúin að axla ábyrgðina á myndun nýrrar ríkisstjórnar og við skorum á alla að ljá okkur lið,“ lýsti hann yfir.

**Júsjenkó þegir**
Roman Zvarych, einn kosningastjóra flokks Júsjenkós, sagði að bráðabirgðabókun um myndun samsteypustjórnar „appelsínugulu“ flokkanna væri hægt að undirrita strax.



JÚLÍA TÍMOSJENKÓ Forsætisráðherraefni „appelsínugulra“. FRÉTTABLAÐIÐ/AP



JÚSJENKÓ FORSETI Beið lægri hlut.

Ekki þótti hins vegar boða gott fyrir slíkt samstarf að Júsjenkó lét ekkert hafa eftir sér um það. Tímosjenkó tók fram að hún hefði reynt að hringja í forsetann en aðeins getað skilið eftir skilaboð og beðið um fund með honum.

„Það er engin önnur leið,“ sagði Tímosjenkó í ummælum sem höfð voru eftir henni á sjónvarpsstöðinni TV5. „Samstarf er eini valkosturinn“. Roman Bezsmertniy, kosningastjóri flokks Júsjenkós, hvatti Tímosjenkó til að eiga frumkvæðið að slíkri samfylkingu. „Samkomulag um bókunina er nærri því frágengið ... en með einni leiðréttingu; hinn sigraði getur ekki átt frumkvæðið,“ sagði Bezsmertniy.

Margir stjórnmálaskýrendur töldu líklegast að leiðtogar „appelsínugulu“ flokkanna myndu undirrita samkomulag til að koma til móts við vilja kjósenda, en spáðu því að babb kæmi í bátinn þegar að því kæmi að semja um það hver fengi hvaða embætti.

Jaroslav Davydovitsj, formaður yfirkjörstjórnar, sagði að talningu lyki sennilega ekki fyrr en komið yrði fram á þriðjudag. Formleg úrslit kosninganna eiga að liggja fyrir í síðasta lagi hinn 5. apríl. Um leið og endanleg úrslit hafa verið birt hefur hið nýkjörna þing þrjátíu daga frest til að koma saman. Mánuði síðar verður samkomulag um þingmeirihluta að liggja fyrir. Þegar tekist hefur að mynda þingmeirihluta hefur hann þrjátíu daga frest til að mynda ríkisstjórn. Ef ekki tekst að mynda starfhæfa meirihlutastjórn getur forsetinn leyst þingið upp og boðað strax til nýrra þingkosninga. Stjórnmálaskýrendur spá því að allt stjórnarmyndunarferlið kunni að teygja sig fram í júlímánuð.

**Áfram stefnt að ESB-nálgun**
Fulltrúar Evrópusambandins og Öryggis- og samstarfsstofnunar Evrópu, sem fylgdust með framkvæmd kosninganna, lýstu því yfir í gær að þær virtust hafa farið vel fram.

Benita Ferrero-Waldner, sem fer með utanríkismál í framkvæmdastjórn Evrópusambandsins, hvatti næstu ríkisstjórn Úkraínu til að halda áfram á þeirri braut að efla tengsl Úkraínu við ESB. Það myndi ekki standa á ESB að styðja áfram við slíka viðleitni Úkraínumanna. Fulltrúar ESB hafa þó hingað til ekki viljað gera Úkraínumönnum of miklar vonir um að fá fulla aðild að sambandinu. Næsti áfangi að nánari tengslum gæti falist í fríverslunarsamningi.

Janúkovítsj og fylgismenn hans vilja að Úkraína haldi í náin tengsl við Rússland og valdhafa í Moskvu, ólíkt Júsjenkó og fylgismönnum hans, sem vilja sem nánust tengsl í vestur og stefna á aðild bæði að ESB og NATO. Janúkovítsj er jákvæður fyrir inngöngu í Evrópusambandið en hafnar frekari nálgun að NATO - enda fellur hún illa í kramið í Kreml.



FRÉTTASKÝRING
AUÐUNN ARNÓRSSON
audunn@frettabladid.is

## Kosningaúrslit í Úkraínu

Þegar rúmlega 35% atkvæða höfðu verið talin:



**Okkar Úkraína**
Flokkur Júsjenkós forseta
16,5%



**Flokkur Júlíu Tímosjenkó**
23,7%



**Héraðaflokkurinn**
Flokkur Janúkovítsj
26,8%

Heimildir: AP, KRT © 2006 KRT

STARFSMENNTUN

**Bókhald**

Sérlega hagnýtt námskeið fyrir þá sem þurfa að ná tökum á bókhaldi fyrirtækisins sem og öllum þeim sem vilja styrkja stöðu sína á vinnumarkaði með aukinni menntun.

Kenndur er verslunarreikningur, meðferð og reglur um virðisaukaskatt, bókhaldsgrunnur í handfærðu bókhaldi og tölvufært bókhald í Navision.
Kennsla byggir á fyrirlestrum og verklegum æfingum með raunveruleg fylgiskjöl, þau merkt og færð með tilheyrandi uppgjöri og útskriftum. Þátttakendur þurfa að hafa grunnkunnáttu í Excel. Prufuútgáfa fylgir.

Lengd: 110 std. Verð: kr. 86.000,- Morgun og kvöldnámskeið hefjast 30. mars (Páskafrí 8. - 18. apríl).

TÖLVUSKÓLINN ÞEKKING
Faxafen 10 • 108 Reykjavík • Sími: 544 2210 • www.tsk.is • skoli@tsk.is

## KAUPHÖLL ÍSLANDS* *[Hlutabréf]*

* KLUKKAN 14.15 í gær.

**ICEX-15** 5.957 **+2,38%** **Fjöldi viðskipta:** 596 **Velta:** 4.823 milljónir

| MESTA HÆKKUN | | MESTA LÆKKUN | |
|---|---|---|---|
| FL Group | +4,29% | Marel | -3,01% |
| Mosaic Fashions | +4,07% | Atorka | -1,63% |
| Glitnir | +3,53% | Avion | -0,48% |

**HLUTABRÉF Í ÚRVALSVÍSITÖLU:** Actavis 61,00 +3,39% ... Alfesca 4,03 +3,33%... Atorka 6,05 -1,63% ... Bakkavör 52,20 -0,38% ... Dagsbrún 7,01 +0,72% ... FL Group 21,90 +4,29% ... Flaga 3,17% ... Glitnir 17,60 +3,53% ... KB banki 830,00 +2,47% ... Kögun 75,00 +0,13% ... Landsbankinn 25,40 +2,01% ... Marel 70,80 -3,01% ... Mosaic Fashions 17,90 +4,07% ... Straumur-Burðarás 17,30 +2,37% ... Össur 113,50 +0,89%

# viðskipti

Umsjón: MARKAÐURINN nánar á visir.is



**STJÓRNENDUR Í AVION GROUP** Skrifað hefur verið undir viljayfirlýsingu um kaup Eimskips á helmingshlut í Innovate, bresku landflutningafyrirtæki.

# Eimskip kaupir helming í Innovate

## Vinnur að kaupum á færeysku landleiðinni.

Eimskip eignast helming hlutafjár í breska landflutningafyrirtækinu Innovate Holdings fyrir lok apríl. Samkomulag er milli aðila um að Eimskip eignist félagið að fullu síðar en stjórnendur Innovate munu halda áfram störfum.

„Innovate Holdings er leiðandi fyrirtæki í frysti- og kæliflutningum í Bretlandi og vill vaxa frekar," segir Baldur Guðnason, forstjóri Eimskips. „Hluti af okkar stefnu er að vaxa með innri og ytri vexti."

Velta Innovate er áætluð fimmtán milljarðar króna á þessu ári en fyrir stuttu tvöfaldaðist félagið að stærð með kaupum á sambærilegu fyrirtæki. Fyrirtækið rekur 25 vörugeymslur á ellefu stöðum á Bretlandseyjum og er geymslugetan 370 þúsund tonn, eða fimmtíuföld geymslugeta Eimskips á Íslandi. Meðal viðskiptavina Innovate má nefna Tesco, Sainsbury´s, Nestlé og Northern Foods.

Baldur segir að Eimskip hafi haft mikinn áhuga á að fara inn á breska markaðinn sem stendur framarlega á þróun á kældri matvöru. Með þessu geti félagið aukið þjónustu við sína viðskiptavini en jafnframt boðið öðrum fyrirtækjum á borð við Bakkavör og Icelandic upp á sambærilega þjónustu.

Kaupverð hlutanna fæst ekki gefið upp en Glitnir annaðist ráðgjöf vegna kaupanna.

Jafnframt hafa stjórnendur Eimskips greint frá því að þeir séu að ganga frá kaupum á landflutningaleiðinni í Færeyjum sem hefur verið í höndum opinberra aðila.

**- eþa**

# Avion Group skilar bættri framlegð

Tap af rekstri Avion Group á fyrsta ársfjórðungi reikningsársins, sem lauk í lok janúar, nam 9.942 milljónum Bandaríkjadala sem samsvarar um 715 milljónum króna. Afkoman var í takt við væntingar stjórnenda en hafa ber í huga að hagnaður fyrirtækisins myndast á seinni hluta ársins.

Tap félagsins minnkaði snarlega á milli ára og varð rekstrarhagnaður samstæðunnar fyrir afskriftir (EBITDA) jákvæður um 8,21 milljón dala en var neikvæður að upphæð 5,2 milljónir dala á fyrsta fjórðungi árið 2005. Framlegðarhlutfallið, það er EBITDA af rekstrartekjum, var 2,6 prósent.

Tekjur félagsins á tímabilinu námu um 321 milljón dala og jukust um 84 prósent frá fyrsta ársfjórðungi í fyrra. Kostnaður var 332 milljónir dala og jókst um 71 prósent.

Rekstur dótturfélaga Avion er nokkuð sveiflukenndur. Varð mikið tap af starfsemi Excel Airways í Bretlandi en gott jafnvægi í rekstri Air Atlanta og Eimskips, en bæði fyrirtækin skiluðu auknum rekstrarhagnaði fyrir afskriftir á milli ára.

**- eþa**


MUNDU EFTIR VISA AFSLÆTTINUM!




Bókaðu bíl með Avis í mars og borgaðu með VISA

VISA

Hafðu samband við sölufulltrúa okkar í síma 591 4000
eða bókaðu bíl á www.avis.is

We try harder.

Við leggjum okkur fram

AVIS

Knarravogi 2 / Sími: 591 4000 / www.avis.is

VENDU ÞIG VIÐ GÆÐI – VENDU ÞIG VIÐ EIRVÍK



Miele

Miele S381 Tango Plus ryksuga
með 1800W mótór
Verð áður kr. 22.800

Tilboð:
kr. 15.960

Fæst nú bæði í rauðu og ljós-grábláu

Miele ryksugur á einstöku tilboðsverði

30% afsláttur

Verið velkomin í Eirvík og kynnið ykkur Miele heimilistækin í einni glæsilegustu heimilistækjaverslun landsins.

Miele Tango ryksugur, fást nú
hjá eftirtöldum aðilum á tilboðsverði:

GEISLI
Flötum 29, Vestmannaeyjum

LJÓSGJAFINN
Glerárgötu 34, Akureyri

Tilboðið gildir á meðan birgðir endast.

EIRVÍK
– hágæðaheimilistæki
Suðurlandsbraut 20 - 108 Reykjavík
Sími 588 0200 - www.eirvik.is




4,95% VEXTIR

SUMARHÚSALÁN

Talaðu við okkur ef þú ætlar að byggja, kaupa eða breyta sumarhúsi. Komdu til okkar í **Lágmúla 6**, hringdu í **540 5000** eða sendu okkur póst á **frjalsi@frjalsi.is**.
Við viljum að þér líði líka vel um helgar!

FRJÁLSI
FJÁRFESTINGARBANKINN

# skoðun

## FRÁ DEGI TIL DAGS

**Fátækt sem féþúfa**
„Hvaðan kom annars sú hugmynd að gera fátæktarkjör að féþúfu fyrir skattakló hins opinbera," spyr Stefán Ólafsson prófessor í grein í Morgunblaðinu síðastliðinn laugardag þar sem hann fjallar um vaxandi skattbyrði eldri borgara og öryrkja. „Þjóðinni hefur verið sagt að skattar væru að lækka. Þvert á móti hafa skattar á almenning hækkað meira en í nokkru öðru OECD ríki frá 1995 til 2004 um leið og skattar á fyrirtæki og stóreignafólk hafa lækkað," segir Stefán.

**Jóhanna Sigurðardóttir**
þingmaður Samfylkingarinnar fékk í síðustu viku svör frá Árna Mathiesen fjármálaráðherra um skattbyrði. Fram kemur í svarinu að skattbyrðin er meiri nú en árið 1995 hjá öllum tekjuhópum nema þeim sem hæstar hafa tekjurnar.



Stendur eitthvað um þetta í stjórnarsáttmálanum frá 1995?

**Sjúkdómar sem féþúfa**
Lífshættulega veikur af krabbameini sendi Árni Heimir Jónsson menntaskólakennari þingmönnum bréf í síðustu viku þar sem hann vekur athygli þeirra á því að 53 þúsund króna styrkur, sem hann sótti um og fékk úr sjúkrasjóði Kennarasambands Íslands, teljist tekjur og sé því skattlagður. Þá var útlagður kostnaður Árna Heimis orðinn 106 þúsund krónur vegna læknisþjónustu og rannsókna. Árni Heimir segir svo: „Mér finnst þetta afar ósanngjörn skattheimta... Mér stendur að sjálfsögðu til boða að höfða mál fyrir dómstólum til að reyna að fá þessu hnekkt en bæði er það að ekki er á vísan að róa hvort mér endist ævin til þess að standa í tímafrekum málaferlum og svo er hitt að kostnaðurinn verður ávallt meiri en óviss ávinningur." Árni Heimir kveðst í bréfinu ekki trúa því að löggjafinn hafi ætlast til að lífsnauðsynleg læknishjálp yrði að skattstofni fyrir ríkið og biður þingmennina um að breyta lögunum. „Mér er ljóst að það eru miklar annir á þinginu og það stendur stutt, en það rennur úr fleiri tímaglösum þessa dagana."
Hvaðan kom annars sú hugmynd að gera lífshættulega sjúkdóma að féþúfu fyrir skattakló hins opinbera?

johannh@frettabladis.is

SJÓNARMIÐ
JÓN KALDAL

Andúð á stjórnarháttum ríkisstjórnar George W. Bush má ekki færast yfir á land hans og þjóð.

## Mikilvægi Bandaríkjanna

Það er ótrúlegt til þess að hugsa hversu mjög vinsældum og virðingu Bandaríkjanna hefur hnignað á örfáum árum í samfélagi þjóðanna. Við upphaf síðasta áratugar, eftir fall járntjaldsins, stóðu Bandaríkjamenn uppi sem sigurvegarar í hugmyndafræðilegri baráttu milli austurs og vesturs og virtust reiðubúnir að taka að sér hlutverk réttsýnnar alheimslögreglu; boðberar lýðræðis og frelsis.

Og þeir fóru sannfærandi af stað í þessu hlutverki, sem má segja að þjóðir heims hafi ekki síður falið þeim en þeir sóst eftir. Bandaríkjamenn leiddu bandalagið sem kom herjum Saddams frá Kúvæt í aðgerðum sem Sameinuðu þjóðirnar lögðu blessun sína yfir og þeir skárust í leikinn á Balkanskaga þegar fullreynt var að þjóðir Evrópu gætu stöðvað hörmungarnar þar.

*Óvild í garð Bandaríkjanna er áberandi víða um Evrópu og auðvelt er að sjá ýmis merki um hana hér á landi.*

Innan við áratug frá því að Bandaríkjamenn komu böndum á Milosevic og böðla hans er hins vegar sú skoðun sívaxandi á heimsvísu að ágeng utanríkisstefna Bandaríkjanna sé mesta ógnin við heimsfriðinn. Hvað gerðist?

Innrás Bandaríkjanna í Írak er meginorsökin fyrir þessu breytta viðhorf. Þrátt fyrir að ríkisstjórnir fjölmargra Evrópulanda hafi lýst yfir stuðningi við aðgerðir Bandaríkjanna í Írak hefur meirihluti almennings Evrópu alla tíð verið andsnúinn hernaðinum. Sú andstaða hefur aðeins aukist þau þrjú ár sem eru nú liðin frá innrásinni enda ljóst að hernám Íraks er fullkomlega misheppnað. Landið riðar á barmi borgarastyrjaldar og tilvera hins almenna Íraka er mun verri en á stjórnardögum Saddams.

Óvild í garð Bandaríkjanna er áberandi víða um Evrópu og auðvelt er að sjá ýmis merki um hana hér á landi. Væntanlegur viðskilnaður Varnarliðins verður örugglega olía á þann eld.

Full ástæða er hins vegar til að sporna við þessum tilhneigingum og í því sambandi er mikilvægt að gera skýran greinarmun á ríkisstjórn George W. Bush annars vegar og Bandaríkjunum hins vegar.

Bandaríkjamenn sjálfir eru langt í frá sáttir við störf forseta síns. Í nýlegri skoðanakönnun CBS-sjónvarpsstöðvarinnar náði Bush þeim vafasama áfanga að verða fyrstur bandarískra forseta, frá því sjónvarpsstöðin hóf skoðanakannanir sínar, til þess að fá þá umsögn að meira en helmingur aðspurða taldi honum standa á sama um fólkið í landinu. Þegar spurt var um ánægju með störf hans almennt voru aðeins 37 prósent aðspurðra sátt við þau.

Eins og aðrar Evrópuþjóðir þurfum við Íslendingar að gæta þess að andúð á stjórnarháttum ríkisstjórnar George W. Bush færist ekki yfir á land hans og þjóð. ■

## Um „skaðlega" umræðu

Í DAG
UMRÆÐAN Á ÍSLANDI



VALGERÐUR BJARNADÓTTIR

*Sjálfstæðisflokkurinn klikkaði í utanríkismálunum eftir 1990 og þess vegna erum við ekki í Evrópusambandinu og viðskiptaráðherrann hefur því tækifæri til að gera sig að hálfgerðu viðundri með því að stinga upp á því að taka upp evruna án þess að vera í þeim klúbbi.*

Fréttamenn eiga ekkert að vera að tala við útlendinga um íslensk utanríkismál. Einhvern veginn svona komst íslenskur ráðherra að orði við fréttamann sem aflaði sér upplýsinga um íslensk málefni í útlöndum fyrir einhverjum árum. Svei mér, ef það fylgdi ekki að slíkt ylli bara óróa og ruglingi á Íslandi. Þetta rifjast upp núna þegar Moggi telur sig þurfa heilt Reykjavíkurbréf til að svara gagnrýni um að hann birti skýrslur sem ýmsar greiningardeildir útlenskra fyrirtækja gera um íslensku bankana. Svolítið skrítin staða sem álitsgjafi numero uno er kominn í, hingað til hefur sú stofnun ekki talið sig þurfa að skýra mál sitt eða málflutning að einu eða neinu leyti. En svona er nú lífið undarlegt að stundum fer það sem var uppi niður og það sem var niðri upp og enginn veit sína ævina fyrr en öll er og allt það.

Það er ábyggilega ekki séríslensk árátta að vilja einungis að sagt sé frá því sem kemur sér vel og ekki hinu sem miður fer eða kemur sér illa, eða er orðatiltækið um að drepa sendiboðann ekki einmitt sprottið af þessari tilhneigingu mannskepnunar? Á hinn bóginn er þessi árátta mjög rík í okkur Íslendingum sem má kannski rekja til þess að við virðumst alltaf vera tíu til tuttugu árum á eftir þeim ríkjum sem við teljum okkur vera í flokki með, það er vestrænum lýðræðisríkjum, þegar kemur að samfélagsbreytingum ýmiss konar. Höft voru ekki afnumin á Íslandi fyrr en í upphafi sjöunda áratugarins, við gengum ekki í EFTA fyrr en 1970 eða tíu árum eftir að fyrirbrigðið var stofnað. Sjálfstæðisflokkurinn klikkaði í utanríkismálunum eftir 1990 og þess vegna erum við ekki í Evrópusambandinu og viðskiptaráðherrann hefur því tækifæri til að gera sig að hálfgerðu viðundri með því að stinga upp á því að taka upp evruna án þess að vera í þeim klúbbi.

Hvað kemur það svo sem Evrópusambandinu við hvort fólk vill hafa sitt í friði eða ekki, hvort viðeigandi sé að menn séu gasprandi um alla hluti alls staðar, er von að einhver spyrji. Það sem við er átt er að værum við hluti af stærri heild eru vonir til að við áttuðum okkur frekar á að við erum ekki eyland í stjórnmálalegri, efnahagslegri og reyndar ekki neinni huglægri merkingu. Við erum nefnilega bara landfræðilegt eyland. Þess vegna skiptir það sem við gerum umheiminn máli og það sem gerist í umheiminum skiptir okkur máli. Valdhafar undanfarinna ára hafa sumir hverjir að minnsta kosti haldið því fram að smæðar okkar vegna sé lítið vit í að taka þátt í milliríkjasamstarfi eins og því sem stundað er innan Evrópusambandsins. Það virðist af sama meiði að sumir þeirra virðast stundum hafa haldið að ekki skipti máli hvaða orðum þeir fara um þetta samstarf, líkt og það sem æðstu menn þjóðarinnar segja um samstarfs- og vinaþjóðir hér á skerinu fréttist aldrei til útlanda.

Á sama tíma og hinum ábyrgu þótti ekkert athugavert að tala eins og götustrákar um samstarf annarra þjóða í Evrópu, mátti venjulegt fólk á Íslandi ekki tala um hinn stóra þáttinn í íslenskum utanríkismálum nema á einn veg. Jafnvel eftir að öllu sæmilega skynsömu fólki, sem nennti að hugsa um þá hluti, var ljóst að einhverjar meiri háttar breytingar hlytu að verða á tilhöguninni á Keflavíkurflugvelli var bannað að ræða þá hluti. Það var ekki bara bannað að hafa þá skoðun að hægt væri að haga vörnunum öðru vísi en gert var, það var líka bannað að velta því fyrir sér hvort það væri hægt. Moggi segir það skyldu fjölmiðla að upplýsa lýðinn um allar hliðar mála hvort heldur þær henta valdhöfum eða fyrirtækjaeigendum eða ekki. Nú ætti kannski að útskýra fyrir okkur hvernig þetta fer saman við að hingað til hafa allir sem hafa svo mikið til orðað að breyta mætti fyrirkomulagi varna landsins annað hvort verið afgreiddir sem nytsamir sakleysingjar eða eitthvað í átt við landráðamenn.

En kannski er það bara einfaldlega svo að menn haldi að á meðan ekki er talað um hlutina þá séu þeir ekki til. Út af fyrir sig get ég ekki séð neina aðra skýringu á þeirri stöðu sem ríkisstjórnin er búin að koma þjóðinni í í utanríkismálum.

HHS á Bifröst

„Ég valdi námið í HHS einkum vegna þess að það veitir góðan alhliða undirbúning fyrir nánast hvað sem ég ákveð að taka mér fyrir hendur í framtíðinni. Þessar þrjár greinar; heimspeki, hagfræði og stjórnmálafræði eru að mínu mati undirstöður nútíma samfélags. Námið er bæði krefjandi og áhugavert auk þess sem hópandinn er góður í deildinni og kennararnir færir á sínu sviði. Verkefnaálag og lestur er mikill, en verkefnin eru raunhæf og endurspegla vel hugmyndafræðina á bakvið námið."



**Hlédís Sveinsdóttir**, nemandi við félagsvísinda- og hagfræðideild.

Frekari upplýsingar:
www.hhs.is

VIÐSKIPTAHÁSKÓLINN BIFRÖST

311 Borgarnes | Sími 433 3000

Stjórnenda- og leiðtogaskóli í 88 ár

MARKAÐURINN
Mest lesna viðskiptablaðið
FYLGIR FRÉTTABLAÐINU ALLA MIÐVIKUDAGA

Samkvæmt fjölmiðlakönnun Gallup október 2005.



AUGLÝSINGASÍMI
550 5000

FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUFÉLAG: 365 – prentmiðlar RITSTJÓRAR: Kári Jónasson og Þorsteinn Pálsson FRÉTTARITSTJÓRI: Sigurjón M. Egilsson AÐSTOÐARRITSTJÓRI: Jón Kaldal FRÉTTASTJÓRI: Arndís Þorgeirsdóttir VARAFRÉTTASTJÓRI: Trausti Hafliðason RITSTJÓRNARFULLTRÚI: Steinunn Stefánsdóttir RITSTJÓRN OG AUGLÝSINGAR: Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **AÐALSÍMI: 550 5000** SÍMBRÉF Á FRÉTTADEILD: 550 5006 NETFÖNG: **ritstjorn@frettabladid.is** og **auglysingar@frettabladid.is** VEFFANG: **visir.is** UMBROT: 365 – prentmiðlar PRENTVINNSLA: Ísafoldarprentsmiðja ehf. DREIFING: Pósthúsið ehf. **dreifing@posthusid.is** Fréttablaðinu er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu, Suðurnesjum og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. issn 1670-3871



## NÝIR GAMLIR KJÓLAR

Fermingarstelpur leita til fortíðar við val á fermingarfötum

FERMING 2



## HJÓLAÐ MEÐ BÖRNIN

Mikilvægt er að gæta fyllsta öryggis þegar hjólað er með börn

HEILSA 4



## ALLT HITT

**[FERMINGAR OG HEILSA]**

**Málstofa** lyfjafræðideildar við Háskóla Íslands um lyfjafræðilega umsjá í apótekum fer fram í dag. Málstofunni er stjórnað af Aðalheiði Pálmadóttur og fer hún fram í Haga á Hofsvallagötu 53.



**Fermingargjafabréf** er nýr valkostur hjá Iceland Express. Boðið er upp á gjafabréf í öll flug flugfélagsins frá upphæð tvö þúsund og upp úr. Gjafabréfin gilda í tvö ár.

**Nýtt** fréttablað ISF, Icland Spa and fitness, kom út fyrir stuttu. Í blaðinu er meðal annars viðtal við Unni Birnu, kynning á nýjum námskeiðum, ný tilboð og margt fleira.

**Ný** göngudeild og dagdeild fyrir átröskunarsjúklinga hefur verið opnuð í tengslum við ferli- og bráðamóttöku geðsviðs LSH við Hringbraut. Göngudeildin hóf starfsemi 1. febrúar 2006 en dagdeildin fimmtudaginn 23. mars 2006.

## GÓÐAN DAG

**Í dag er þriðjudagurinn 28. mars, 87. dagur ársins 2006.**

| | Sólarupprás | Hádegi | Sólarlag |
|---|---|---|---|
| Reykjavík | 7.00 | 13.33 | 20.07 |
| Akureyri | 6.43 | 13.17 | 19.54 |

*Heimild: Almanak Háskólans*

Smáauglýsingasími
550 5000
Auglýsingasími Allt
550 5880
Þú getur pantað smáauglýsingar á visir.is



Jóhannes Haukur hefur verið að létta sig undanfarnar vikur svo að hann geti meðal annars brugðið sér í hlutverk konu. FRÉTTABLAÐIÐ/KK

# Erfiðast að sleppa skyndibitanum

***Jóhannes Haukur Jóhannesson, leikari, hefur lést umtalsvert síðustu vikurnar. Hann segist ekki hafa sérstaklega gaman af líkamsræktinni en að honum líði samt alltaf vel eftir hana.***

Ástæðan fyrir þessu heilsuátaki Jóhannesar er sú að hann er nú að leika í uppfærslu Leikfélags Akureyrar á Litlu hryllingsbúðinni þar sem hann leikur átta ólík hlutverk, þar á meðal konu. „Þess vegna vildum við leikstjórinn gefa líkama mínum hlutlausara útlit, losna við bumbuna og svona. Ég fékk þess vegna meðleikara minn, hann Benna, með mér í þetta verkefni. Hann er í raun einkaþjálfarinn minn,“ útskýrir Jóhannes galvaskur.

Að sögn Jóhannesar hefur heilsuátakið aðallega falist í brennslu og smá lyftingum. Þeir félagarnir hafa mætt fjórum til fimm sinnum í viku en annars segir Jóhannes að matarræðið skipti mestu máli. Hefur Jóhannes reynt að sleppa öllu skyndibitafæði og gosi, þó honum finnist sú fórn nokkuð erfið. „Mér fannst ekkert mál að sleppa namminu en mann langar svo oft í pylsu, hamborgara eða pitsu. Mér finnst erfiðast að þurfa sleppa því öllu,“ segir Jóhannes en bætir þó við að hann hafi nokkrum sinnum stolist til þess að fá sér skyndibita. „Ég gefst samt ekki upp þó að ég stelist.“

Í sjálfri líkamsræktinni segir Jóhannes að honum finnist skemmtilegast á þrekhjólinu. Hann vill þó frekar segja að þrekhjólið sé minnst leiðinlegt frekar en skemmtilegast. „Ég lít ekki á þetta sem skemmtun, mér finnst þetta ekkert gaman. Líkamsræktin er samt allt í lagi um leið og hún kemst upp í vana.“ Jóhannes forðast hins vegar eitt ákveðið tæki eins og heitan eldinn. „Ég vil helst ekki fara í róðrarvélina. Ég var einu sinni hjá einkaþjálfara sem notaði róðrarvélina sem refsingu ef ég mætti of seint þannig að ég hef vondar tilfinningar gangvart því tæki.“

Á þeim tíu vikum sem átakið hefur staðið yfir hefur Jóhannes misst heil tíu kíló og stefnir ótrauður áfram. „Ég hef hugsað mér að ná 15-20 kílóum í heildina. Þá er þetta orðið nokkuð gott. Þó að þetta sé misleiðinlegt þá líður manni samt svo vel eftir þetta,“ segir Jóhannes að lokum og er greinilega sáttur með sjálfan sig og árangurinn enda ekki furða.

*steinthor@frettabladid.is*

## Ráðlagðir dagskammtar

LÝÐHEILSUSTÖÐ OG MANNELDISRÁÐ HAFA BIRT NÝJA RÁÐLAGÐA DAGSKAMMTA HINNA ÝMSU NÆRINGAREFNA.

Hinir nýju dagskammtar (RDS 2005) koma í stað RDS frá árinu 1996. RDS-gildin eru endurskoðuð reglulega með hliðsjón af nýrri þekkingu í næringarfræði og byggir hið nýja RDS-gildi í stórum dráttum á norrænum næringarráðleggingum sem unnar voru af vinnuhópi á vegum norrænu ráðherranefndarinnar og gefnar voru út á árinu 2005.

Ekki hafa verið gerðar miklar breytingar á ráðleggingunum en þó ber að nefna að RDS af A-vítamíni hefur verið lækkaður lítillega fyrir konur og af kalki fyrir börn. Dagskammtur af D-vítamíni og C-vítamíni fyrir fullorðna hefur verið hækkaður og af fólati fyrir konur á barneignaaldri, barnshafandi konur og konur með barn á brjósti. Þá er þetta í fyrsta sinn sem birtar eru ráðleggingar um koparneyslu. Frekari upplýsingar eru á vef lýðheilsustöðvar www.lydheilsustod.is



Ráðlagður dagskammtur fyrir konur af A-vítamíni hefur verið lækkaður lítillega.



**Gítarpakki** frá Tónastöðinni er góð fermingargjöf fyrir unga rokkara. Rafmagnsgítar, ól, neglur, taska og æfingamagnari fást á fermingartilboði fyrir 22.900 krónur.










allt matur

Alla föstudaga




# Nýir gamlir kjólar

***Gamaldags kjólar frá níunda áratugnum eru vinsælir hjá fermingarstúlkunum.***

Tilvonandi fermingarstúlkur hafa verið duglegar að gramsa í búðum sem selja notuð föt þetta árið. Þá hefur visst snið af kjólum verið vinsælla en annað, en það eru stuttir hlírakjólar sem eru þröngir að ofan en víkka út frá mitti. Með þessu er hægt að finna ýmiss konar fylgihluti, fallegar festar, töskur og sæta dansskó.







Valgerður Birna bað mömmu sína um að baka fyrir fermingarveisluna. FRÉTTABLAÐIÐ/BRINK

# Mamma bakar sjálf fyrir veisluna

***Hafdís Guðmundsdóttir bakar sjálf fyrir fermingarveislu dóttur sinnar.***

„Þetta verður nú ekki stór veisla svo þetta fer ekki út í neinar öfgar. Við buðum bara fimmtíu til sextíu manns,“ segir Hafdís sem er móðir Valgerðar Birnu Marteinsdóttur sem fermist 9. apríl næstkomandi. Hafdís mun baka allar kökurnar sjálf nema fermingarkökuna. „Ég legg áherslu á að hafa mikið af brauði og brauðtertum, en líka aðeins af sætindum, segir Hafdís og upplýsir að dóttirin hafi beðið um að hafa fermingarveisluna á þennan hátt.

Fermingardagurinn nálgast óðfluga og er búið að undirbúa undirstöðuatriðin fyrir daginn. „Bróðir hennar mun sjá um að taka fermingarmyndirnar en þær verða teknar í Grasagarðinum og verður hundurinn hennar með á þeim.“

Hafdís mun á næstu dögum hefjast handa við að undirbúa baksturinn og var svo væn að láta eina uppskrift fylgja hérna með.

## Draumaterta:

**(SVAMPBOTN)**
2 egg
70 gr strásykur
30 gr hveiti
35 gr kartöflumjöl

Egg þeytt mjög vel og sykrinum bætt út í. Hveiti og kartöflumjöl sigtað og blandað saman. Bakað í um það bil 12 mínútur, fyrstu fimm mínúturnar við 200 gráður og síðan við 185 gráður.

**MARENGS:**
3 eggjahvítur
150 gr strásykur

Eggjahvítur stífþeyttar og sykri blandað saman við. Deigið bakað í tvo tíma við 100°C.

**KREM:**
3 eggjarauður
4 msk. flórsykur
50 gr brætt súkkulaði
1 peli þeyttur rjómi
1/2 lítri þeyttur rjómi

Eggjarauður og flórsykur eru þeytt saman. Bræddu súkkulaðinu blandað saman við og þeytt á meðan. Rjóminn þeyttur og öllu blandað varlega saman.

# Gjafalisti á netinu

Fermingargjafir geta valdið höfuðverk, sérstaklega hjá ættingjum sem lítið þekkja til fermingarbarnsins. Peningagjafir eru alltaf sígildar en sumum finnst skemmtilegra að gefa eitthvað sem situr eftir. Þeim má benda á að skoða vefsíðuna www.ferming.is. Þar má nálgast ýmsar skemmtilegar hugmyndir en nokkur fyrirtæki auglýsa þar þjónustu sína undir ýmsum undirflokkum. Flokkarnir eru meðal annars snyrtivörur, tíska, hljóðfæri, raftæki, útivist og hreyfing, húsgögn, fræðsla og gjafavara.

Einnig geta foreldrar og forráðamenn leitað þar hugmynda um undirbúning veislunnar.



ferming.is
















Hafragrautur er hollur samkvæmt Vísindavef Háskóla Íslands. Engin ný sannindi en nú hefur fengist opinber vísindaleg fullvissa í þessu máli.



Heilsuvöru-markaður
Opið virka daga kl. 10–20
laugardaga kl. 10–17
maður lifandi
Borgartúni 24 og Hæðasmára 6
28. mars Að koma fram af öryggi.
kl 18:00 – 19:30 Edda Björgvinsdóttir
04. apríl 10 grunnreglur.
kl. 19:00-23:00 Þorbjörg Hafsteinsdóttir
06. apríl Eru geðlyf töfralausn eða martröð?
kl 18:00 – 19:30 Benedikta Jónsdóttir
06. apríl 10 grunnreglur.
kl. 19:00-23:00 Þorbjörg Hafsteinsdóttir
11. apríl Sætuefnið Aspartam
– Er Diet kók betra en venjulegt kók?
kl 18:00 – 19:30 Haraldur Magnússon

Flott í vetur
Ný tæki - Betra verð!
VERÐ-LÆKKUN
SLENDERTONE MAX 17.900.- kr.
SLENDERTONE FLEX 12.900.- kr.
allt fyrir kroppinn
HREYSTI
Skeifunni 19 - S. 568 1717

Heilsubætandi
SOLARAY Olive Leaf
Póstsendum um land allt
Heilsuhornið
S: 462-1889 • heilsuhorn@simnet.is • www.simnet.is/heilsuhorn
Útsölustaðir m.a: Yggdrasill, Fjarðarkaup, Maður lifandi í Borgartúni og Hæðarsmára, Lífsins Lind í Hagkaupum, Lyfjaval í Mjódd og Hæðarsmára og Lyfja á Selfossi.

Epli á dag
kemur línunum í lag
AppleSlim Xtra
AppleSlim Xtra stuðlar að heilbrigðri meltingu, örvar niðurbrot fitubirgða, dregur úr vökvasöfnun og sykurlöngun.
Náttúruleg innihaldsefni:
Eplaedikskraftur, vítamín og steinefni ásamt öflugum sindurvörum.
AppleSlim Xtra
árangursrík leið til að grennast
Fæst í apótekum

SÓMABAKKAR
PANTAÐU Í SÍMA 565 6000 / FRÍ HEIMSENDING*
*Gildir aðeins ef pantað er fyrir meira en 3.000 kr.
SÓMI
Nánari upplýsingar á somi.is



Estrid Þorvaldsdóttir og Elísabet Estridardóttir hjóla í leikskólann hennar Elísabetar. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Hjóla út um alla borg

***Estrid Þorvaldsdóttir er nemandi í listfræði og ítölsku við Háskóla Íslands. Hún og tveggja ára dóttir hennar, Elísabet Estridardóttir fara allt sem þær þurfa að fara hjólandi þessa dagana.***

Estrid átti bíl þar til fyrir um mánuði þegar hún losaði sig við hann og fékk sér hjól í staðinn. „Afi minn og amma styrktu mig svo ég keypti mér nýtt hjól og því fylgdi nýr barnastóll og karfa,“ segir Estrid.

Estrid og Elísabet búa á stúdentagörðum við Eggertsgötu og fara á hverjum morgni á hjólinu í leikskólann Mýri þar sem Elísabet eyðir deginum á meðan mamma hennar er í skólanum. „Stundum er ég í tímum í Myndlistarskóla Reykjavíkur og þá hjóla ég líka þangað.“

Þær mæðgur hafa síðasta mánuðinn farið út um allan bæ á hjólinu. „Við förum allt sem við þurfum að fara á hjólinu. Við fórum til dæmis í Bónus á laugardaginn en það kemst bara einn innkaupapoki í körfuna sem mér finnst reyndar fínt því þá fer ég bara oftar,“ segir Estrid.

Hjólið var keypt í Markinu og Estrid er mjög ánægð með það. „Það er bara rosa gaman að hjóla og ég spyr Elísabetu líka alltaf reglulega hvort henni finnist ekki gaman og hún segir alltaf jú. Það er örugglega mjög gaman að vera svona lítill og vera aftan á hjóli á ferð.“

Estrid segir að það sé mjög gott að vera á hjóli í Reykjavík. „Borgin verður allt öðruvísi þegar maður fer um hana hjólandi og það tekur enga stund að fara á milli staða.“

## Hjólað með börnin

MIKILVÆGT ER AÐ GÆTA FYLLSTA ÖRYGGIS ÞEGAR HJÓLAÐ ER MEÐ BÖRN.

Hjólreiðar eru þægilegur ferðamáti auk þess að vera góð hreyfing. Margir fara allra sinna ferða hjólandi og hafa börnin aftan á hjólinu. Miklu máli skiptir að hugað sé vel að öryggi barnanna en þau verða að vera í góðum barnastólum og með hjálma eins og hinir fullorðnu. Í flestum hjólreiðaverslunum má fá góða stóla fyrir börnin og úrvalið er mikið.



OK Baby 10+ frá Erninum. 10.990 kr.



Hamax Sleepy Comfort frá GÁP. 9.900 kr.



Hamax Kiss Comfort frá GÁP. 8.900 kr.



OK Baby Ergon frá Erninum. 7.990 kr.



Hamax Sleepy Cushon frá Markinu. 9.900 kr.



Hamax Sleepy Comfort frá GÁP. 9.900 kr.



Sund er einstaklega hentug líkamrækt fyrir bakið.

## Unnið á bakverkjum

***Oft getur verið erfitt að finna rétta gerð af líkamsrækt til að vinna á eymslum í baki.***

Regluleg hreyfing er mjög mikilvæg því án hreyfingar verða vöðvar og bein aum. Bestu bakæfingarnar eiga að vera mjúkar og rólegar.

Gott er að gera kvið- og bakæfingar á hverjum degi til að styrkja bakið og halda sveigjanleika þess. Að ganga eða hjóla reynir ekki of mikið á bakið auk þess sem það er auðvelt að koma þeirri hreyfingu fyrir í daglegu lífi. Sund er ein besta líkamsræktin fyrir bakið því það styrkir vöðvana á meðan vatnið heldur við líkamann, en hafa skal í huga að ekki henta öll sundtök og sundaðferðir til þessa og fer það eftir fólkinu.

Ef regluleg hreyfing er ekki nú þegar hluti af daglegu lífi og fólki líður illa í baki ætti það að leita til sérfræðinga um hvernig sé best að byrja að hreyfa sig. Hafa skal í huga að byrja hægt og rólega og vinna sig upp í meiri hreyfingu.



## Heilbrigð sál

BORGHILDUR SVERRISDÓTTIR
EINKAÞJÁLFARI OG B.A. Í SÁLFRÆÐI

# Með fiðring í tánum

Jæja, nú er sólin farin að sýna sig oftar og lengur en hún hefur gert undanfarið. Vorið í loftinu. Sumarfríið er jafnvel ekki svo langt undan og ekki frá því að maður sé farinn að hugsa sér til hreyfings. Farinn að leiða hugann að útilegum, sumarbústaðaferðum, göngum um fjöll og firnindi, golfi fram á kvöld, sundi og sólbaði, sólarlandaferðum og öllu því sem tengist sumrinu. Hvað sem það er sem heillar okkur á sumrin, þá velja flestir að vera líkamlega virkir.

### Skoðum málið

Núna er því góður tími til að athuga hvernig við sjálf eru búin undir ferðalögin og fríið, jafnt líkamlega sem andlega. Förum til dæmis yfir heilsumarkmiðin sem sett voru eftir jólin. Hvernig er það með þau? Getum við kannski aðeins spýtt í lófana eða jafnvel klappað okkur vel á bakið fyrir að hafa haldið vel á spöðunum? En það er ekki orðið of seint að koma sér í betra form til dæmis fyrir sumarið, auka styrk og úthald eða byrja að skokka og æfa sig fyrir Jónsmessuhlaupið eða Reykjavíkurmaraþonið. Leiðum hugann að því hvort við séum að byggja okkur upp eða rífa okkur niður, ekki síst andlega. Nærum við okkur með réttri orku til frambúðar eða með tímabundnum lausnum, metnum í klukkustundum? Skoðum mataræði okkar, daglega hreyfingu og síðast en ekki síst samskipti okkar við aðra, svo sem fjölskyldu okkar og vini. Því sá hluti er svo sannarlega hluti af andlegri heilsu okkar. Slíkt endurmat á aðstæðum er byrjunin á framförum og breytingu til batnaðar.

### Heilsusamlegri fæða á boðstólum

Úrval næringarríkrar og heilsusamlegrar fæðu, grænmetis og ávaxta hefur aukist verulega í matvöruverslunum og um leið hefur meðvitund fólks gagnvart því sem það lætur ofan í sig og nýtir líkama sinn til, orðið miklu meiri. Þessu er meðal annars að þakka aukinni umræðu fjölmiðla um neysluþjóðfélagið, svo og einstaklingum eins og Sollu hjá Himneskri hollustu og „lífrænna“ fyrirtækja eins og Móður jörð, Móður náttúru, Á næstu grösum, Manni lifandi og fjölda annarra sem hafa lagt hafa lóð sín á vogarskálarnar.

Enginn velur að láta líkama sinn drabbast niður, en slíkt getur meðal annars gerst vegna sjúkdóma eða erfiðra kringumstæðna. Hugsum til þeirra sem ekki geta hreyft sig af einhverjum gildum ástæðum, tímabundið eða ekki, en vildu jafnvel að þeir gætu það. Við höfum allt sem þarf, svo af stað! Það er tími til að fá fiðring í tærnar, snúa kringumstæðunum okkur í hag ef við mögulega getum og bera ábyrgð á eigin líðan. Flest okkar höfum val.

*Látum okkur líða vel,*
*Borghildur.*



Kannabis hefur skaðleg og óafturkræf áhrif á starfsemi heilans.

# Kannabis skaðar heilann

***Enn ein rannsóknin hefur sýnt fram á neikvæð áhrif kannabis á starfsemi heilans.***

Samkvæmt nýlegri grískri rannsókn eiga þeir sem reykja reglulega kannabis erfiðara með að muna huti og þeir glata einnig hæfileikanum til að nota greind sína á eðlilegan hátt. Fengu kannabisneytendur mun lægri einkunn á prófi þar sem huglæg hæfni var prófuð en þeir sem ekki höfðu reykt kannabis. Kannabisneytendurnir höfðu allir reykt kannabis daglega í fimm til tíu ár.

Rannókninni var stjórnað af Dr. Lambros Messinis en hann starfar við taugalífeðlisfræðideild Háskólasjúkrahússins í Patras á Grikklandi. Birtust niðurstöðurnar í hinu virta tímariti, Neurology, en í meginatriðum gáfu þær til kynna að því lengur sem viðkomandi hafði reykt þeim mun minni var geta viðkomandi til að muna eftir atriðum úr fortíðinni sem og til að læra og leggja nýja hluti á minnið. Einnig kom fram að skemmdirnar væru að öllum líkindum óafturkræfar.

(www.persona.is)


Rammíslenskar Speltkökur og Kartöflukökur af Ströndum
100 ára hefð og ekkert nema hollusta



Þú borðar þær með uppáhalds álegginu, kannski ylvolgar úr ofninum, ristaðar, með hvítlauksolíu, stundum eins og pizzur
... eða eins og Strandamenn, glænýjar með íslensku smjöri.

Fáðu þér Speltköku og Kartöfluköku í næstu matvöruverslun.
Hollara brauð finnst varla.

Xylitol
Sætt & sykurlaust
NÁTTÚRULEGT 100% SÆTUEFNI



- Jafn sætt og sykur en með 40% minna af kalóríum
- Hækkar ekki blóðsykur og er því kjörið fyrir sykursjúka og þá sem hugsa um heilsuna
- Hindrar bakteríuvöxt í tönnum og stuðlar því að góðri tannheilsu

XyloSweet sætuefni með Xylitol fæst í öllum helstu heilsubúðum
frekari upplýsingar um Xylitol er á www.simnet.is/xylitol

Ný líkamsrækt fyrir konur
Betri heilsa á 30 mínútum



**Meira fjör, styttri tími og skemmtilegur félagsskapur**
Hjá okkur færðu, aðhald og stuðning hvort sem þú þarft að grennast eða styrkjast. Reglulegar líkamsmælingar svo þú getir fylgst með árangrinum.

Curves
The power to amaze yourself.

Fyrir allar konur

Hringdu og pantaðu prufutíma og líkamsmælingu.

50% afsláttur
af þjónustugjaldi

Curves, Bæjarlind 12, sími 566 6161 curves@simnet.is

Þinn tími er kominn!



Páskatilboð
40% afsláttur af 6 mánaða og árskortum

Dansrækt JSB er staður fyrir konur á öllum aldri. Notalegt andrúmsloft og fjölbreyttir tímar í boði í opna kerfinu.

Pallar, púl, sveifla, lóð, JSB tímar, teygjutímar, einkaþjálfun, yoga

Vertu velkomin í okkar hóp!

40 ár

JSB í 40 ár!
Opnum stærri og glæsilegri Dansrækt JSB
19. ágúst

Hafðu samband!
www.jsb.is
sími 581 3730

DANSRÆKT JSB
leggur línurnar
Lágmúla 9 • 108 Reykjavík
Sími 581 3730 • Bréfsími 581 3732

EFLIR almannatengsl / HNOTSKÓGUR grafísk hönnun













Margir eru nú þegar búnir að drepa í síðustu sígarettunni.

# 700 hætta að reykja

***Viðbúin – tilbúin – stopp er reykleysisátak sem staðið hefur yfir í nokkrar vikur og er stærsta reykleysisátak sem ráðist hefur verið í á Íslandi en fjöldi manns tekur þátt í því.***

Til þess að auðvelda fólki að hætta að reykja er átakinu skipt í þrjú þrep. Í fyrsta þrepinu, viðbúin, undirbýr fólk sig og setur sér markmið, í öðru þrepinu, tilbúin, er ákveðið hvaða dag á að hætta og í þriðja þrepinu, stopp, er drepið í sígarettunni og tekist á við fíknina.

Allir þátttakendur fá skírteini, reykingadagbók, stressbolta og afsláttarkort sem gefur afslátt á ýmsu sem kemur sér vel í átakinu eins og nikótínlyfjum, vítamínum, blóðfitumælingu og fleiru.

Nú þegar hafa 700 manns skráð sig í átakið og margir af þeim eru hættir að reykja en stöðugt bætist í hópinn. Á heimasíðu átaksins, www.vidbuin.is er hægt að skrá sig og þar getur fólk einnig spjallað saman og fengið góð ráð og stuðning.










## Hestamennska

Ístölt 2006 verðu haldið 1. apríl. Forsala hafin. Ístölt Bæjarlind 2. S. 555 1100.

Mountain Horse kuldagallar á tilboði. Flottir og hlýir gallar á frábæru verði. Ístölt, Bæjarlind.

# HÚSNÆÐI

## Húsnæði í boði

Leigjendur, takið eftir! Þið eruð skrefi á undan í leit að réttu íbúðinni með hjálp Leigulistans. Kíktu inn á www.leigulistinn.is eða hafðu samb. við okkur í s. 511 1600.

Herbergi til leigu á Snorrabraut, aðgangur að eldh. og baðherb. með þvottavél og þurrkara. Uppl. s. 697 3077, eftir kl 13.

Góð 2ja herbergja kjallaraíbúð til leigu í Rvk. 101. Upplýsingar í síma 846 5765.

## Húsnæði óskast

SOS lítil fjölsk. óskar eftir íbúð strax, eingöngu á Seltj.nesi, reglusemi og skilvísar greiðslur. S. 848 8857.

Íbúð eða sérbýli óskast til leigu á höfuðborgarsvæðinu. Hjón með tvö börn sem eru að bíða eftir eign, óska eftir að leigja í 3 mánuði (apríl - júní) íbúð, hæð eða sérbýli án húsgagna. Fyrirframgreiðsla. Hafið samband í síma 899 5264.

**Æfingarhúsnæði óskast**
Sjómaður og vörubílstjóri frá Flateyri óska eftir hljómsveitar æfingarhúsnæði á höfuðborgarsvæðinu. Skilvísum greiðslum og reglusemi heitið. Uppl hjá rokkurunum Dóra og Gogga í 866 9551 & 866 9543

Einstæð móðir óskar eftir 3 herb. íbúð til leigu, er með lítinn hund. Uppl. í s. 867 6073.

Par sem vinnur og stundar nám við HÍ leitar að íbúð miðsvæðis í Reykjavík. Langtímaleiga. Uppl. í s. 868 1803 e. kl. 14.00.

Óska eftir stúdíóíbúð eða 2.herb.íbúð á Höfuðborgarsvæðinu. Skilvísum greiðslum heitið. S. 848 6352.

## Atvinnuhúsnæði



Fjórar glæsil. skrifstofur til leigu í Akralind, Kóp. Innif. rafm., hiti, internet og þrif á sameign. Aðg. að fundarh.kaffistofu ofl. Uppl. í síma 896 6127.

## Geymsluhúsnæði







Búslóðageymsla Olivers geymir búslóðir á brettum. Starfað í 18 ár. S. 567 4046 & 892 2074. Sækjum og sendum búslóðirnar.

## Gisting

Flóki Inn - Heimilisleg herbergi til leigu í lengri eða skemmri tíma á frábæru verði. Hafðu samband í síma 552 1155 eða sendu fyrirspurn á floki@inns.is

# ATVINNA

## Atvinna í boði

**Viltu vinna með hressu fólki á skemmtilegum vinnustað?**
Þá erum við að leita að þér. Okkur vantar starfsmann í hlutastarf og í vaktavinnu sem er jákvæður, hress og skemmtilegur.
**Hlöllabátar Bíldshöfða. Upplýsingar á staðnum og í síma 892 9846.**

**Pizzubakari.**
Viljum bæta við okkur pizzubaka. Vanir pizzubakarar ganga fyrir. Vaktavinna.
**Uppl. og umsókir á staðnum eða á www.kringlukrain.is**

**Ræsting hentar vel fyrir heimavinnandi**
Morgunvinna, unnið til skiptis frá 8-12 og 8-14. Á vöktum, ca 50% starf.
**Uppl. og umsóknir á staðnum eða á www.kringlukrain.is**

**Furðufiskar ehf**
Furðufiskar ehf. sem reka meðal annars Kokkana veisluþjónustu, fiskborðin í Hagkaupum og osta- og sælkeraborðið í Hagkaupum Kringlunni. Leitar eftir manneskju til að vera yfir og sjá um osta- og sælkeraborðið í Hagkaupum Kringlunni. Starfssvið:
∑ Innkaup og pantanir.
Starfsmannahald/mönnun vakta.
∑ Laga brauð o.fl. sem lagað er á staðnum.
∑ Afgreiðsla úr Osta- og sælkeraborði.
Nauðsynlegt er að umsækjendur hafi mikinn áhuga á mat og matargerð eða séu fagmenntaðir.
**Áhugasamir sendið tölvupóst á kokkarnir@kokkarnir.is eða hringið í síma 511 4466 & 699 4000 milli kl 9 og 17. Furðufiskar ehf Fiskislóð 81a, 101 Reykjavík.**

**Vantar þig ca. 100.000 kr. í aukatekjur**
Leitum að hressu fólki í áskriftarsölu 4 kvöld í viku
Allir starfsmenn fá fræðslu og gott aðhald.
Hentar vel sem góð aukavinna.
Ráðum ekki yngri en 20 ára.
Hafðu samband, við bíðum eftir að heyra í þér !
**Tímaritaútgáfan Fróði ehf. Höfðabakka 9, 110 Rvk. s.515 5552 / annasig@frodi.is**

HAGKAUP
Skemmtilegast að versla

**Hagkaup Garðabær**
Óskar eftir að ráða starfsmann til að sjá um þjónustu og framstillingar í kjötdeildinni, um er að ræða fullt starf. Hægt er að sækja um á www.hagkaup.is, mæta í Hagkaup Garðabæ eða hringja í Hermann, verslunarstjóra í síma 5656400 og sjá hvort þetta sé ekki eitthvað fyrir þig.

**Langar þig að vinna á Undralandi?**
Með vorinu losnar fullt starf hjá okkur. Reynsla æskileg.
**Nánari uppl. í s. 554 0880. Undraland er einkarekinn leikskóli í Kópavogi, stofnaður 1987. 33 börn eru í skólanum og 7 starfsmenn.**

**Kaffi Sólon**
Vantar Matreiðslumann og aðstoðarmenn í eldhús
**Frekari upplýsingar á Kaffi Sólon**
**Sími 5623232 eða á milli kl 13 & 16 í dag**
**Einnig hægt að senda umsóknir á solon@solon.is**

**Café Bleu.**
Óskum eftir að ráða starfskraft í uppvask, einnig vantar okkur þjóna í aukavinnu um helgar.
**Uppl. á staðnum. Café Bleu Kringlunni 4-12, s. 588 0300**

**Aukavinna**
IMG-Gallup óskar eftir að ráða spyrla í kvöld- og helgarvinnu.
Krafist er góðrar íslenskukunnáttu og framúrskarandi þjónustulundar.
Boðið er upp á skemmtilegt starfsumhverfi.
Lágmarksaldur umsækjenda 18 ár.
**Nánari upplýsingar gefur Hjördís í síma 540-7180**

**Foldaskálinn Grafarvogi**
Óskar eftir fólki í vinnu, bæði heilsdagsvinnu og einnig kvöld og helgarvinnu.
**Áhugasamir hafi samband við Óskar í síma 897 7466.**

Vilt þú vinna heima og byggja upp vaxandi aukatekjur? Þjálfun í boði 7-10 klst. í viku. Halldóra Bjarna hjúkrunarfræðingur, sími 861 4019 www.HalldoraBjarna.is

**Dekkjaverkstæði**
Óskum eftir verkstjóra og vönu fólki til starfa hjá hjólbarðaverkstæði Bílkó. Framtíðarstarf. Uppl. í s. 660 0560, Guðni

Starfsfólk óskast í hreingerningar. Uppl. hjá Sigrúnu í s. 892 5915 og á www.hreintogfint.is

**Hjólbarðaverkstæðið Barðinn**
Röska menn vantar á hjólbarðaverkst. Uppl. í s. 568 3080 og 692 6669 eða á staðnum. Barðinn, Skútuvogi 2.

Vélstjóri óskast til afleysinga á ísfisktogara. Uppl. í s. 843 4215.

**Atvinna - Vesturbær**
Starfskraftur óskast til ýmissa starfa í fatahreinsun. Þarf að vera vön að strauja. Unnið mánudaga - föstudaga. Ekki unnið á laugard. Uppl. á staðnum, Hraði fatahreinsun Ægissíðu 115. S. 552 4900.

Svarti svanurinn óskar eftir starfsfólki í hlutastarf 2-3 kvöld í viku frá 16-20:30 og á laugardögum frá 10-19:30. Yngri en 18 ára koma ekki til greina, upplýsingar í Svarta svaninum, Laugavegi 118

**Sölumaður**
Óskast til starfa í byggingarvöru verslun í Hvarvahverfi í kópavogi Unnið er á vöktum. Uppl. í s. 660 3193

Óska eftir vönum manni á 4 öxla bíl. Góð laun fyrir góðan mann. Áhugasamir hafið samband í síma 662 3458.

Sendilstörf/lagerumsjón. Óskum að ráða starfskraft til sendil- og lagerstarfa. Vélvík ehf, Höfðabakka 1, 110 Reykjavík. S-587 9960

**Ræstingar**
Vantar duglegt fólk við ræstingar á daginn og um helgar. Ráðið verður strax. Uppl. í s. 824 1450 milli kl. 10-16.

## Atvinna óskast

2 smiðir óska eftir vinnu. Vanir gips, parketi o.fl. Vilja mikla vinnu. S. 661 3537 & 824 2926.

## Viðskiptatækifæri

**Leitar þú að öryggi?**
Komdu góðu til leiðar og skapaðu þér háar tekjur í leiðinni: www.Gott-Folk.com.

**Fyrir alla!**
Láttu tækifærið ekki framhjá þér fara: Kynntu þér málið á www.FyrirAlla.com

Þekkir þú góð tækifæri þegar þau bjóðast? Er þitt hér? Kíktu á vefmyndir.ws, s. 869 3913.

# TILKYNNINGAR

## Ýmislegt

tenor
www.tenor.is

Vantar ykkur tónlistarmenn, skemmtikrafta fyrir þorrablótið, árshátíðirnar, afmæli, tónleika, þemadaga, 17. júní hátíðarhöld eða aðrar skemmtanir. Á skrá hjá okkur eru m.a. fremstu tónlistarmenn og skemmtikraftar landsins. Höfum áratuga reynslu af skemmtanahaldi. Leigjum einnig út samkvæmistjöld, útvegum matvöru, grill og þjónustufólk ef áhugi er fyrir slíku. Símar 586 9000 & 821 9903 Netfang orlygur@tenor.is



ZOO.IS
HÁRSTOFA

# Hársnyrtir

Við hjá Zoo.is leitum að metnaðarfullum hressum og hörkuduglegum Svein/Meistara til starfa á góðum vinnustað með skemmtilegum viðskiptavinum.

Áhugasamir geta haft samband á e-mail einar@zoo.is eða í síma 899-4240/899-1816.

# Forstöðumaður áhaldahúss Hveragerðisbæjar

Hveragerðisbær auglýsir laust til umsóknar starf **forstöðumanns áhaldahúss** sveitarfélagsins.

Forstöðumaður áhaldahúss heyrir undir bæjartæknifræðing. Hann hefur umsjón með verklegum framkvæmdum og viðhaldsverkefnum á vegum áhaldahúss.

Forstöðumaður hefur umsjón með daglegum rekstri áhaldahúss. Hann er yfirmaður þeirra sem í áhaldahúsinu starfa.

Dæmi um verkefni sem rekin eru á vegum áhaldahúss eru:
- Rekstur fráveitu
- Rekstur vatnsveitu
- Rekstur gámasvæðis
- Viðhald gatna og opinna svæða
- Snjómokstur
- Garðyrkju- og umhirðuverkefni
- Verklegar framkvæmdir á verksviði áhaldahúss
- Reglubundið eftirlit með leiksvæðum bæjarins

Forstöðumaður ber ábyrgð á og annast undirbúning að gerð fjárhagsáætlunar fyrir áhaldahús ásamt því að hafa eftirlit með útgjöldum þess.

Krafist er réttinda á sviði garðyrkju eða sambærilegra réttinda, en ætlast er til að samhliða stjórnun sinni forstöðumaður sjálfur þeim verkþáttum sem falla undir garðyrkju, umhirðu og fegrun bæjarfélagsins.

Starfið er laust nú þegar. Nánari upplýsingar um starfið veitir bæjartæknifræðingur í síma 483 4000.

Umsóknir ásamt starfsferilskrá skulu berast bæjarskrifstofum Hveragerðisbæjar fyrir þriðjudaginn 4. apríl 2006 merktar með eftirfarandi hætti:

**Hveragerðisbær**
**„Forstöðumaður áhaldahúss“**
**B/t Bæjartæknifræðings**
**Sunnumörk 2, 810 Hveragerði**

Verkalýðsfélagið Hlíf

# AÐALFUNDUR

Aðalfundur Verkalýðsfélagsins Hlífar verður haldinn þriðjudaginn 4. apríl 2006, kl. 20:00.
**í Skútunni, Hólshrauni 3. Hafnarfirði.**

***Dagskrá:***
1. ***Venjuleg aðalfundarstörf.***
2. ***Kynning á reglugerð sjúkrasjóðs.***
3. ***Kosning í kjörstjórn.***
4. ***Önnur mál.***

*Kaffiveitingar*
*Stjórnin.*

SMÁAUGLÝSINGAR FRÉTTABLAÐSINS
Yfir 150.000 gestir daglega.
Stórmarkaður í stofunni heima.
PÖNTUNARSÍMI 550 5000 EÐA Á VISIR.IS
FRÉTTABLAÐIÐ

Ert þú orðin/n leið/ur á að leita að eignum á netinu?
Við hjálpum þér að finna eign sem hentar þínum þörfum.
Hafðu samband við okkur STRAX í síma 866 9512 og VIÐ sjáum um það fyrir þig.
Sigurður Guðmundsson, hdl. lögg. fast.sali

Opnunartími í afgreiðslu
mán.-mið. 8 -18
fim. og fös. 8 -19
helgar 11 -16
SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER 550 5000 OG ER OPINN ALLA DAGA FRÁ KL. 8–22.
DV FRÉTTABLAÐIÐ vísir

# ÖGURÁS 8 – 210 GARÐABÆ
## OPIÐ HÚS Í DAG ÞRIÐJUDAGINN 28. MARS Á MILLI KL. 18:00-19:00


Frum

Stórglæsilegt ca. 260 fm parhús fallegum og rólegum stað. Eignin skiptist í eldhús, stofu sem og borðstofu, alrými, 2 baðherbergi, 3 svefnherbergi (möguleiki á 4), sjónvarpshol, geymslu og stór bílskúr. Sérmíðaðar innréttingar úr mahóní sem og hurðar. Falleg stór timburverönd og vel ræktaður garður.

**Einstök eign sem vert er að skoða nánar!!!**
**Verð 59,9 millj. VERIÐ VELKOMIN.**

101 REYKJAVÍK FASTEIGNASALA
Laugavegur 66 • 101 Reykjavík • Sími 511 3101 • Fax 511 3909 • www.101.is • 101@101.is

## OPIÐ HÚS Í DAG MILLI KL : 17-19
## Veghús 5 – 112 Reykjavík


Frum

Glæsileg 3ja til 4ra herb.íbúð á jarðh. með sérgarði sem er alveg afgirtur með skjólveggjum og timburverönd af hluta. Eignin skiptist í: Forstofu með skáp, flísar á gólfi. Eldhús með hvítri innrétt. Útgegnt út í garð. Rúmgóð stofa og borðstofa með parketi á gólfi. Baðherbergi með baðkari m/sturtuaðst., 2 herbergi, dúkur, skápar í öðru. Þv.hús/geymsla innan íbúðar. Sameiginleg hjóla og vagnageymsla. **Verð: 19,8millj.**

***Sigurður tekur vel á móti ykkur í dag milli kl: 17-19.***
*Sigtryggur Jónsson Löggildur fasteignasali.*

HÚSIÐ FASTEIGNASALA
Salómon Jónsson - Lögg. fast.sali
**Suðurlandsbraut 50**
(Bláu húsin við Faxafen)
**Sími: 513-4300**

## Langagerði - 108 Reykjavík


Frum

Fallegt 2ja hæða 170,8 fm einbýlishús ásamt 42,5 fm bílskúr, samtals 213,3 fm eign á þessum vinsæla stað (Ath. byggingarréttur til að stækka húsið). Rúmgóð stofa m/arni, borðstofa og arinsólstofa, eldhús, 2 svefnherb. á 1. hæð og baðherb. m/sturtu. Á efri hæð eru 3 svefnh. og baðherb/þvottah. Rúmgott vinnuherb. í bílskúr tilvalið f/atv.rekstur. **Áhvílandi ca 23 millj. m/4,15% vöxtum. LAUST FLJÓTLEGA. V. 45 m.**
**Upplýsingar veitir Vilborg G. Hansen, sölumaður. Sími 895 0303 - vilborg@husid.is**

# HAGKAUP SMÁRALIND

Hagkaup er smásölufyrirtæki, sem býður íslenskum heimilum breitt úrval af vörum til daglegra þarfa, jafnt í matvöru, sem fatnaði, húsbúnaði og vörum til tómstundaiðkunar.

Fyrirtækið skuldbindur sig til að stunda starfsemi sína á þaðhagkvæman hátt aðviðskiptavinir okkar geri ávallt betri kaup í Hagkaupum.

*Hagkaup hafa á að skipa kraftmiklum og öguðum hópi starfsmanna. Hjá okkur fær einstaklingurinn að njóta sín og starfsþróunarmöguleikar eru miklir fyrir þá sem sýna dug og áhuga.*

Lausar stöður í:
- Undirfatadeild
- Bakarí
- Kassadeild
- Salatbar

Hafir þú áhuga á að starfa fyrir skemmtilegt, öflugt og framsækið fyrirtæki er Hagkaup staðurinn fyrir þig. Við leitum að stundvísum, áreiðanlegum og dugmiklum einstaklingum til þess að koma til starfa með okkur. Umsækjendur yngri en 18 ára koma ekki til greina.

**Umsóknum skal skilað í verslun Hagkaupa í Smáralind eða í tölvupósti (trausti@hagkaup.is) fyrir 7. apríl nk. Nánari upplýsingar um störfin veitir Trausti Reynisson, verslunarstjóri í síma 530-1000.**

HAGKAUP
*Skemmtilegast að versla*

Kjöreign ehf
**TRAUST OG ÖRUGG ÞJÓNUSTA**
**SÍMI 533 4040**
**FAX 533 4041**
OPIÐ MÁN.-FIM. 9-18 OG FÖS. 9-17
Dan V.S. Wiium hdl., lögg. fasteignasali
**Fasteignasala • Ármúli 21 • www.kjoreign.is**

## OPIÐ HÚS Í DAG ÞRIÐJUDAG KL. 18-20



Frum

**RISÍBÚÐ VIÐ MÁVAHLÍÐ 34, Rvík.**

Rúmgóð og falleg risíbúð á tveimur hæðum með suður svölum. Íbúðin skiptist í gott anddyri, rúmgóða stofu, eldhús og tvö svefnherbergi, í efra risi er gott herbergi og sjónvarpshol. Þakgluggar á efra risi. **Stærð íbúðar 92,0 fm. samkv. FMR. Góð staðsetning. Laus 15/05 ´06. Verð 21,9 millj. Ólafur á Kjöreign tekur á móti áhugasömum í dag milli kl. 18.00-20.00.**

**Kristinn Valur Wiium Sölumaður, sími: 896 6913**
**Ólafur Guðmundsson Sölustjóri, sími: 896 4090**

**EUGENE IONESCO (1912-1994)**
**LÉST ÞENNAN DAG**

*„Það er ekki svarið sem uppfræðir heldur spurningin.“*

***Leikskáldið Ionesco skrifaði leikrit sem gefa möguleika á mörgum spurningum.***



# tímamót

timamot@frettabladid.is

## ÞETTA GERÐIST > 28. MARS 1930

## *Konstantínópel fær nýtt nafn*

Á þessum degi árið 1930 tilkynnti tyrkneski pósturinn að nafnið Konstantínópel skyldi lagt niður og stærsta borg Tyrklands skyldi héðan í frá heita Istanbúl. Frá árinu 330 hafði borgin heitið Konstantínópel þegar Konstantínus mikli, keisari Rómaveldis, skírði hana í höfuðið á sér.

Maðurinn sem stóð að breytingunni hét Mustafa Kemal Atatürk og var leiðtogi Tyrkja í sjálfstæðisbaráttu sinni á fyrri hluta tuttugustu aldar. Atatürk, sem þýðir faðir Tyrklands, lagði mikið upp úr því að brjótast úr fjötrum Ottómana og nútímavæða landið. Þegar Tyrkir öðluðust sjálfstæði árið 1923 lét hann færa höfuðborgina frá þáverandi Konstantínópel til Ankara.



**ÆGISIF Í ISTANBÚL**

Istanbúl á sér mikla sögu enda liggur hún á mikilvægum stað á mörkum Evrópu og Asíu. Hún var höfuðborg Býsansríkis frá árinu 330 og síðar höfuðborg heimsveldis Ottómana. Vegna legu sinnar hefur borgin lent í miðju átaka kristinna manna og múslima eins og nafnbreytingin sannar, en arabar á þrettándu öld kölluð borgina í fyrsta sinn Istanbúl. Margar frægar byggingar í Istanbúl sýna einnig þessa baráttu þar á meðal Ægisif eða Æa Sófía sem var upphaflega byggð sem kirkja en síðar breytt í mosku.

## MERKISATBURÐIR

**1875** Gos hefst í Öskju og er það talið eitt mesta öskugos hér á landi. Öskumökkurinn barst yfir Austfirði næsta dag og náði alla leið til Svíþjóðar.

**1881** Tveir menn ganga á ís alla leiðina frá Akureyri til Siglufjarðar.

**1909** Safnahúsið við Hverfisgötu er vígt. Fyrstu árin voru í húsinu Forngripasafnið, Landsbókasafnið, Landsskjalasafnið og Náttúrugripasafnið en í dag hýsir það starfsemi Þjóðmenningarhússins.

**1939** Spænsku borgarstyrjöldinni lýkur þegar Franco er handsamaður í Madríd.

**1956** Alþingi Íslendinga samþykkir að bandaríska varnarliðið skuli hverfa úr landi því her skuli ekki vera hérlendis á friðartímum.



*Elsku maðurinn minn, pabbi okkar og sonur minn,*

**Þorkell Stefánsson**
Aflagranda 26, Reykjavík,

lést að heimili sínu um hádegisbil laugardaginn 25. mars 2006.

**Kolbrún Anna Jónsdóttir**
**Nína Hjördís Þorkelsdóttir**
**Fríða Þorkelsdóttir**
**Jara Birna Þorkelsdóttir**
**Steinunn Þorkelsdóttir**
**Andrés Þorkelsson**
**Ágúst Holthe Þorkelsson**
**María Helgadóttir**



*Elskulegur faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,*

**Haraldur Brynjólfsson**
Aflagranda 40, áður til heimilis að Faxabraut 70 í Keflavík,

verður jarðsunginn frá Keflavíkurkirkju fimmtudaginn 30. mars kl. 14.00.

**Berta G. Rafnsdóttir** — **Eggert N. Bjarnason**
**Kristinn T. Haraldsson** — **Jónína Þrastardóttir**
**Margrét B. Haraldsdóttir** — **Ástþór B. Sigurðsson**
**Haraldur Dean Nelson** — **Guðrún Hulda Gunnarsdóttir**
**Jón Ragnar Ástþórsson** — **Þórunn Katla Tómasdóttir**
**Særún Rósa Ástþórsdóttir** — **Jóhann Þór Helgason**
**Berglind Harpa Ástþórsdóttir**
**Sigurður Freyr Ástþórsson**
**og langafabörn.**



*Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, systir, amma og langamma,*

**Sigríður Bjarnadóttir**
Lyngmóum 14, Garðabæ,

lést á heimili sínu að morgni föstudagsins 24. mars.
Tilkynning um útför verður birt síðar.

**Bjarni Gunnarsson** — **Dagbjört Gunnarsdóttir**
**Kristín Gunnarsdóttir** — **Ólafur Ingi Jóhannsson**
**Gunnar Vagn Gunnarsson** — **Berglind Hrönn Hallgrímsdóttir**
**Margrét Gunnarsdóttir** — **Gunnar Ármannsson**
**Kristín Bjarnadóttir** — **Guðmundur Guðjónsson**
**Gunnar Þór Bergsson**
**Aðalheiður Ólafsdóttir**
**Sigríður Ólafsdóttir**
**María Helga Gunnarsdóttir**
**Róbert Orri Gunnarsson**
**og barnabarnabörn.**

Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli, andlát og jarðarfarir í smáletursdálkinn hér að ofan má senda á netfangið **timamot@frettabladid.is**.

Auglýsingar á að senda á **auglysingar@frettabladid.is** eða hringja í síma **550 5000**.

STÓRA UPPLESTRARKEPPNIN: TÍU ÁRA

# Ekki enn komin til Grímseyjar

Stóra upplestrarkeppnin er ofarlega í huga margra nemenda í sjöunda bekk um þessar mundir. Komið er að uppskerudögum á þessu tíunda aldursári keppninnar og er hún að þessu sinni haldin á þrjátíu og fjórum stöðum um landið þvert og endilangt. Að sögn Baldurs Sigurðssonar dósents og eins af forsprökkum keppninnar var hugmyndin fyrst prófuð í Hafnarfirði fyrir tíu árum en hefur síðan breiðst um landið.

„Hvorki við né aðrir vissum hvort hægt væri að hrinda þessu verkefni í framkvæmd, hvort hægt væri að keppa í upplestri,“ segir Baldur um fyrstu keppnina. „Við ákváðum að prófa fyrst í einu sveitarfélagi og áttum hauk í horni í Hafnarfirði því Ingibjörg Einarsdóttir, sem var formaður Samtaka móðurmálskennara, starfaði þar á skólaskrifstofunni. Eftir fyrstu keppnina í Hafnarfirði var ljóst að skipulagið sem við duttum niður á í upphafi gekk upp svo ákveðið var að færa þetta út í sveitarfélögin í kring. Við fórum svo frá Suðurlandi kring um landið og það tók okkur sex ár að loka hringnum. Á áttunda ári komu Strandir og Reykhólasveit sem höfðu orðið útundan enda svæði sem eru ekki alveg í leiðinni. Nú er bara einn staður á Íslandi sem við höfum ekki náð til og það er Grímsey.“ Ýmislegt hefur þó verið reynt til að fá Grímseyinga með í hópinn en Baldur segir að auðvitað sé tímafrekt að fara út í eyna. „Þetta er dálítið mikið mál, að koma í land og svona, en Dalvíkingar eru búnir að bjóða þeim til sín svo vonandi verður ekki langt að bíða þess að Grímseyingar verði með.“

Eins og gefur að skilja hefur margt breyst á tíu árum og kannski ekki síst viðhorf keppendanna sjálfra til Stóru uppplestrarkeppninnar. „Þegar við byrjuðum með keppnina vissu krakkarnir ekki hvaðan á þá stóð veðrið. Þá var ekki óalgengt að strákarnir settu upp snúð, toguðu prjónahúfuna niður fyrir augu og sögðu að þetta væri bara fyrir stelpur.“ Baldur segir að eftir því sem keppnin festir sig betur í sessi hafi yngri krakkarnir betri fyrirmyndir og með þeim vakni löngun til að gera vel. „Um leið og keppnin er komin í skólann eru eldri krakkarnir fengnir til að lesa fyrir hina. Þá sjá þau yngri hægt er að fá verðlaun fyrir upplestur og ákveða stundum níu eða tíu ára að taka þátt í keppninni þegar þau koma í sjöunda bekk. Nú taka allir þátt í keppninni og kynjamunurinn eiginlega alveg horfinn.“



**BALDUR SIGURÐSSON DÓSENT** Hefur farið hringinn í kring um landið með Stóru upplestrarkeppnina og er hún nú haldin í öllum byggðum landsins nema Grímsey. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Að sögn Baldurs hefur keppnin ekki bara verið skemmtun fyrir börnin heldur skilað sér í betri nemendur alveg upp í framhaldsskólana. „Í upphafi fórum við út í verkefnið til að bæta íslenskan framburð. Síðan hefur keppnin reynst hafa alls konar önnur áhrif eins og aukinn áhuga á bókmenntum og sérstaklega ljóðlist. Framhaldsskólakennarar hafa til dæmis sagt okkur að krakkar í framhaldsskóla séu ófeimnari við að koma fram og ekki eins ragir við að ræða um bókmenntir og ljóðlist sérstaklega.“ Að sögn Baldurs er þó eitt öðru fremur sem kennarar nefna sem árangur af upplestrarkeppninni. „Allir eru sammála um að áþreifanlegustu áhrifin af þessu verkefni séu aukið sjálfstraust og áræði sem þarf til að þora að standa upp og horfa framan í félaga sína.“



*Ástkær eiginmaður, faðir, tengdafaðir og afi,*

**Jón Ólafur Halldórsson**
Birkiholti 4, Bessastaðahreppi,

verður jarðsunginn frá Bessastaðakirkju miðvikudaginn 29. mars kl. 13.00.

**Guðrún Ragnheiður Júlíusdóttir**
**Halldór Jónsson** — **Erla K. Magnúsdóttir**
**Sigurður J. Jónsson** — **Jenný K. Valberg**
**Jón Ragnar Jónsson** — **Auður B. Bragadóttir**
**og barnabörn.**

## AFMÆLI



**Birgitta Jónsdóttir** Klasen náttúrulæknir er 54 ára.

## ANDLÁT

**Vigfús Jóhannsson**, framkvæmdastjóri, Fjóluhvammi 5, Hafnarfirði, lést miðvikudaginn 22. mars síðastliðinn í Chile.

**Þorkell Stefánsson**, Aflagranda 26, Reykjavík, lést á heimili sínu laugardaginn 25. mars.

**Steinunn Geirsdóttir** lést á líknardeild Landspítalans í Kópavogi sunnudaginn 26. mars.

**Svavar Eiríksson**, Stóragerði 10, Akureyri, lést á heimili sínu föstudaginn 24. mars.

**Guðmundur Marínó Ásgrímsson**, Hjallaseli 55, áður til heimilis á Hólmgarði 27, lést á Landspítalanum við Hringbraut sunnudaginn 26. mars.

## JARÐARFARIR

13.00 **Jónína Björg Bjarnadóttir**, Elli- og hjúkrunarheimilinu Sóltúni, áður til heimilis í Barmahlíð 55, verður jarðsungin frá Háteigskirkju.

13.30 **Guðrún Ólafía Hallgrímsdóttir** frá Háreksstöðum verður jarðsungin frá Kvennabrekkukirkju í Dölum.

15.00 **Rúnar Brynjólfsson**, Hólabraut 19, Hafnarfirði, verður jarðsunginn frá Víðistaðakirkju.

*Móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,*

**Ásthildur Magnúsdóttir**
frá Tjaldanesi,

andaðist á Landspítala Háskólasjúkrahúsi fimmtudaginn 23. mars sl. Útförin fer fram frá Digraneskirkju í Kópavogi fimmtudaginn 30. mars nk. og hefst athöfnin kl. 15.00. Jarðsett verður í Gufuneskirkjugarði. Þeim sem vilja minnast hennar er bent á Krabbameinsfélag Íslands.
Fyrir hönd aðstandenda,

**Kristjón, Hólmfríður og Lára Sigurðarbörn**
**Ásthildur, Guðrún og Þórarinn Magnúsarbörn.**



*Ástkær eiginkona mín, móðir okkar og amma,*

**Herdís Debes**
Ásabraut 5, Keflavík,

sem lést á Heilbrigðisstofnun Suðurnesja laugardaginn 11. mars, hefur verið jarðsungin í kyrrþey að ósk hinnar látnu.

**Kjartan Símonarson**
**Kristín Hallbergsdóttir Hedström** — **Thomas Hedström**
**Björn Heiðar Hallbergsson** — **Hulda Björk Stefánsdóttir**
**Símon Hallberg Kjartansson**
**barnabörn og langömmubarn.**


ATLAS
international
www.atlasinternational.com
Húseignir á Spáni
– Atlas fylgir þér alla leið –
Ert þú í fjárfestinga hugleiðingum
og ert búin að hugsa lengi?
Yfir 100 starfsmenn í þjónustumiðstöð Atlas
Vingjarnlegt viðmót, aðstoð og ráðleggingar
Allar húseignir á eignarlóðum
Verð frá tæplega 7.000.000 ikr.
Mörg hundruð eignir um að velja
Nýjar og notaðar eignir
Aðstoð við rekstur
Tryggingar
Húsgögn
Leiguþjónusta
28 ára reynsla
68.000 viðskiptavinir
BENTLEY
INTERNATIONAL PROPERTY
AWARD WINNER 2005
4 DAGA
SÖLUSÝNING / OPIÐ HÚS
Í HÚSI
FERÐAFÉLAGS ÍSLANDS, MÖRKINNI 3
Þriðjudaginn 28. mars til föstudagsins 31. mars
kl. 15 - 19.
Nánari uppl. milli kl: 12 og 16 alla virka daga
Sími: 586 2880 Gsm: 696 1960
www.atlasiceland.com
sales@atlasiceland.com

Frum

# STUÐ MILLI STRÍÐA Að svíkja sjálfan sig fyrir kórónu

**ÞÓRARINN ÞÓRARINSSON** SÉR ENN EFTIR FERMINGUNNI



Maður gæti freistast til þess að halda að þjóðkirkjan sé heitasti klúbburinn í dag þegar maður sér heilu opnurnar í Mogganum þéttriðnar nöfnum ungmenna sem eru að láta ferma sig í gríð og erg þessa dagana. Miðað við þetta árvissa vinsældastökk kirkjunnar mætti ætla að hún skipaði veigameiri sess í hjörtum íslenskra unglinga en Internetið, Gilzenegger og sjónvarpsstöðin Sirkus.

Þetta er auðvitað ekki svona einfalt og sjálfsagt tekur lítill hluti fermingarbarna við lífsins kórónu af mikilli trúarsannfæringu. Þyngst vega vitaskuld mútugreiðslurnar sem foreldrar og ættingjar inna af hendi svo þjóðkirkjan geti viðhaldið ofmetnum áhrifum sínum á samfélagið.

Allt auglýsingaskrumið og stússið í kringum ferminguna er fyrst og fremst diskódans í kringum gullkálf þó slíkir mjaðmahnykkir þyki ekki til eftirbreytni í Biblíunni sem er lögð til grundvallar þessari undarlegu manndómsvígslu óharðnaðra unglinga inn í neyslusamfélagið. Foreldrar og forráðamenn ættu að íhuga á hvaða siðferðisgrundvelli þeir standa þegar þeir kenna börnum sínum að það sé gott og gilt að gera sér upp trúarskoðanir og sannfæringu í skiptum fyrir veraldleg gæði. Það þarf til dæmis engan að undra að mannauðurinn gengisfalli hratt og græðgin hafi tekið öll völd í samfélaginu þegar sú kynslóð sem nú rís hæst í viðskiptalífinu fékk þetta veganesti út í lífið.

Sálfræðingurinn minn vill ekki útiloka að rót allra minna andlegu meina liggi í því að ég lét á sínum tíma fermast gegn eigin sannfæringu. Þetta voru fyrstu stóru svik mín við sjálfan mig og síðan þá hef ég lítið gert annað en bregðast sjálfum mér. Nú virðist þessi díll sem ég gerði fyrir eitthvert glingur og nokkra þúsundkalla vera óafturkræfur eins og sést best á áratugalangri baráttu Helga Hóseassonar þannig að ég sit uppi með mistök sem ég get ekki leiðrétt. Það er þó stórbót í máli að ég iðrast. ■

## myndasögur

### Pondus

Eftir Frode Overli




### Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




### Pú og pa

Eftir SÖB




### Kjölturakkar

Eftir Patrick McDonnell




### Barnalán

Eftir Kirkman/Scott




**Vectavir** krem er áhrifaríkt lyf til meðferðar á frunsu af völdum Herpes Simplex. Vectavir virkar á öllum stigum frunsunnar frá sting eða æðasláttar til blöðru. Í Vectavir er virka efnið penciklóvír sem stöðvar framgang veirunnar. Vectavir er ætlað fullorðnum og börnum eldri en 12 ára. Berið Vectavir á frunsusvæðið á 2 klst fresti í 4 daga. Berið á rétt fyrir svefn og um leið og vaknað er. Dæmigert er að frunsa komi fram við ofreynslu, kvef eða inflúensu eða í mikilli sól (t.d. á skíðum). Ekki á að nota lyfið ef að áður hefur komið fram ofnæmi fyrir penciklóvír, famciklóvír eða öðrum innihaldsefnum. Með Vectavir grær frunsan hraðar, verkir minnka og smittími styttist. Vectavir kremið 2 g fæst án lyfseðils. Lesið vel leiðbeiningar sem fylgja lyfinu. Geymið þar sem börn hvorki ná til né sjá.
**Otrivin** nefúðinn og nefdroparnir innihalda xýlómetasólin sem vinnur gegn bólgu, nefstíflu og slímmyndun vegna kvefs og bráðrar bólgu í ennis- og kinnholum. Otrivin virkar fljótt og áhrifin vara í 6-10 klst. Otrivin getur valdið aukaverkunum, s.s. ertingu í slímhúð og sviðatilfinningu. Einnig ógleði og höfuðverk. Otrivin má nota þrisvar á dag en ekki lengur en í 10 daga í senn. Varúð: Langtímanotkun Otrivin getur leitt til þurrks í nefslímhúð. Sjúklingar með gláku eða þeir sem hafa ofnæmi fyrir xýlómetasólin ættu ekki að nota Otrivin. Kynnið ykkur vel leiðbeiningar sem fylgja lyfinu. Geymið þar sem börn hvorki ná til né sjá.
**Strepsils** töflur eru látnar renna í munni og leysast þar hægt upp. Þannig nást fram staðbundin sótthreinsandi áhrif í munni og koki. Auk þess hafa bragðefnin væg kælandi áhrif sem slá á ertingu. Venjulega er ein tafla látin leysast hægt upp í munni á 2-3 klst fresti. Lyfið þarf venjulega að nota í 3-4 daga og stundum í allt að eina viku. Einnig má leysa upp 1-2 töflur í heitu vatni og drekka sem heitan drykk. Notkun lyfsins hefur engin áhrif á önnur lyf sem notuð eru samtímis. Ofnæmi eða ofnæmislík viðbrögð geta komið fyrir en eru afar sjaldgæf. Hver pakki af Strepsils inniheldur 24 munnsogstöflur, sem eru í hentugum þynnupakkningum. Hverri pakkningu fylgja viðurkenndar leiðbeiningar á íslensku um notkun lyfsins, sem gott er að kynna sér vel. Geymið þar sem börn hvorki ná til né sjá.
**Voltaren Dolo®** (díklófenak kalíum) 12,5 mg töflur. Notaðar við vægum eða frekar vægum verkjum, svo sem höfuðverk, tannpínu og tíðaþrautum. Verkar einnig hitalækkandi. Dragi ekki úr einkennum á nokkrum dögum, skal leita til læknis. Þeir sem eru með eða hafa haft sögu um maga- eða skeifugarnarsár eða skerta lifrarstarfsemi ættu að ráðfæra sig við lækni áður en lyfið er notað. Þeir sem þola ekki acetýlsalisýru, íbúprófen eða önnur bólgueyðandi lyf eða eru með astma eiga ekki að nota Voltaren Dolo®. Notið lyfið ekki á meðgöngu nema í samráði við lækni, en aldrei á síðasta þriðjungi meðgöngu. Leitið ráða læknis eða lyfjafræðings um milliverkanir við önnur lyf. Lesa skal vandlega leiðbeiningar á umbúðum og fylgiseðli. Geymið þar sem börn hvorki ná til né sjá.

KVEF?




Lyf & heilsa
Við hlustum!

Austurstræti · Austurveri · Domus Medica · Firði, Hafnarfirði
Fjarðarkaupum · Glæsibæ · Hamraborg Kópavogi
JL-húsinu · Kringlunni 1.hæð · Kringlunni 3.hæð · Melhaga · Mjódd
Mosfellsbæ · Salahverfi · Eiðistorgi · Hellu · Hveragerði · Hvolsvelli
Kjarnanum Selfossi · Vestmannaeyjum · Þorlákshöfn · Dalvík
Glerártorgi Akureyri · Hrísalundi Akureyri · Ólafsfirði · Akranesi · Keflavík





# EIGENDASKIPTI ÖKUTÆKJA Á VEFNUM

Umferðarstofa og Glitnir bjóða nú upp á tilkynningu eigendaskipta ökutækja með rafrænum hætti á vefnum.

Kynntu þér þessa einföldu og þægilegu nýjung á vef Umferðarstofu, us.is.

**www.us.is**

GLITNIR

UMFERÐARSTOFA

# menning

menning@frettabladid.is

> Ekki missa af...

Fyrirlestri um menningartengsl Íslands og Kanada í Lögbergi kl. 12.05. Kanadíski rithöfundurinn og fræðimaðurinn Charles Pelletier ræðir um hvað við eigum sameiginlegt með Kanadamönnum í bókmenntum, mannfræði og þjóðfræði.

Pétri Gaut í Þjóðleikhúsinu, margbrotnum þjóðleik Ibsens í nútímalegum búningi Baltasars Kormáks leikstjóra.

Aukatónleikum hins síkáta Skafta Ólafssonar söngvara í Salnum í næstu viku. Vissara að tryggja sér miða í tíma.

**!** **Kl. 20.00**

*Þýski leikstjórinn Frank Castrof verður kynntur í máli og myndum í húsnæði leiklistardeildar Listaháskóla Íslands við Sölvhólsgötu 13. Magnús Þór Þorbergsson leikhúsfræðingur ræðir um feril leikstjórans og Volksbüne-leikhúsið í Berlín.*

# Filmur í frosti og kulda

**Í Kvikmyndasafni Íslands er ferið að skrá og flokka, frysta og kæla og fara varfærnum höndum um filmur. Svo er auðvitað bíó, alltaf tvisvar í viku.**



GUNNÞÓRA HALLDÓRSDÓTTIR KVIKMYNDAGERÐARMAÐUR Fer höndum um fjársjóði framtíðarinnar í Kvikmyndasafni Íslands. FRÉTTABLAÐIÐ/ E.ÓL.

Gunnþóra Halldórsdóttir kvikmyndagerðarmaður vinnur á safninu og hefur í nógu að snúast við að flokka og skrá filmur og safnmuni sem berast. „Hingað eiga að berast eintök af öllum þeim myndum sem gefnar eru út á Íslandi. Þetta kemur inn smám saman, það er alltaf eitthvað gamalt að dúkka upp hjá fólki, ofan í kjöllurum eða uppi á háalofti. Það eru vélar og tæki líka, prógrömm og svona eitt og annað sem almenningur kemur með. Hitt kemur síðan frá bíóhúsunum, framleiðendum og útgefendum DVD-diska og VHS-myndbanda.“ Innstreymið er nokkuð þétt og magnið eykst með árunum en oft líða nokkur ár frá því að myndir eru sýndar og þar til þær rata til safnsins til varðveislu.

„Hér er líka mikið um heimsóknir,“ segir Gunnþóra. „Hingað koma kvikmyndagerðarmenn og skoða efni, háskólastúdentar að afla sér heimilda og almenningur í leit að fróðleik, það eru ýmiss konar erindi sem þarf að sinna.“

## Fjársjóðir framtíðar

Kvikmyndasafn Íslands flutti fyrir tveimur árum og státar nú af mun hentugra geymslurými en fyrr. „Húsið sem við búum í núna var byggt fyrir Fiskvinnsluskóla Íslands, menn héldu að það yrði stórt fag í framtíðinni á þeim tíma en svo varð nú ekki.“ Fjársjóðir framtíðarinnar eru vel varðveittir í kæli- og frystiskápum sem bjóða kjörhitastig fyrir gersemarnar. „Við erum með kæli þar sem filmur eru geymdar við fimm gráðu hita. Það er væntanlega með stærri ísskápum á landinu. Svo geymum við frum- og litfilmur í frysti líka,“ segir Gunnþóra.

Hita og rakastig er mikilvægt fyrir líftíma filmanna og hún ráðleggur fólki að huga vel að slíku. „Þeir sem geyma filmur heima hjá sér ættu ekki að blanda saman matvælum og filmum í ísskápinn, því þá fer rakinn úr matnum í filmurnar,“ segir hún sposk. „Fólk ætti frekar að koma með þær til okkar - hér geta menn geymt filmur sér að kostnaðarlausu.“ Gunnþóra áréttar að margir geri vídeóafrit af filmunum sínum til að skoða heima en geymi síðan frumritið hjá safninu. „Við tökum öllum fagnandi sem koma hingað, það er nóg pláss enn sem komið er og á meðan viljum við auðvitað fá sem allra mest inn af efni.“ Einnig er á döfinni að kynna starfsemi safnsins úti á landi því munirnir sem berast eru flestir af höfuðborgarsvæðinu.

## Klassískt bíó

Kvikmyndasafn Íslands stendur fyrir bíósýningum í hverri viku en leitast er við að hafa vetrardagskrána fjölbreytta. „Okkur finnst við bera skyldu til þess að sinna ólíkum gerðum kvikmynda. Við sýnum það sem annars væri ekki á dagskrá í kvikmyndahúsunum,“ segir Gunnþóra og nefnir íslenskar náttúrulífsmyndir sem verið hafa á dagskrá safnsins. Hún segir að aðsóknin á sýningarnar sé misjöfn en það sé gleðiefni að sífellt fleira ungt fólk sæki sýningarnar.

Í kvöld verðu talmyndin Monsieur Verdoux frá 1947 í leikstjórn Charlie Chaplin sýnd á vegum safnsins í Bæjarbíói við Strandgötu í Hafnarfirði. Sýningin hefst kl. 20.00 og verður endurtekin á laugardaginn kl. 16.00.

kristrun@frettabladid.is


ÓPERUSTÚDÍÓ
NÓTT Í FENEYJUM
EFTIR JOHANN STRAUSS

Nótt í Feneyjum

**NÓTT Í FENEYJUM - eftir JOHANN STRAUSS**
**Frumsýning fim. 29. mars kl. 20**
2. sýn. fös. 31 mars kl. 20 – UPPSELT – 3. sýn. sun. 2. apríl kl. 20
4. sýn. þri. 4. apríl kl. 20 – 5. sýn. fim. 6. apríl kl. 20
6. sýn. lau. 8. apríl kl. 20 - SÍÐASTA SÝNING

GLITNIR

www.opera.is | opera@opera.is | **Sími: 511 4200**

Miðasalan er opin alla daga nema mánudaga kl. 14-18 og fram að sýningu sýningardaga.
Símasala kl. 10-18 þriðjudaga - föstudaga. Miðasala á Netinu allan sólarhringinn.

ÍSLENSKA ÓPERAN

BORGARLEIKHÚSIÐ

Stóra svið

RONJA RÆNINGJADÓTTIR
Lau 1/4 kl. 14 UPPS. Su 2/4 kl. 14 UPPS.
Lau 8/4 kl. 14 UPPS. Su 9/4 kl. 14 UPPS.
Su 23/4 kl. 14 Su 23/4 kl. 17:30
Lau 29/4 kl. 14 Su 30/4 kl. 14
Lau 6/5 kl. 14 Su 7/5 kl. 14
Lau 20/5 kl. 14 Su 21/5 kl. 14
ÓSÓTTAR PANTANIR SELDAR DAGLEGA

KERTALJÓSATÓNLEIKAR
HARÐAR TORFA
FIMMTUDAGINN 6/4 Kl. 20

TALAÐU VIÐ MIG -ÍD-
Fö 31/3 kl. 20 SÍÐASTA SÝNING

KALLI Á ÞAKINU
Fi 13/4 kl. 14 skírdagur UPPSELT
Lau 15/4 kl. 14 UPPSELT
Má 17/4 kl. 14 annar í páskum
Fi 20/4 kl. 14 sumardagurinn fyrsti
Lau 22/4 kl. 14

FULLKOMIÐ BRÚÐKAUP
Su 30/4 kl. 20 UPPS. Má 1/5 kl. 20 UPPS.
Þri 2/5 kl. 20 UPPS. Mi 3/5 kl. 20 UPPS.
Su 7/5 kl. 20 UPPS. Má 8/5 kl. 20 UPPS.
Þr 9/5 kl. 20 UPPS. Fi 18/5 kl. 20 UPPS.
Fö 19/5 kl. 20 UPPS. Fö 19/5 kl. 22:30
Su 21/5 kl. 20 UPPS. Fi 25/5 kl. 20
Fö 26/5 kl. 20 UPPS. Fö 26/5 kl. 22:30
Su 28/5 kl. 20 Fi 1/6 kl. 20

Nýja svið / Litla svið

BELGÍSKA KONGÓ
Fi 6/4 kl. 20 UPPS. Fö 7/4 kl. 20
Fi 20/4 kl. 20 Fö 21/4 kl. 20
Lau 29/4 kl. 20 Su 30/4 kl. 20

ALVEG BRILLJANT SKILNAÐUR
Fi 30/3 kl. 20 UPPS.
Fö 31/3 kl. 20 100. SÝNING
Lau 1/4 kl. 20 UPPS. Su 2/4 kl. 20
Lau 8/4 kl. 20
SÍÐUSTU SÝNINGAR Í REYKJAVÍK

HUNGUR
SÝNINGAR HEFJAST AÐ NÝJU Í MAÍ

NAGLINN
Fö 28/4 kl. 20

GLÆPUR GEGN DISKÓINU
Fö 28/4 kl. 20 Fö 5/5 kl. 20

FORÐIST OKKUR
Lau 1/4 kl. 20 Su 2/4 kl. 20
Fi 6/4 kl. 20 UPPS. Fö 7/4 kl. 20
Lau 8/4 kl. 20 Su 9/4 kl. 20

DANSleikhúsið
Su 9/4 kl. 20 Þri 11/4 kl. 20
Mi 19/4 kl. 20 23/4 KL. 20

SÖNGLIST
Lau 1/4 kl. 14:30 Su 2/4 kl. 12:00
Su 2/4 kl. 15 Má 3/4 kl 17

Miðasala í síma 568 8000 - www.borgarleikhus.is

ÞJÓÐLEIKHÚSIÐ

Þjóðleikhúsið – leikhúsið þitt!

STÓRA SVIÐIÐ KL. 20.00
ÁTTA KONUR
**Frumsýning fös. 31/3** **uppselt**, 2. sýn. lau. 1/4 örfá sæti laus, 3. sýn. sun. 2/4 örfá sæti laus, 4. sýn. fim. 6/4 örfá sæti laus, 5. sýn. fös. 7/4 örfá sæti laus, 6. sýn. lau. 8/4 örfá sæti laus, 7. sýn. mið. 19/4, 8. sýn. fim. 20/4, 9. sýn. fös. 21/4, 10. sýn. lau. 22/4.

SMÍÐAVERKSTÆÐIÐ KL. 20.00
ELDHÚS EFTIR MÁLI
Fim. 30/3 **uppselt**, fös. 31/3 **uppselt**, lau. 1/4 **uppselt**, sun. 2/4 örfá sæti laus, fim. 6/4 nokkur sæti laus, fös. 7/4 örfá sæti laus, lau. 8/4 **uppselt**.

KASSINN KL. 20:00
PÉTUR GAUTUR
Mið. 29/3 **uppselt**, lau. 1/4 **kl. 16:30** **uppselt**, sun. 2/4 **kl. 17:00** **uppselt**, þri. 4/4 **uppselt**, mið. 5/4 **uppselt**, fim. 6/4 **uppselt**, fös. 7/4 **uppselt**, lau. 8/4 **uppselt**, sun. 9/4 **uppselt**, fös. 21/4 **uppselt**, lau. 22/4 **uppselt**, sun. 23/4 **uppselt**, **aukasýning þri. 25/4** örfá sæti laus, mið. 26/4 **uppselt**, fim. 27/4 **uppselt**, fös. 28/4 **uppselt**, lau. 29/4 **uppselt**. **Aukasýningar í maí:** lau. 6/5 **uppselt**, sun. 7/5 **uppselt**.

LEIKHÚSKJALLARINN
**Jassklúbbur Múlans - Tríó Jóns Páls Bjarnasonar** Mið. 29/3 kl. 21:00
**Leikhúskjallarinn - gerðu meira úr góðri kvöldstund í leikhúsinu!**
Leikhúsveisla í mat og drykk fyrir sýningar um helgar frá kl: 18:00.
Smáréttir og veigar eftir sýningar. Borðapantanir í síma **585 1295**.

MIÐASALA Á NETINU ALLAN SÓLARHRINGINN - WWW.LEIKHUSID.IS
AFGREIÐSLA ER OPIN FRÁ KL. 12:30-18:00 MÁN.-ÞRI. AÐRA DAGA KL. 12:30-20:00.
MIÐASÖLUSÍMI: 551 1200. SÍMAPANTANIR FRÁ KL. 10:00 VIRKA DAGA.

HIMNARÍKI
SÍÐASTA SÝNING Á HIMNARÍKI
Fös. 31. mars. kl. 20
HAFNARFJARÐAR LEIKHÚSIÐ




FRÉTTABLAÐIÐ AUGLÝSINGASÍMI 550 5000

# Líkami ljóðsins



**SIGURBJÖRG ÞRASTARDÓTTIR LJÓÐSKÁLD** Hefur umsjón með ljóðakvöldi í Þjóðleikhúskjallaranum. FRÉTTABLAÐIÐ/ E.ÓL.

Sigurbjörg Þrastardóttir hefur umsjón með öðru ljóðakvöldi Fræðsludeildar Þjóðleikhússins og vina ljóðsins sem ber yfirskriftina „Ljóðið í líkamlegri nálægð“. Í kvöld verður fjallað um líkama, nautnir og sársauka í ljóðum fyrr og nú en sérstakur gestur kvöldins er rithöfundurinn Kristín Ómarsdóttir, sem les úr eigin verkum og tekur þátt í umræðum um skáldskapinn.

Síðasta ljóðakvöld var vel sótt og mælist framtakið vel fyrir hjá ljóðaunnendum en á döfinni eru tvö þematengd ljóðakvöld til viðbótar í aprílmánuði, annars vegar um ljóðið og minningarnar hinn 11. apríl og hins vegar um ljóðið og meintan dauða íslenskunnar hinn 25. apríl.

Dagskráin hefst í Þjóðleikhúskjallaranum kl. 21.00. ■

# Blogg frá Bagdad tilnefnt til bókaverðlauna

Ónafngreind írösk kona er fyrsti bloggarinn sem tilnefndur hefur verið til þekktra bókmenntaverðlauna, eftir því sem fram kemur á heimasíðu breska dagblaðsins *The Guardian*.

Konan er 26 ára gömul og hefur bloggað um lífið í Bagdad síðastliðin tvö ár undir nafninu Riverbend. Færslurnar voru gefnar út á bók í fyrra undir nafninu *Baghdad Burning* eða *Bagdad brennur*. Bókin hefur verið tilnefnd til Samuel Johnson bókaverðlaunanna en tilnefningarnar til þeirra voru kynntar í gær.

Talsmenn forlagsins Marion Boyars, sem gaf bókina út, segjast vita hver Riverbend er en gefa það ekki upp að hennar ósk. *Baghdad Burning* hefur þegar verið tilnefnd til ýmissa verðlauna, þar á meðal fyrir blaðamennsku.

Fyrsta bloggfærsla Riverbend hefst á orðunum. „Ég er 24 ára írösk kona. Ég lifði stríðið af. Það er það eina sem þú þarft að vita. Það er hvort sem er það eina sem skipir máli þessa dagana.“ Vitað er að Riverbend er háskólamenntuð og starfaði sem forritari áður en stríðið hófst. ■




**BAGDAD BRENNUR** Ekki er gefið upp hver Riverbend er.

# Lem allur

Pólski rithöfundurinn Stanislaw Lem lést í Kraká í gær, 84 ára að aldri. Lem var vísindaskáldsöguhöfundur, sennilega sá vinsælasti síðastliðna áratugi sem ekki skrifaði á enska tungu. Bækur hans voru þýddar á rúmlega 40 tungumál og hafa selst í um 27 milljónum eintaka um allan heim. Þekktust er Solaris, sem Andrei Tarkovsky kvikmyndaði árið 1972 og Steven Soderbergh á nýjan leik árið 2002.

Lem fæddist 21. september 1921 í borginni Lviv, sem var þá í Póllandi en er nú í Úkraínu, og þótt hann væri gyðingur lifði hann af hersetu nasista. Hann ætlaði að feta í fótspor föður síns, sem var læknir, en á meðan hann var í námi byrjaði hann að skrifa vísindaskáldskap. Hann skilur eftir sig eiginkonu og son. ■

## HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

**MARS**

25 26 27 **28** 29 30 31

**Þriðjudagur**

### KVIKMYNDIR

☐ 20.00 **Amnesty International** sýnir heimildarmynd um mannréttindabrot í borgarastyrjöldinni í **Nepal**. Sýningin fer fram á 3.hæð í **Alþjóðahúsinu** við Hverfisgötunni og er aðgangur ókeypis.

### TÓNLEIKAR

☐ 21.00 **Lúðrasveit Reykjavíkur** heldur tónleika í **Neskirkju** og flytur meðal annars tónsmíðar **Alfreds Reed**. Aðgangur ókeypis og allir velkomnir meðan húsrúm leyfir.

### FYRIRLESTRAR

☐ 12.05 Kanadíski rithöfundurinn og fræðimaðurinn **Charles Pelletier** heldur erindi um menningartengsl Íslands og Kanada í stofu 102 í **Lögbergi**. Erindið heldur **Pelletier** á vegum Stofnunar Vigdísar Finnbogadóttur í erlendum tungumálum.

☐ 20.00 Þýski leikstjórinn **Frank Castrof** verður kynntur í tali og myndum í húsnæði **Leiklistardeildar Listaháskóla** Íslands að **Sölvhólsgötu 13**.

### LJÓÐAKVÖLD

☐ 20.00 Skáldspírukvöld í **Iðuhúsinu** í Lækjargötu þar sem fjöllistamaðurinn **Algea** treður upp með trumbuslætti og ljóðum. Einnig les ljóðskáldið **Katla Hólm** úr verkum sínum.

☐ 21.00 **Ljóðs manns æði**, ljóðakvöld Fræðsludeildar Þjóðleikhússins og vina ljóðsins, verður haldið í **Þjóðleikhúskjallaranum**. Rætt verður um ljóðið í líkamlegri nálgæð og sérstakur gestur kvöldins verður **Kristín Ómarsdóttir** rithöfundur.

### MÁLÞING

☐ 12.20 **Stúdentaráð Háskóla Íslands** og **Félag stúdenta við Háskólann á Akureyri** halda málþing um samkeppnishæfni opinberu háskólanna á Íslandi. Þingið verður haldið sunnan og norðan heiða með hjálp fjarfundarbúnaðar, annars vegar í húsi **Endurmenntunar HÍ** að **Dunhaga 7** í Reykjavík og stofu L201 á **Sólborg við Norðurslóð** á Akureyri.

Upplýsingar um viðburði og sýningar sendist á **hvar@frettabladid.is** ekki síðar en sólarhring fyrir birtingu.



# Fermingarbarn'98



Steinþór Helgi Arnsteinsson

*„Svefnpokinn sem ég fékk var ágætur. En hann skilaði sér aldrei heim af Eldborg 2001. Ég hefði alveg verið til í gott uppflettirit. Það eru bækur sem nýtast manni alla ævi.“*




HVÍTA HÚSIÐ / SÍA

Fermingargjafir sem vit er í

Edda
edda.is


fjörið ... fólk
folk@frettabladid.is

# Jackson sögumaður

Leikarinn Samuel L. Jackson verður sögumaður í bandarískri grínútgáfu af heimildarmyndinni vinsælu, March of the Penguins.

Grínútgáfan nefnist Farce of the Penguins og munu þau Whoopi Goldberg og James Belushi einnig tala inn á myndina.

Bob Saget, sem áður stjórnaði þættinum America´s Funniest Home Videos, semur handrit og leikstýrir grínútgáfunni. Fékk hann hugmyndina að myndinni þegar hann lék sér að því að vera sjálfur sögumaður þegar hann horfði á þá fyrri.

Upprunalega myndin, sem fjallar um hóp mörgæsa á ferð um Suðurskautslandið, vann óskarsverðlaunin sem besta heimildarmyndin. Er hún jafnframt aðsóknarmesta franska myndin í Bandaríkjunum frá upphafi. Leikarinn Morgan Freeman var sögumaður í þeirri mynd.



**THE MARCH OF THE PENGUINS** Fyrri mörgæsamyndin naut gífurlegra vinsælda og hlaut meðal annars óskarinn sem besta heimildarmyndin.



**SKEMMTILEGAR HREYFINGAR** Lisa Ekdahl hefur sérstæðar sviðshreyfingar en hún á það til að lyfta annarri löppinni upp alveg upp úr þurru. FRÉTTABLAÐIÐ/E.ÓL

# SÆNSKT EYRNAKONFEKT

Hin undurfagra sænska Lisa Ekdahl mætti hingað til lands í síðustu viku til að skemmta landsmönnum í Háskólabíói á föstudagskvöldið. Systkinin KK og Ellen Kristjánsdóttir hituðu upp fyrir Lisu en þau sungu bæði frumsamin lög eftir KK og sálma af plötunni hennar Ellenar. Mikil fagnaðarlæti brutust út þegar Lisa steig á svið og augljóst að þessi sænski trúbador á þéttan aðdáendahóp á Íslandi. Hún spilaði gömul og ný lög í bland. Mestu viðbrögðin frá salnum komu þó þegar hún tók lög af fyrstu plötunni sinni. Það er ekki skrýtið þar sem sú plata gerði hana vinsæla. Gömlu lögin af fyrstu plötunni voru þó sett í nýjan búning á tónleikunum og skapaði það suðræna stemningu á köflum.



**TÓNELSK SYSTKIN** Ellen Kristjándóttir og bróðir hennar KK framkölluðu nokkrar gæsahúðir meðan þau hituðu upp fyrir Lisu.



**LISA EKDAHL** Er vinsæl og á tryggan aðdáendahóp á Íslandi. FRÉTTABLAÐIÐ/E.ÓL.



**TÓNELSKAR** Andrea Jónsdóttir og Rósa Guðmundsdóttir fylgdust með af athygli.



**HUGFANGINN** Hjalti Hugason prófessor í guðfræði lét sig ekki vanta.

# Karen stelur senunni

**[UMFJÖLLUN]**

TÓNLIST

Þessi er rétt handan við hornið, en Guð veit að ég er búinn að bíða spenntur eftir að heyra þessa. Það hefði verið mjög auðvelt fyrir Yeah Yeah Yeahs að missa kúlið með fljótfærni, en til allrar lukku hafa hljómsveitarmeðlimir gefið sér nægilegan tíma til þess að leyfa hljómi sínum og lagasmíðum að þroskast aðeins, áður en hlaupið var af stað í að fylgja hinni frábæru Fever to Tell eftir.

Show Your Bones er góð en ekki gallalaus plata. Flest lögin eru eitursvöl en inni á milli leynast lög sem reyna mjög á þolinmæðina. Nefni Honeybear og Warrior sem dæmi um lög sem gott hefði verið að sleppa. Þar missa þau sig út í nokkuð kauðaleg riff, sem flestir hafa heyrt nokkrum þúsund sinnum á lífsleiðinni. Önnur lög eru nokkuð skotheld.

Ég er ekki viss um að Gold Lion hafi verið besta valið fyrir fyrstu smáskífu. Það gefur þó ágætis vísbendingu um hvert sveitin virðist vera að stefna. Þar er rafmagnsgítarinn nær alveg látinn víkja fyrir kassagítar, og í öðrum lögum skreyta tónlistina einfaldar hljómborðslínur. Ekkert risastökk í þróun, en sýnir þó að Yeah Yeah Yeahs er ekkert að reyna að vera sama sveit á plasti og á sviði. Lagið Phenomena er gott dæmi um þetta, þar sem nokkrum frábærum söngtökum er hlaðið hverri ofan á aðra. Hafi Karen O ekki verið opinberlega mesti kventöffari rokksins, þá verður hún það núna.



**YEAH YEAH YEAHS. SHOW YOUR BONES**

NIÐURSTAÐA:

**Önnur** breiðskífa Yeah Yeah Yeahs gerir allt sem hún á að gera. Stenst allar væntingar og á bara eftir að auka hróður sveitarinnar.

Önnur lög eru svo greinlega smíðuð fyrir útvarp að ég trúi ekki öðru en að þetta verði gott sumar fyrir sveitina. Við verðum eflaust flest raulandi lagið Cheated Hearts áður en sumarið er úti.

Eins og frumraun sveitarinnar þarfnast þessi ítrekaðrar hlustunar áður en lögin sökkva inn. Mig grunar þó að þessi plata eigi eftir að ná álíka langt inn að beinum mínum og platan á undan. Meira er ekki hægt að biðja tónlistarmenn um. Fyrir það eitt er þessi plata algjört afrek. Tekst að standa undir öllum væntingum. Tónlist er að verða spennandi aftur. Vorið er greinilega að koma.

Birgir Örn Steinarsson

# Sálmar í Fríkirkjunni

Hjónin Ellen Kristjánsdóttir og Eyþór Gunnarsson halda sálmatónleika í Fríkirkjunni hinn 9. apríl klukkan 20.00.

Á efnisskránni eru túlkanir þeirra á sálmum auk annarra tónsmíða sem þau hafa flutt í gegnum árin. Þau munu njóta aðstoðar valinkunnra tónlistarmanna auk þess sem Sigríður Eyþórsdóttir (Santiago) og Þorsteinn Einarsson (Hjálmar) munu hefja tónleikana og flytja nýtt óútgefið efni sem þau eru að vinna að.

Miðasala er hafin á midi.is og í verslunum Skífunnar og BT. Miðaverð er 2.200 krónur og eru aðeins um fjögur hundruð miðar í boði.



**ELLEN, EYÞÓR OG ÞORSTEINN** Ellen Kristjánsdóttir, Eyþór Gunnarsson og Þorsteinn Einarsson koma fram á sálmatónleikum í Fríkirkjunni 9. apríl. FRÉTTABLAÐIÐ/HARI
















SMÁRABÍÓ SÍMI 564 0000

| | |
|---|---|
| THE PRODUCERS | kl. 5.20, 8 og 10.45 |
| SÝND Í Í LÚXUS | kl. 5.20, 8 og 10.45 |
| BIG MOMMA'S HOUSE 2 | kl. 3.40, 5.45, 8 og 10.15 |
| PINK PANTHER | kl. 3.45, 5.50 og 10.10 |
| YOURS MINE AND OURS | kl. 4 og 6 |
| RENT | kl. 8 og 10.45 B.I. 14 ÁRA |




REGNBOGINN SÍMI 551 9000

| | |
|---|---|
| THE PRODUCERS | kl. 8 og 10.45 |
| BIG MOMMA'S HOUSE 2 | kl. 5.50 og 8 |
| RENT | kl. 5.20 B.I. 14 ÁRA |
| CAPOTE | kl. 8 B.I. 16 ÁRA |
| BROKEBACK MOUNTAIN | kl. 10.10 B.I. 12 ÁRA |
| CONTANT GARDENER | kl. 5.20 og 10.20 B.I. 16 ÁRA |
| WALK THE LINE | kl. 5.15, 8 og 10.45 |

Borgarbíó SÍMI 462 3500

| | |
|---|---|
| TRISTAN & ISOLDE | kl. 5.45, 8 og 10.20 |
| THE NEW WORLD | kl. 10 |
| BIG MOMMA'S HOUSE 2 | kl. 6 og 8 |

Dolby SDDS THX BÍÓ.IS – allt á einum stað











# Lifi byltingin!

**KVIKMYNDIR**

**[UMFJÖLLUN]**



**V FOR VENDETTA**

LEIKSTJÓRI: JAMES MCTEIGUE

**AÐALHLUTVERK: NATALIE PORTMAN, HUGO WEAVING, STEPHEN REA**

**Niðurstaða:** V for Vendetta er hörkugóð mynd sem heldur reiðum byltingaranda Alans Moore vel til haga. Heitustu fylgjendur Moores geta þo fundið eitthvað til að fara í taugarnar á sér en það er farsælast að láta allan samanburð á bók og mynd lönd og leið og njóta byltingarinnar í botn.

Það er best að segja það bara hreint út; V for Vendetta er helvíti góð bíómynd. Vel gerð, spennandi, áhugaverð og það sem mestu máli skiptir er að hún hreyfir við áhorfendum.

Þá er það frá og ég get snúið mér að því að afsaka þessa skoðun mína.

Myndin byggir á samnefndri myndasögu eftir hinn eitursnjalla Alan Moore. Hollywoodmaskínan hefur farið ansi illa með Moore og það er óhætt að segja að kvikmyndaútfærslur á frábærum myndasögum hans, The League of Extraordinary Gentlemen og From Hell, eru argasta móðgun við frumtextann. Moore er orðinn svo langþreyttur á þessu að hann hefur afneitað V for Vendetta með öllu og ég var því ekki kvíðalaus þegar ég fór á myndina og sem einlægur aðdáandi Moores finnst mér ég svolítið vera að svíkja kallinn með því að hrósa þessari annars ágætu mynd.

Hér er vissulega mörgu sleppt enda er saga Moores svo margbrotin og listilega vel fléttuð að það er ekki heiglum hent að koma henni á hvíta tjaldið. Inntak sögunnar heldur sér hins vegar og V for Vendetta er býsna hvöss samfélagsádeila. Þetta er svolítið reið mynd sem er hið besta mál og það gleður mann alltaf þegar Hollywood þorir að senda gerráðum valdhöfum heima fyrir tóninn.

Moore byrjaði að skrifa sögu sína bandsjóðandi vitlaus út í stjórn Thatcher árið 1982. Sögusvið Moores var fasistaríkið Bretland árið 1997, þar sem þegnarnir lifðu í stöðugum ótta við geggjaðan einræðisherra sem var með alvarlegan stórabróðurkomplex í anda Orwells. Sagan er færð til dagsins í dag í bíómyndinni og það er býsna vel til fundið þar sem það gefur byltingarboðskap hennar aukinn slagkraft og þjóðfélagsgagnrýnin fær meiri vigt.

Dularfullur byltingarmaður sem kallar sig V rís upp gegn ofríkinu og nær fyrirtaks árangri í árásum sínum á undirstöður fasistaveldisins. Hann er keyrður áfram að hatri í garð valdhafa, sterkri réttlætistilfinningu og ekki síst ást á menningu, bókmenntum og öðrum listgreinum sem yfirvöld hafa nánast þurrkað út.

Hugo Weaving leikur V með miklum tilþrifum og skilar flókinni persónunni alla leið þó hann sé falinn bak við grímu alla myndina. Natalie Portman kemst einnig vel frá sínu sem Evey, ung stúlka sem fyrir tilviljun verður lærisveinn uppreisnarseggsins. Öll vandræði með enskan hreim og annað breiðir hún yfir með þeim yfirþyrmandi þokka sem hefur gert hana að einni mest heillandi leikkonu samtímans. Eðalmenn á borð við Stephen Rea, Stephen Fry, John Hurt og Tim Pigott-Smith setja einnig sinn svip á myndina og sjá til þess að manni líður eins og fyrir augu beri breska eðalframleiðslu en ekki nýjasta útspil þeirra Matrix-bræðra.

Þá kemur það skemmtilega á óvart að stílfærðum bardagaatriðum í anda Matrix er stillt verulega í hóf þannig að sagan og persónurnar fá að njóta sín. Það spillir ef til vill einna helst fyrir hversu handritshöfundarnir reyna að gagnrýna margt þannig að einhver skeytin missa óhjákvæmilega marks. Í það heila tekið er V for Vendetta þó þrælskemmtileg og hressandi mynd sem ætti að kveikja baráttuneista í hjörtum þeirra sem eru ekki alveg skyni skroppnir. Það stuðaði mig í það minnsta svo hressilega að horfa á V sprengja opinberar byggingar í tætlur við dúndrandi undirspil forleiks Tsjaíkovskís að 1812 að ég vildi rjúka beint úr bíó og byrja byltingu.

**Þórarinn Þórarinsson**






# Vinsæll töframaður



**CURTIS ADAMS** Rokktöframaðurinn vinsæli verður með fjórar sýningar hér á landi í næsta mánuði.

Uppselt er á aðra aukasýningu bandaríska töframannsins Curtis Adams sem verður í Austurbæ í næsta mánuði.

Ákveðið hefur verið að bæta við einni sýningu hinn 9. apríl klukkan 14.00. Sýning Curtis Adams hefur verið mjög vinsæl í Las Vegas og því koma þessi góðu viðbrögð hér á landi ekki á óvart. Miðasalan fer fram á midi.is, event.is, verslunum Skífunnar og BT á Akureyri og Selfossi. Miðaverð er frá 1.900 krónum til 3.900 auk miðagjalds. ■



**PIXIES** Rokksveitin Pixies ætlar að spila í Evrópu í sumar. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

# Framtíðin óráðin

Rokksveitin Pixies ætlar að spila á sjö tónleikum í Evrópu í júlí. Framhaldið er aftur á móti óráðið.

„Hver veit hvað gerist eftir þessa tónleika?“ sagði gítarleikarinn Joey Santiago. „Ættum við að halda áfram eða hætta? Við vitum það ekki sjálf,“ sagði hann. Santiago segir það einnig óvíst hvort ný plata eigi eftir að koma út. „Ég myndi hafa áhuga ef það gerðist á eðlilegan hátt; ef við höfum öll tíma og áhuga.“ ■







**AMIINA** Hljómsveitin Amiina hefur hitað upp fyrir Sigur Rós á tónleikaferð síðarnefndu sveitarinnar um heiminn.

# Úr amína í amiina

Hljómsveitin amína hefur breytt nafni sínu í amiina til að koma í veg fyrir misskilning sem hefur verið uppi.

Margir hafa ruglast á sveitinni og söngkonunni Aminu frá Túnis sem steig fram á sjónarsviðið í heimstónlistinni á níunda áratugnum. Árið 1991 lenti hún í öðru sæti í Eurovision-keppninni með laginu Le dernier qui a parlé sem hún söng fyrir hönd Frakklands. Hún hefur gefið út þrjár breiðskífur.

Þetta er í annað sinn sem amiina breytir um nafn því þegar sveitin starfaði fyrst sem strengjakvartett í Tónlistarskólanum í Reykjavík árið 1997 hét hún Anima.

Árið 1999 fékk Sigur Rós kvartettinn til að spila með sér á útgáfutónleikum í Íslensku óperunni og eftir það hefur hann spilað með hljómsveitinni víða um heim á hinum ýmsu tónleikaferðum.

Sveitin gaf út stuttskífuna Animamina árið 2004 og var henni meðal annars dreift í Bretlandi og Bandaríkjunum. ■




*Rýmingarsala - Frábær verð*

- *Brúðarkjólar*
- *Smókingar og kjólföt*
- *Hátíðarbúningar herra*

**Brúðarbær**
brúðakjóla- og fataleiga
Hjallabrekku 37, Kópavogi
Sími 554-0993

**Þróunarfélag miðborgarinnar**

# Aðalfundur 2006

ÞRÓUNARFÉLAG MIÐBORGARINNAR

verður haldinn í Iðnó við Vonarstræti
í dag, þriðjudaginn 28. mars, kl. 17:00

**Auk venjulegra aðalfundarstarfa verður sérstök dagskrá:**

Stefán Þórarinsson, varaformaður stjórnar Portus hf:
***Nýsköpun í miðborg Reykjavíkur***
Bygging tónlistar- og ráðstefnuhúss við Austurhöfnina

***Borgarstjórnarkostningar 2006 - miðborgarmál***
Frambjóðendur stjórnmálaflokkanna segja frá stefnumálum sínum:
Björn Ingi Hrafnsson, Dagur B. Eggertsson, Gísli Marteinn Baldursson, Ólafur F. Magnússon og Svandís Svavarsdóttir.

Léttar veitingar að loknum fundi

**Fjölmennum á aðalfundinn - eflum miðborgina!**

AUGLÝSINGASTOFA E. BACKMAN




AMERICAN DAD
Í KVÖLD KL 21:00

BANDARÍKIN ERU Í ÖRUGGUM HÖNDUM!

Útsendari CIA, Stan Smith, er alltaf á varðbergi fyrir hryðjuverkahættum.

FYLGSTU MEÐ!

SIRKUS

JÓNSSON & LE'MACKS • jl.is



## Blakmenn ársins valdir

Wojtek Bachorsky hjá Stjörnunni og Miglena Apostolova hjá Þrótti Neskaupstað voru valin bestu leikmenn tímabilsins á lokahófi Blaksambandsins á laugardagskvöld. Efnilegustu leikmenn tímabilsins voru þau Erla Rán Eiríksdóttir Þrótti Nes. og Þorsteinn Guðmundsson KA. Besti dómarinn var Sævar Már Guðmundsson.

**sport**

sport@frettabladid.is

GARÐAR BERGMANN GUNNLAUGSSON: ER Á HEIMLEIÐ EFTIR DVÖL HJÁ DUNFERMLINE Í SKOTLANDI

# *Spilar með Valsmönnum í sumar*

Framherjinn Garðar Gunnlaugsson kemur heim þann 6. apríl næstkomandi eftir dvöl hjá skoska liðinu Dunfermline. Garðar mun því spila með Valsmönnum í sumar og styrkir það lið bikarmeistaranna svo um munar. Börkur Edvardsson formaður knattspyrnudeildar Vals sagði við Fréttablaðið í gær að lánssamningi Garðars við Dunfermline yrði rift og því gæti hann komið heim.

„Garðar er brattur þrátt fyrir erfiðleikana, hann lenti í basli með meiðslum auk þess sem liðið keypti marga leikmenn í janúar. Hann byrjaði á því að meiðast þegar hann kom út og því var hann mjög óheppinn. Ég held að hann hafi ætlað sér meira enda metnaðarfullur og kappsamur, en hann var mjög jákvæður fyrir því að koma heim,“ sagði Willum Þór Þórsson þjálfari Vals við Fréttablaðið í gær um Garðar.

Skagamaðurinn knái hefur aðallega spilað með varaliði Dunfermline sem er íu harðri botnbaráttu í skosku deildinni. Liðinu gekk mjög illa að skora framan af tímabili og var Garðar sóttur til Íslands með það að markmiði að koma lagi á markatölu liðsins. Það gekk ekki eftir þar sem Garðar meiddist um leið og hann fór út og hefur verið í erfiðleikum með meiðslin æ síðan.

Willum sagði að Valsmenn væru jafnframt í leit að fleiri leikmönnum erlendis frá. „Við erum enn að skoða leikmannamarkaðinn eins og öll önnur lið, við erum í leit að erlendum leikmönnum en ef þeir eru ekki betri en þeir leikmenn sem ery fyrir þá kemur enginn til okkar. Þetta fer eftir því hvort við finnum einhverja gæðaspilara og vissulega vona ég að það takist. Við erum búnir að missa mikið, reyndar fengið marga í staðinn en ekki alveg nóg til að brúa bilið,“ sagði Willum að lokum.



Garðar spilaði sautján leiki fyrir Val í Landsbankadeildinni í fyrra og skoraði átta mörk auk sex marka í VISA bikarnum.

## > Hrafnhildur í ham

Landsliðskonan Hrafnhildur Skúladóttir átti skínandi gott tímabil fyrir lið sitt SK Aarhus í Danmörku en tímabilinu þar í landi lauk um helgina. Hrafnhildur leikur lykilstöðu hjá liðinu, sem vann 1. deildina þar í landi og hefur því tryggt sér sæti í deild þeirra bestu eftir eins árs dvöl í næstefstu deild. Hrafnhildur skoraði fimm mörk fyrir liðið í lokaleiknum gegn Skive um helgina en Aarhus vann leikinn 40-24 og vann deildina örugglega en næsta lið var fimm stigum á eftir Aarhus, sem hlaut 50 stig. Hrafnhildur varð áttundi markahæsti leikmaður deildarinnar en hún skoraði 139 mörk í 24 leikjum eða 5,8 mörk að meðaltali í leik.





**SPENNAN MAGNAST** Spennan er farin að magnast verulega fyrir annan leik liðanna sem fram fer í kvöld. Hér er Brynjar Björnsson til varnar gegn Halldóri Karlssyni í fyrsta leik liðanna. FRÉTTABLAÐIÐ/VÍKURFRÉTTIR

Iceland Express-deild karla:

## Brúar KR bilið?

**KÖRFUBOLTI** KR tekur á móti Njarðvík í kvöld í öðrum leik liðanna í undanúrslitarimmunni í Iceland Express-deild karla. Leikurinn hefst klukkan 19.15 og verður í beinni útsendingu á Sýn.

Njarðvíkingar kjöldrógu KR-inga í fyrsta leik liðanna um helgina og ljóst er að við ramman reip verður að draga fyrir KR ef mið er tekið af fyrri leiknum. **- hþh**

### HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

MARS

25 26 27 **28** 29 30 31

**Þriðjudagur**

**LEIKIR**

- 19.15 **KR** og **Njarðvík** mætast í Iceland Express-deild karla í körfuboltabolta í DHL-höllinni í Vesturbæ.

**SJÓNVARP**

- 20.35 **Meistaramörk** á Sýn.
- 18.30 **Meistaradeildin** á Sýn. Bein útsending frá leik **Arsenal** og **Juventus**
- 18.30 **Meistaradeildin** á Sýn Extra. Bein útsending frá leik **Benfica** og **Barcelona.** Sýndur á Sýn 20.55.

# Með viljann að vopni

## Leikmenn Skallagríms vildu sigurinn meir en Keflvíkingar í Borgarnesi í gær og unnu verðskuldað, 94-76. Gestirnir sáu aldrei til sólar í leiknum.

**KÖRFUBOLTI** Það var rosaleg stemning í Borgarnesi í gær og íþróttahúsið yfirfullt tuttugu mínútum fyrir leik. Heimamenn nýttu sér stemninguna í botn í upphafi leiks og skoruðu fyrstu sjö stig leiksins. Þá tóku Keflvíkingar við sér og náðu að jafna leikinn, 11-11, en frábær sprettur undir lok fyrsta leikhluta skilaði Skallagrími níu stiga forystu, 24-15, þegar fyrsti leikhluti var allur. George Byrd skoraði frábæra fluttukörfu og allt ætlaði um koll að keyra.

Það var álíka uppi á teningnum í síðari hálfleik. Baráttuglaðir leikmenn Skallagríms héldu áfram að sækja grimmt að körfu Keflvíkinga, sem áttu fá svör. Gestirnir létu mótlætið fara verulega í taugarnar á sér og byrjuðu að röfla yfir dómgæslu og flestu öðru sem þeim datt í hug í stað þess að spila áfram körfubolta.

Heimamenn efldust með hverri mínútu og náðu fljótt 14 stiga forystu, 40-26, og forystan var litlu minni þegar flautað var til leikhlés, 53-41. Keflvíkingar í vondum málum og til að bæta gráu ofan á svart voru AJ Moye og Gunnar Einarsson báðir komnir með þrjár villur í leikhléi.

Sigurður Ingimundarson, þjálfari Keflavíkur, hafði lítið að segja við sína menn í leikhléi og sendi þá fljótt út aftur en hefði betur lengt ræðuna því sama baráttuleysið var uppi á teningnum í upphafi síðari hálfleiks á meðan leikmenn Skallagríms áttu öll fráköst, sem þeir tóku með baráttugleði og grimmd.

Skallagrímur náði mest 20 stiga forskoti, 67-47, í þriðja leikhluta en Keflvíkingar náðu aðeins að rétta úr kútnum í lok leikhlutans og munurinn 13 stig, 75-62, þegar aðeins einn leikhluti var eftir.

Fjórði leikhluti byrjaði ekki vel fyrir Keflavík því AJ Moye fékk sína fjórðu villu eftir aðeins 20 sekúndur. Keflvíkingar tjölduðu öllu sem þeir áttu í síðasta leikhlutanum og meira að segja gamla brýnið Guðjón Skúlason kom af bekknum þegar sex mínútur lifðu leiks. Viðleitnin ágæt en dugði ekki til og Skallagrímur vann sanngjarnan sigur, 94-76.

„Pabbi sagði mér fyrir leikinn að skjóta og ég hlýddi honum bara. Það er greinilega gott að hlusta á pabba,“ sagði Axel Kárason, leikmaður Skallagríms, en hann átti sannkallaðan stjörnuleik. „Við höfum mikla trú á okkur og munum gera betur næst í Keflavík og klára svo dæmið hér heima.“

Liðsheild Skallagríms var frábær með Axel og Byrd í broddi fylkingar en allir leikmenn liðsins áttu þátt í sigrinum. AJ Moye var sá eini sem barðist allan leikinn hjá Keflavík en það dugði skammt.

henry@frettabladid.is



**GEORGE BYRD** Á fljúgandi ferð í leiknum í gær. Hann bar af í liði Skallagríms, skoraði 26 stig og átti stóran þátt í sigri liðsins. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

## ÚRSLIT GÆRDAGSINS

### *Iceland Express-deild kk:*

SKALLAGRÍMUR-KEFLAVÍK 94-74

**Stig Skallagríms:** George Byrd 27, Axel Kárason 22, Jovan Zdrawewski 16, Dimitar Karadovzki 10, Pétur Sigurðsson 9, Hafþór Gunnarsson 8, Pálmi Sævarsson 2.

**Stig Keflavíkur:** AJ Moye 26, Magnús Gunnarsson 14, Arnar Jónsson 9, Gunnar Einarsson 8, Gunnar Stefánsson 6, Vlad Boer 4, Elentínus Margeirsson 4, Jón Hafsteinsson 4.

### *Enska úrvalsdeildin*

TOTTENHAM-WBA 2-1

0-1 Curtis Davies (20.),1-1 Robbie Keane (68.), 2-1 Robbie Keane (89. vítaspyrna).



**ROBBIE KEANE** Var hetja Tottenham í gær gegn WBA. NORDICPHOTOS/GETTY IMAGES

Enska úrvalsdeildin:

## Keane hetja Tottenham

**FÓTBOLTI** Tottenham vann baráttusigur gegn lánlausum leikmönnum WBA í ensku úrvalsdeildinni í gær. Curtis Davies kom WBA yfir með skalla eftir aukaspyrnu Jonathan Greening í fyrri hálfleik.

Robbie Keane jafnaði svo metin fyrir Tottenham þegar hann vippaði yfir Tomasz Kuszczak, markmann WBA, sem átti annars frábæran leik þar til hann gerði afdrifarík mistök. Hann togaði Jermain Defoe niður í vítateignum og Keane skoraði örugglega úr vítaspyrnunni á 89. mínútu og tryggði Tottenham öll stigin. **- hþh**


DV

Hefur þú séð DV í dag?

FEÐGIN Á SIGLUFIRÐI MEÐ FALSAÐAR EVRUR

Flæktust í nígeríska svikamyllu




ÍBV verður ekki með kvennalið í Landsbankadeildinni í sumar:

# Hætt við vegna manneklu

**FÓTBOLTI** ÍBV hefur ákveðið að senda ekki kvennalið til þátttöku í Landsbankadeildinni í sumar. ÍBV er annað liðið til að draga lið sitt úr keppni en fyrr á árinu dró ÍA sitt kvennalið úr keppni.

„Við eigum hreinlega ekki í lið eins og staðan er í dag. Við metum það þannig að það sé betra að bíða með þetta í ár. Hvort við verðum svo með næsta sumar verðum við bara að skoða síðar meir. Við erum með eina til tvær stelpur sem væru tilbúnar í að spila í meistaraflokkinum í sumar, og svipaða sögu er að segja af öðrum flokkum,“ sagði Páll Scheving, stjórnarmaður hjá ÍBV, við Fréttablaðið í gær.

ÍBV skoðaði það að sameinast liði Selfoss, sem hefur þó ekki verið með starfræktan meistaraflokk kvenna í háa herrans tíð. Sú tillaga var felld á aðalfundi ÍBV.

Samkvæmt reglum KSÍ mun sambandið nú ákveða hvaða lið tekur sæti ÍBV. Líklegt er að það verði sameinað lið Þór/KA/KS sem tekur sætið en liðið tapaði gegn FH í umspilsleikjum um laust sæti í deildinni í fyrra. Fylkir kom upp úr 1. deild kvenna.

„Kostnaðurinn yrði mjög hár við að halda út liði. Þá þyrftum við að fá tíu til ellefu erlenda leikmenn auk þess að fá nokkra leikmenn lánaða. Við hefðum viljað eiga í það minnsta sex til sjö leikmenn sem væri alveg nógu slæmt. Þetta snýst líka um stolt félagsins, við erum að gera þetta fyrir okkar fólk,“ sagði Páll.

„Þetta er enginn dauðadómur fyrir kvennaknattspyrnuna hérna. Við erum með mjög öfluga yngri flokka sem eiga eftir að koma sterkir upp,“ sagði Páll.

Þetta er mikill viðsnúningur fyrir kvennaknattspyrnuna í Eyjum en liðið varð bikarmeistari árið 2004 og hefur oftar en ekki verið í fremstu röð. **- hþh**



**OLGA FÆRSETH** Ein af þeim sem hafa yfirgefið ÍBV.

Átta liða úrslit Meistaradeildarinnar hefjast í kvöld þar sem leik Arsenal og Juventus ber hæst:

# Vieira snýr aftur á Highbury

**FÓTBOLTI** Fabio Capello, stjóri Juventus, segir að Patrick Vieira, miðjumaður liðsins, hafi ekkert að sanna þegar hann mætir sínum gömlu félögum í stórleik Meistaradeildarinnar í kvöld.

„Augljóslega verður þetta sérstakur leikur fyrir Patrick. Hann hefur samt ekkert að sanna. Hann fór fyrir liði Arsenal með frábærum árangri í mörg ár og hjálpaði því að vinna til titla. Arsenal og Vieira ákváðu bara að skilja síðasta sumar og ég er viss um að stuðningsmenn liðsins skilja það,“ sagði Capello.

Vieira sjálfur segist hlakka mikið til endurkomunnar. „Þegar maður spilar á ný gegn sínum gömlu félögum líður manni ekki eins og fyrir hvaða leik sem er, þetta verður mjög sérstakt. Ég átti margar frábærar stundir á Highbury og býst við góðum viðtökum frá stuðningsmönnunum,“ sagði miðjumaðurinn franski, sem hefur átt gott tímabil með Juventus á Ítalíu.

„Leikmenn Arsenal spila frábæran fótbolta, ekki ósvipaðan og AC Milan á Ítalíu. Þeir njóta fótboltans út í æsar og eru með stórkostlega einstaklinga innanborðs. Þeir byggja sinn leik upp á tækni frekar en á sálfræði en ég tel að við höfum það sem þarf til að leggja þá að velli,“ sagði Patrick Vieira að lokum. - hþh



**PATRICK VIEIRA** Snýr aftur á Highbury í kvöld en hann yfirgaf Arsenal síðasta sumar. NORDICPHOTOS/GETTYIMAGES







## ÚR BÍÓHEIMUM

Í hvaða kvikmynd hljómaði þessi setning:

**„What a splendid idea! This „Christmas“ sounds fun. I fully endorse it – let's try it at once!“**

**Svar:** Borgarstjórinn úr kvikmyndinni The Nightmare Before Christmas frá árinu 1993.

# dagskrá

## VIÐ TÆKIÐ BORGHILDUR GUNNARSDÓTTIR SKEMMTIR SÉR YFIR UNGLINGAÞÁTTUM

# Veronica er Grissom unglingsstelpnanna

Gilmore Girls í kvöld. Það gleður mitt litla hjarta. Ég hef lesið fjölmarga pistla frá sjónvarpsgagnrýnendum um hve lélegur þessi þáttur er en ég verð að fá að vera fullkomlega ósammála. Rökin eru oftast sú að persónurnar tali einfaldlega of hratt. Ég veit ekki hvaða asnalegu rök það eru. Eins og fólk megi ekki tala of hratt. Hjalti frændi talar ennþá hraðar en þetta og hann fer ekkert í taugarnar á mér. Auk þess segja Gilmore-stelpurnar fullt af litlum bröndurum í hverjum þætti sem eru bráðskondnir. Tónlistin í þáttunum er líka ekkert slor. Rory hlustar á Belle & Sebastian og PJ Harvey og ekki er hægt að kvarta yfir því. Hún er líka stundum í Marc Jacobs fötum og hvaða þáttur er það slæmur að maður geti ekki horft á hann ef MJ flíkum bregður fyrir í honum? Enginn að mínu mati. Ég horfi líka á The O.C. til að skoða Marc Jacobs. Hvað er annars málið með breyttan endursýningartíma á


**VERONICA MARS** Hún á ráð undir rifi hverju og er Grissom unglingsstúlknanna.

þeim þætti?! Fuss og svei! Núna missi ég alltaf af honum.

Auk þess þurfti ég að fá einhvern góðan þátt í staðinn fyrir Veronicu Mars sem var á þessum sama tíma og Gilmore Girls eru núna. Ég var föst í honum. Hvað get ég sagt, ég hata ekki unglingaþættina. Veit ekki hversu kúl það er en mér finnst Veronica bara svakalega skemmtileg týpa. Hún á sko ráð undir rifi hverju. Hún er Grissom unglingsstelpnanna og notaði tilfinningagreindina til að leysa málin. Eins og Grissom gerir. Hann labbar alltaf inn í herbergið þar sem morðið var framið og fær vitrun um hvað gerðist. Nema Veronica Mars er ekki næstum jafn kjánalegur karakter eins og Grissom. En það er greinilegt að þriðjudagar eru orðnir mjög góðir sjónvarpsdagar. Ég man ekki eftir öðru eins góðæri í sjónvarpi. Að ég tali ekki um Prison Break sem er sýnt seinna um kvöldið eða Project Runway sem er á morgun. Ó já.


▶ 21.15 *Heimildamynd*
GRÆNA HERBERGIÐ


▶ 20.15 *Keppni*
AMAZING RACE


▶ 22.15 *Spenna*
SUPERNATURAL


▶ 22.00 *Spenna*
CLOSE TO HOME


▶ 18.30 *Fótbolti*
ARSENAL – JUVENTUS

### SJÓNVARPIÐ

**17.05** Leiðarljós **17.50** Táknmálsfréttir **18.00** Fræknir ferðalangar (29:52) **18.25** Draumaduft (4:13)

**18.30 Gló magnaða (44:52)** (Kim Possible)
**19.00 Fréttir, íþróttir og veður**
**19.35 Kastljós**
**20.30 Mæðgurnar (4:22)** (Gilmore Girls 5) Bandarísk þáttaröð um einstæða móður sem rekur gistihús í smábæ í Connecticut-fylki og dóttur hennar á unglingsaldri.
▶ **21.15 Græna herbergið (5:6)** Þáttaröð þar sem Jónas Ingimundarson píanóleikari og Sigrún Hjálmtýsdóttir söngkona fjalla um tónlist og leika tóndæmi.
**22.00 Tíufréttir**
**22.20 Tvíeykið (3:8)** (Dalziel & Pascoe IV) Syrpa úr breskri þáttaröð um rannsóknarlögreglumenn sem fá til úrlausnar æsispennandi sakamál.

**23.15** Króníkan (19:20) **0.10** Kastljós **1.10** Dagskrárlok

### STÖÐ 2

**6.58** Ísland í bítið **9.00** Bold and the Beautiful **9.20** Í fínu formi 2005 **9.35** Martha **10.20** My Sweet Fat Valentina **11.10** Ef ég væri ríkur

**12.00** Hádegisfréttir **12.25** Neighbours **12.50** Í fínu formi 2005 **13.05** Home Improvement **13.30** Veggfóður**14.15** LAX **15.00** Amazing Race 5 **16.00** Töframaðurinn **16.20** He Man **16.45** Shin Chan **17.10** Töfrastígvélin **17.20** Bold and the Beautiful **17.40** Neighbours **18.05** The Simpsons 15

**18.30 Fréttir, íþróttir og veður**
**19.00 Ísland í dag**
**19.45 Strákarnir**
▶ **20.15 Amazing Race (1:14)** Að þessu sinni verður keppnisfyrirkomulag með svolítið öðru sniði því liðin tíu sem mæta til leiks samanstanda af fjögurra manna fjölskyldum.
**21.05 Las Vegas 3 (6:22)** (Real McCoy)
**21.50 Prison Break (9:22)** Abruzzi lækkar í tign í stéttarkerfið fanganna sem setur öll flóttaáformin úr skorðum. Bönnuð börnum.
**22.35 My Life in Film (6:6)** Art og Jones eru skuldugir upp fyrir haus og verða bornir út ef þeir verða sér ekki út um pening fyrir leigunni.

**23.05** Twenty Four **23.50** In the Time of the Butterflies **1.25** Nip/Tuck **2.10** Boat Trip (B. börnum) **3.40** Unlawful Entry (Str. b. börnum) **5.30** Fréttir og Ísland í dag **6.35** Tónlistarmyndbönd frá Popp TíVí

### SIRKUS

**18.30 Fréttir NFS**
**19.00 Ísland í dag**
**19.30 My Name is Earl (e)**
**20.00 Friends (24:24)**
**20.30 Idol extra 2005/2006** Í Idol Extra er að finna allt það sem þig langar til að vita um Idol - stjörnuleitina.
**21.00 American Dad (5:16)** (Finances with Wolves) Stan fær dágóðan bónus frá vinnunni og eyðir honum í ný tæki. Francine er nú ekki par ánægð með það og ákveður að opna verslun í óþökk Stan.
**21.30 Reunion (11:13)**
▶ **22.15 Supernatural (7:22)** (Hook Man) Sam og Dean reyna að hjálpa stúlku sem er í vanda stödd. Bönnuð börnum.

**23.00** Laguna Beach (15:17) **23.25** Extra Time – Footballers' Wive **23.50** Sirkus RVK (e) **0.20** Friends (24:24) **0.45** Idol extra 2005/2006 (e)

### SKJÁREINN

**7.00** 6 til sjö (e) **8.00** Dr. Phil (e) **8.45** Innlit / útlit (e)

**15.40** Sigtið (e) **16.10** The O.C. (e) **17.05** Dr. Phil **18.00** 6 til sjö

**19.00 Cheers – 11. þáttaröð**
**19.25 Fasteignasjónvarpið**
**19.30 All of Us (e)**
**20.00 How Clean is Your House**
**20.30 Heil og sæl** Heil og sæl er nýr íslenskur matreiðsluþáttur með þeim Þorbjörgu Hafsteinsdóttir og Oscar Umahro Cadogan sem kynna matarreglurnar tíu.
**21.00 Innlit / útlit** Þátturinn hefur skapað sér sess sem vandaðasti hönnunar og lífsstílsþáttur þjóðarinnar.
▶ **22.00 Close to Home** Annabeth lögsækir geðsjúkan glæpamann sem hótar henni öllu illu ef að hún dregur ekki ákæruna til baka.
**22.50 Sex and the City – 5. þáttaröð**

**23.20** Jay Leno **0.05** Survivor: Panama (e) **1.00** Cheers – 11. þáttaröð (e) **1.25** Fasteignasjónvarpið (e) **1.35** Óstöðvandi tónlist

### SÝN

**17.00** Gillette World Cup 2006 **17.30** UEFA Champions League **18.00** Meistaradeildin með Guðna Bergs

▶ **18.30 Meistaradeild Evrópu** (Arsenal – Juventus) Bein útsending frá leik Arsenal og Juventus í átta liða úrslitum Meistaradeildar Evrópu. Arsenal hefur gengið vel í deildinni en þeir slógu út Real Madrid í 16-liða úrslitum.
**20.35 Meistaradeildin með Guðna Bergs** (Meistaramörk 2)
**20.55 Meistaradeild Evrópu** (Benfica – Barcelona) Útsending frá leik Benfica – Barcelona í átta liða úrslitum MeistaradeildarEvrópu. Leikurinn var í beinni útsendingu á Sýn Extra fyrr í kvöld.
**22.45 Destination Germany** (Argentina + Trinidad)

**23.15** World Supercross GP 2005-06 **0.05** Ensku mörkin **0.35** Mótorsport 2005

### STÖÐ 2 BÍÓ

**6.00** Solaris (B. börnum) **8.00** Drumline **10.00** Cat in the Hat, The **12.00** Baywatch: Hawaiian Wedding **14.00** Drumline **16.00** Cat in the Hat, The **18.00** Baywatch: Hawaiian Wedding **20.00 Solaris** Solaris er pláneta í órafjarlægð þar sem undirlegir atburðir gerast. Bönnuð börnum. **22.00 Gigli** Í myndinni leikur Ben Affleck smákrimmann Larry Gigli sem lendir í slagtogi við lesbíu. Stranglega bönnuð börnum. **0.00** Bandits (Bönnuð börnum) **2.00** Full Frontal (Bönnuð börnum) **4.00** Gigli (Stranglega bönnuð börnum)

### OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.

### E! ENTERTAINMENT

**12.00** E! News **12.30** Fashion Police **13.00** The E! True Hollywood Story **15.00** 50 Steamiest Southern Stars **16.00** 50 Steamiest Southern Stars **17.00** Rich Kids: Cattle Drive **18.00** E! News **18.30** Gastineau Girls **19.00** The E! True Hollywood Story **20.00** 101 Craziest TV Moments **21.00** The Soup **21.30** Wild On Tara **22.00** Party @ the Palms **22.30** Party @ the Palms **23.00** The Soup **23.30** Wild On Tara **0.00** E! News **0.30** Gastineau Girls **1.00** The E! True Hollywood Story **2.00** Guilty

### AKSJÓN

Fréttaþátturinn Korter er sýndur kl.18.15 og endursýndur á klukkutíma fresti til kl. 9.15

### ENSKI BOLTINN

**7.00** Að leikslokum (e) **8.00** Að leikslokum (e) **14.00** Middlesbrough – Bolton frá 26.03 **16.00** Liverpool – Everton frá 25.03 **18.00** Þrumuskot (e)

**19.00 Að leikslokum (e)** Snorri Már Skúlason fer með stækkunargler á leiki helgarinnar.
**20.00 Man. Utd. – Birmingham frá 26.03**
**22.00 Aston Villa – Fulham frá 25.03**
**0.00** Þrumuskot (e) **1.00** Dagskrárlok




# VIÐ MÆLUM MEÐ ...

## Amazing Race **Stöð 2** kl. 20.15

### *Fjölskyldur keppast*



Kapphlaupið mikla hefst enn á ný. Þetta er í áttunda skiptið sem hópur þátttakenda þeysist yfir heiminn þveran og endilangan með það eitt að markmiðið að verða fyrstir í mark og fá að launum eina milljón dala. Að þessu sinni verður keppnisfyrirkomulagið með örlítið öðru sniði því liðin tíu sem mæta til leiks samanstanda af fjögurra manna fjölskyldum. Kapphlaupið hefst á Brookyn-brúnni og er óhætt að fullyrða að þetta á eftir að verða æsilegra en nokkru sinni fyrr og reyna allverulega á fjölskylduböndin.

## Sudoku dagsins

Fylltu út í reitina þannig að hver lína, hver dálkur og hver 3x3 kassi rúmi allar tölurnar á bilinu 1 til 9. Sama talan má ekki koma fyrir tvisvar sinnum í sömu línu, sama dálki eða sama 3x3 kassa. Engin stærðfræðikunnátta er nauðsynleg þó leikið sé með tölum. Þrautin er leyst með rökhugsun og útsjónarsemi. Lausnir, ráðleggingar og upplýsingar eru á www.sudoku.com. Lausn þrautarinnar birtist á sama stað í blaðinu á morgun.

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | 7 | 6 | 3 | | 8 | 4 | | |
| | | | | 9 | | 2 | | |
| 8 | | | | | | | 1 | |
| | | 9 | 1 | | | | | 7 |
| | | | 9 | | 3 | | | |
| 7 | | | | | 4 | 6 | | |
| | 5 | | | | | | | 2 |
| | | 4 | | 5 | | | | |
| | | 1 | 7 | | 6 | 8 | 5 | |

**Lausn á gátu gærdagsins**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 2 | 4 | 8 | 6 | 7 | 3 | 1 | 5 | 9 |
| 5 | 6 | 3 | 8 | 9 | 1 | 2 | 7 | 4 |
| 1 | 9 | 7 | 5 | 4 | 2 | 6 | 3 | 8 |
| 7 | 5 | 6 | 9 | 8 | 4 | 3 | 2 | 1 |
| 3 | 8 | 2 | 7 | 1 | 5 | 9 | 4 | 6 |
| 4 | 1 | 9 | 2 | 3 | 6 | 7 | 8 | 5 |
| 9 | 7 | 5 | 1 | 2 | 8 | 4 | 6 | 3 |
| 8 | 3 | 1 | 4 | 6 | 7 | 5 | 9 | 2 |
| 6 | 2 | 4 | 3 | 5 | 9 | 8 | 1 | 7 |



▶ **7.00** *Fréttir*

ÍSLAND Í BÍTIÐ

## NFS

▶**7.00** Ísland í bítið **9.00** Fréttavaktin fyrir hádegi

**12.00** Hádegisfréttir/Markaðurinn/Íþróttafréttir/Veðurfréttir/Leiðarar dagblaða/Hádegið-fréttaviðtal **13.00** Íþróttir/lífsstíll **14.00** Hrafnaþing/Miklabraut **15.00** Fréttavaktin eftir hádegi

**18.00** Kvöldfréttir/Íslandi í dag/íþróttir/veður
**19.45** **Brot úr dagskrá**
**20.00** **Fréttir**
**20.10** **Kompás (e)** Íslenskur fréttaskýringarþáttur í umsjá Jóhannesar Kr. Kristjánssonar.
**21.00** **Fréttir**
**21.10** **48 Hours** (48 stundir) (48 Hours 2005-2006) Bandarískur fréttaskýringaþáttur.
**22.00** **Fréttir** Fréttir og veður
**22.30** **Hrafnaþing/Miklabraut** Hrafnaþing er í umsjá Ingva Hrafns Jónssonar og Miklabraut í umsjá Sigurðar G. Tómassonar.

**23.15** Kvöldfréttir/Íslandi í dag/íþróttir/veður **0.15** Fréttavaktin fyrir hádegi **3.15** Fréttavaktin eftir hádegi **6.15** Hrafnaþing/Miklabraut

## RÁS 1 FM 92,4/93,5

**6.30** Morguntónar **7.05** Morgunvaktin **9.05** Laufskálinn **9.45** Morgunleikfimi **10.13** Sáðmenn söngvanna **11.03** Samfélagið í nærmynd **12.00** Fréttayfirlit **12.03** Hádegisútvarp

**13.00** Vítt og breitt **14.03** Útvarpssagan **14.30** Miðdegistónar **15.03** Hugsað heim. **16.13** Hlaupanótan **17.03** Víðsjá **18.00** Kvöldfréttir **18.25** Spegillinn **19.00** Vitinn **19.30** Laufskálinn **20.05** Kvöldtónar **20.45** Kjarval, menningarsagan og samtíminn **21.25** Er ofbeldi fyndið? **22.15** Lestur Passíusálma **22.21** Til allra átta

**0.10** Útvarpað á samtengdum rásum

## RÁS 2 FM 90,1/99,9

**6.05** Morguntónar **6.30** Morgunútvarp Rásar 2 **9.05** Brot úr degi

**12.03** Hádegisútvarp **12.20** Hádegisfréttir **12.45** Poppland **16.10** Síðdegisútvarpið

**18.00** Kvöldfréttir **18.24** Auglýsingar **18.25** Spegillinn **19.00** Sjónvarpsfréttir **19.30** Ungmennafélagið **20.30** Konsert **22.00** Fréttir **22.10** Rokkland

## BYLGJAN FM 98,9

**5.00** Reykjavík síðdegis. **7.00** Ísland í bítið **9.00** Ívar Guðmundsson

**12.00** Hádegisfréttir **12.20** Óskalagahádegi Bylgjunnar **13.00** Bjarni Arason **16.00** Reykjavík síðdegis

**18.30** Kvöldfréttir og Ísland í dag. **19.30** Bragi Guðmundsson - Með ástarkveðju

## AÐRAR STÖÐVAR

**FM 90,9 TALSTÖÐIN**
**FM 99,4 ÚTVARP SAGA**
**FM 95,7 Effemm** / Zúúber tónlistarstöðin
**FM 102,2 Útvarp Latibær** / Fjölskyldu útvarp
**FM 102,9 Lindin** / Kristilegt efni
**FM 96,7 Létt** / Tónlist og afþreying
**FM 105,5 Útvarp Boðun** / Kristilegt efni
**FM 89,5 Kiss** / Nýja bítið í bænum
**FM 88,5 XA-Radíó** / 12 spora efni
**FM 91,9 XFM** / Tónlist og afþreying
**FM 104,5 Radíó Reykjavík** / Tónlist og afþreying









## HRÓSIÐ

*...fær söngkonan Lisa Ekdahl fyrir frábæra tónleika sem hún hélt á föstudagskvöldið fyrir fullu húsi í Háskólabíói.*

## AÐ MÍNU SKAPI SELMA ÓSK HÖSKULDSDÓTTIR, UNGFRÚ NORÐURLAND

# Celine Dion, Mýrin og The Notebook

**TÓNLISTIN**
Ég hlusta eiginlega á allt frá klassískri tónlist og yfir í popp. Daglega hlusta ég nú samt mest á tónlist eins og er spiluð á Létt 96,7. Ég er mikið fyrir rólega og þægilega tónlist og held svolítið mikið upp á Celine Dion og Robbie Williams en iPodinn minn er troðfullur af alls kyns tónlist. Það fer svo algjörlega eftir því hvernig skapi ég er í hvað ég vel að hlusta á hverju sinni.

**BÓKIN**
Ég er afar hrifin af spennusögum og af þeim sem ég hef lesið stendur Mýrin upp úr. Eftir að ég las hana drakk ég allar hinar bækurnar hans Arnalds í mig. Það besta við bækurnar hans er að þær eru spennandi frá upphafi til enda. Þær grípa mann strax og það er nærri ómögulegt að leggja þær frá sér.

**BÍÓMYNDIN**
Oftast vel ég einhvers konar grínmyndir til að horfa á og þá finnst mér Dumb and Dumber klassísk. Ég verð samt líka að nefna The Notebook af þeim dramatísku myndum sem ég fíla. Sagan á bak við hana er æðisleg. Ég er þó ekkert sérstaklega mikið fyrir svona ástarmyndir, vinkona mín dró mig á hana en hún var vel þess virði.

**BORGIN**
Það er tvímælalaust Reykjavík. Ég bjó þar alveg þangað til við fluttum hingað norður fyrir um einu og hálfu ári. Þar eru allir vinir mínir og mér finnst hún vera passlega stór. Þar getur maður fundið allt og svo er borgin líka rosalega falleg. Ég mun örugglega flytja þangað aftur í framtíðinni en í augnablikinu er stefnan tekin á að fara eitthvað út.

**BÚÐIN**
Zara er í miklu uppáhaldi hjá mér. Þar er hægt að fá flott föt á góðu verði og auk þess er þjónustan frábær. Það er engin Zara hér fyrir norðan en það er einmitt eitt af því sem vantar sárlega. Ég fer alltaf til Reykjavíkur til að versla í Zöru.

**VERKEFNIÐ**
Núna er ég bara að læra og búa mig undir Ungfrú Ísland sem fer fram hinn 24. maí. Það er smá lægð í þessu núna en ég er á fullu í ræktinni og legg áherslu á að huga að hollu mataræði. Ég þurfti ekki mikið að taka mig á fyrir Ungfrú Norðurland enda hef ég alltaf verið í íþróttum. Ég breytti mataræðinu þó töluvert og get vitnað um það að manni líður mun betur þegar lögð er áhersla á gott mataræði.





**LÁRÉTT:** 2 tæma 6 kringum 8 mælieining á hljóðstyrk 9 hjör 11 til dæmis 12 fíflast 14 keilulaga fyllitæki 16 í röð 17 um e-ð tvennt 18 einkar 20 klaki 21 krafs.
**LÓÐRÉTT:** 1 gola 3 ógrynni 4 einangrun 5 á móti 7 skikkja 10 sjór 13 sæti 15 dýrahljóð 16 hald 19 kusk.

**LAUSN:**
**LÁRÉTT:** 2 losa, 6 um, 8 fón, 9 löm, 11 td, 12 atast, 14 trekt, 16 tu, 17 tví, 18 all, 20 ís, 21 klór. **LÓÐRÉTT:** 1 kula, 3 of, 4 sóttkví, 5 and, 7 möttull, 10 mar, 13 set, 15 tíst, 16 tak, 19 ló.

**[ VEISTU SVARIÐ ]**

Svör við spurningum á síðu 8

1. Viktor Júsjenko.
2. Randy Quaid.
3. Reading.

Xit
hárstofa
Sími 564 6444
Hlíðasmára 9
OPIÐ
Alla daga kl. 9-18
miðvikud. kl. 9-20
laugard. kl. 10-14



**PETER SCHMEICHEL** Ófáir sóknarmenn urðu að lúta í lægra haldi fyrir markverðinum danska, sem var ótrúlega sigursæll á ferli sínum. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY IMAGES

## KAUPÞING Í LÚXEMBORG: BÝÐUR ALÞJÓÐLEGU LIÐI GESTA Á HM

# Schmeichel reynir að verja vítaspyrnur

Nokkrir heppnir gestir Kaupþings í Lúxemborg fá að reyna sig í vítaspyrnukeppni gegn fyrrum markverði Manchester United og danska landsliðsins, Peter Schmeichel, en hún verður haldin í tengslum við heimsmeistarakeppnina í Þýskalandi sem hefst 9. júní. Hinir útvöldu fengu nýverið sendan veglegan svartan íþróttapakka frá bankanum þar sem á stóð „You've made the squad" eða „Þú komst í liðið" en þar er verið að vísa til þess að hinir heppnu hafi verið valdir í lið markmannsins goðsagnakennda. Pakkinn innihélt muni sem tengjast knattspyrnu á einn eða annan hátt og má þar nefna glæsilega takkaskó enda nauðsynlegt að vera vel skóaður áður en tekist er á við markvörðinn.

Að sögn Helgu Thors hjá skrifstofu forstjóra Kaupþing banka hefur undirbúningurinn fyrir ferðina staðið nokkuð lengi yfir. „Það starfa í kringum 120 manns hjá Kaupþingi í Lúxemborg og þar er lögð mikil áhersla á persónulega þjónustu," segir Helga og bætir við að starfsemin þar sé í stöðugum vexti. „Þetta verða gestir frá helstu viðskiptalöndum Kaupþings og því er um mjög alþjóðlegt lið að ræða, rétt eins og gengur og gerist í knattspyrnuheiminum," útskýrir hún.

Að sögn Helgu er bankinn með viðburðaskrifstofu í London og þar kannaðist einhver við markvörðinn góðkunna. „Síðan var bara hringt í hetjuna, sem fannst þetta mjög fyndin hugmynd og ákvað að slá til enda hafði hann aldrei gert neitt þessu líkt," segir Helga en samkvæmt heimildum blaðsins eru nokkrir gestanna farnir að sparka á markið því Schmeichel hefur lofað þeim sem ná að skora úr þremur vítum glæsilegum vinningi.

Peter Schmeichel er einhver fremsti markvörður allra tíma. Hann hóf ferilinn hjá danska knattspyrnufélaginu Brøndby en fór þaðan til enska risans Manchester United og vann þar fimm meistaratitla auk þess sem hann leiddi United til sigurs gegn Bayern München í Meistaradeild Evrópu árið 1999 í mögnuðum úrslitaleik. Hápunkturinn á ferlinum var eflaust þegar Schmeichel stóð á milli stanganna hjá danska landsliðinu þegar Danir urðu Evrópumeistarar árið 1992.

freyrgigja@frettabladid.is

## FRÉTTIR AF FÓLKI

Hljómsveitin The Bad Plus heldur vart vatni yfir heimsókn sinni til landsins á bloggsíðu sinni. Sveitin spilaði á Nasa fyrr í þessum mánuði og komst í kynni við þjóðarrétt Íslendinga; hákarl og brennivín. Piltunum þótti mikið til Black Death-flöskunnar koma og drukku stíft á litlum bar ásamt Jónsa, söngvara Sigur Rósar. Eitthvað var þeim þó í nöp við hákarlinn en lyktin ein nægði til að fæla þá frá. „Risastór og vöðvamikill forsögulegur náungi átti hins vegar ekki í miklum erfiðleikum með að sporðrenna fisknum," skrifa félagarnir á heimasíðu sinni. Eftirtektarverðast þótti hljómsveitinni þó hversu nálægðin við „fræga fólkið" er mikil. „Minnti okkur á Minneapolis þar sem við höfum rekist á Prince allnokkrum sinnum."



Tökur á stórmyndinni Stardust fóru fram í nágrenni Hafnar í Hornafirði um helgina en fjörutíu manna tökulið kom hingað til lands í þeim tilgangi að fanga íslenskar vetrarhörkur. Veðurguðirnir voru tökumönnum hliðhollir og gekk allt mjög vel að sögn Helgu Margrétar Reykdal, framkvæmdastjóra True North, sem hafði veg og vanda af komunni. Leikstjórinn Matthew Vaughn var himinlifandi með aðstæðurnar hér á landi en undirbúningur fyrir myndina heldur áfram þar vestra. Ólíklegt þykir að tökuliðið komi hingað á ný en eins og greint var frá í Fréttablaðinu eru vandræði með innflutning á hestum. Fyrir kvikmyndaáhugamenn má þó láta þess getið að leikarinn Mark Strong var meðal þeirra „smástirna" sem sóttu landið heim um helgina en hann hefur leikið smáhlutverk í kvikmyndum á borð við Tristan & Isolde sem frumsýnd var í Laugarásbíói með mikilli viðhöfn, Óskarsverðlaunamyndinni Syriana og Oliver Twist eftir Roman Polanski. - fgg



Þorskhnakkar-Lúðusteikur-Hlýrasteikur
Keilusteikur-Löngusteikur-Túnfiskur
Humar
á Tilboði
Laxafiðrildi-flök
Forréttahlaðborð-Kartöflaréttir-surimi
Fiskbúðin Vör
Höfðabakka 1 s: 587-5070

# Með mynd í Rolling Stone

Ljósmyndarinn Matthías Árni Ingimarsson fær að öllum líkindum birta mynd sem hann tók af Jakobínarínu á SXSW-rokkhátíðinni í tónlistartímaritinu Rolling Stone og kemur hún fyrir sjónir lesenda í apríl.

Matthías var nývaknaður í Kaliforníu þegar Fréttablaðið náði í skottið á honum enda átta tíma mismunur. Þokubakki lá yfir ríkinu en Matthías stundar nám við Brooks Institute of Photagraphy og býr í Ventura sem liggur á milli Santa Barbara og Los Angeles. „Ég var að taka myndir fyrir Morgunblaðið af íslensku hljómsveitunum sem spiluðu þarna," útskýrir Matthías en hann er mikill tónlistaáhugamaður og reynir að fylgjast vel með gangi mála. „Þegar ég kom heim fékk ég símhringingu frá Rolling Stone sem vildi athuga hvort ég ætti mynd af Jakobínarínu," bætir hann við og það reyndist ekki mikið mál að láta tímaritinu í té eina mynd enda mikill heiður. Þá eru meiri líkur en minni að mynd Matthíasar af tónleikum PJ Harvey komi í rokktímaritið Mojo á næstunni.

Margir kannast eflaust við Matthías af öðrum vettvangi en hann lék lengi með meistaraliði Hauka í handknattleik og stóð iðulega vaktina í vörninni. Skórnir hafa heldur ekki verið lagðir alfarið á hilluna því Matthías heldur sér við með því að æfa einu sinni í viku og spilaði meðal annars leik í hinni víðfrægu höll Staples Center þar sem Los Angeles Lakers leika sína heimaleiki. -fgg



**MATTHÍAS ÁRNI** Tók myndir af unglingahljómsveitinni Jakobínarínu en hún birtist í aprílhefti tónlistartímaritsins Rolling Stone. MYND/MATTHÍAS

GÓÐAR BYLGJUR Í LOFTINU

# BYLGJAN

## 20 ÁRA

Í tilefni af 20 ára afmæli Bylgjunnar hafa ýmsar breytingar verið gerðar á útliti og starfsemi Bylgjunnar. Bylgjan hefur fengið andlitslyftingu með nýju merki og hljómar nú enn betur. Létt 96,7 heitir nú Létt Bylgjan, en einnig hafa bæst við nýjar stöðvar, Gull Bylgjan og Ný Bylgjan. Þú getur fundið þína Bylgju á bylgjan.is eða Digital Ísland.

Bylgjan heldur sínu striki eftir 20 ára starfsemi með fréttum, fróðleik og bestu tónlistinni. Bylgjan er send út á FM 98,9, bylgjan.is og Digital Ísland.

BYLGJAN 989

LÉTT BYLGJAN 967

Létt Bylgjan hefur starfsemi sína á grunni Létt 96,7 og spilar þægilega tónlist, með stuttum innkomum dagskrágerðarmanna sem gott er að hlusta á í amstri dagsins. Létt Bylgjan er send út á FM 96,7, bylgjan.is og Digital Ísland.

GULL BYLGJAN VEFRADIO

Á Gull Bylgjunni munu gömlu góðu lögin frá 1960 til 1980 hljóma á öllum tímum dagsins. Gull Bylgjan er send út á vefnum og er hægt að hlusta á hana á bylgjan.is og Digital Ísland.

NÝ BYLGJAN VEFRADIO

Ný Bylgjan spilar nýbylgjutónlist frá áttunda áratugnum til þess nýjasta í dag. Ný Bylgjan er send út á vefnum á bylgjan.is og Digital Ísland.

GOTT FÓLK McCANN

FRÉTTABLAÐIÐ
**SÍMANÚMER FRÉTTABLAÐSINS:** 550 5000, fax: 550 5099 **Ritstjórn:** 550 5005, fax: 550 5006, ritstjorn@frettabladid.is
**DREIFING:** dreifing@posthusid.is **Auglýsingadeild:** auglysingar@frettabladid.is **Veffang:** visir.is
VIÐ SEGJUM FRÉTTIR
SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER 550 5000

ÞÚ ERT SJÓNVARPSSTJÓRI Á VÍSIR VEF TV
HORFÐU EINSOG ÞÉR SÝNIST!

Yfir 300 sjónvarpsþættir og kvikmyndir
í stafrænum gæðum á visir.is



BAKÞANKAR

ÞÓRHILDUR ELÍN ELÍNARDÓTTIR

# *Heimsendir í nánd*

**DAGLEGAR** fréttir undanfarið fjalla um fuglaflensuna með sífellt vaxandi þunga. Þó enginn viti hvort hún verður í raun og veru að smitandi fólksfaraldri eru allskyns viðbúnaðarstig tilbúin svo stofn Íslendinga líði ekki undir lok þótt pestin verði raunveruleg og mannskæð.

**FLEIRI** ógnir bíða þess eins að verða að veruleika eins og gróðurhúsaáhrifin sem munu sennilega bræða Grænlandsjökul og eyða Golfstraumnum. Ein spáin lýsir vá sem býr í kanaríeyskum fjöllum sem á hverri stundu hrynja í sjó fram og valda flóðbylgju sem mun eyða austurströnd Bandaríkjanna og jafnvel Íslandi líka. Ef stóri Suðurlandsskjálftinn verður ekki búinn að ganga frá okkur fyrst. Eða gatið á ósonlaginu.

**HRYÐJUVERKAMENN** bíða í röðum eftir að sprengja Vesturlönd í tætlur og ekki skyldi vanmeta kjarnorkuvopnaþrá vondu einræðisherranna í austri. Þegar þeir fá óskir sínar uppfylltar verður nú spennandi að lifa.

**EKKI** svo að við þurfum á geigvænlegum náttúruhamförum eða alþjóðlegum hryðjuverkum að halda til að allt fari á versta veg. Með meiri álverasöfnun, botnvörpuveiðum og nagladekkjanotkun munum við sjá til þess sjálf að spilla náttúrunni, menga fólkið og fyrirkoma fiskimiðunum svo komandi kynslóðir þurfi ekki að hafa áhyggjur af þeim meir. Bara tveimur fréttatímum eftir að krónan lækkaði um hænuskref var umræðan búin að tala sig upp í mögulegt gjaldþrot íslenska þjóðarbúsins.

**ÞVÍ** hræðilegri sem fréttatímarnir verða því meir dofna eyru mín. Eins lífhrædd og ég er annars eins og móður ungra barna sæmir þá verða allar þessar heimsendaspár hver ofan í aðra of rosalegar til að snerta mig vitundarögn. Vissulega hugsa ég um aðferðir til að einangra fjölskylduna frá umheiminum þegar fuglapestin geisar en á alltaf jafn erfitt með að ímynda mér meira en svona viku í stöðugum samskiptum við eingöngu mína nánustu. Trúlega er jafn einhæfur félagsskapur jafnhættulegur heilsunni og flensan.

**HÓFLEGT** kæruleysi fyrir ógnum veraldarinnar er þannig niðurstaðan í hinu bölsýna upplýsingaflóði sem á okkur dynur. Ég hef gert að mínum einkunnarorð móður minnar um hættur heimsins: Uss, lífið er hvort eð er ein beljandi áhætta.

VAXTAHRUN!
3.19%
LÆGSTU VEXTIR Í BÍLASAMNINGUM*

Vaxtahrun Bílaþings Heklu Klettháls, Laugavegi og hjá umboðsmönnum um land allt.

Léttari greiðslubyrði:

VW Caravelle VR6 2,8
árg. 99 ek. 63.000 verð 2.350.000 kr.
TILBOÐSVERÐ 1.990.000 kr.
afb. í 36 mán. 57.571 kr.

VW Passat 4Motion 1,8
árg. 99 ek. 118.000 verð 910.000 kr.
TILBOÐSVERÐ 690.000 kr.
afb. í 36 mán. 19.871 kr.

VW Golf stw 1,6 Highline
árg. 03 ek. 55.000 verð 1.330.000 kr.
TILBOÐSVERÐ 990.000 kr.
afb. í 60 mán. 17.859 kr.

VW Bora Comfort 1,6
árg. 99 ek. 127.000 verð 840.000 kr.
TILBOÐSVERÐ 550.000 kr.
afb. í 36 mán. 15.832 kr.

Greiðslur miðast við að aðeins lántökugjaldið sé borgað út.
*Miðað við gengistryggðan bílasamning.

HVÍTA HÚSIÐ / SÍA

ÚRVAL BÍLA
ALLT AÐ 100% LÁNSFJÁRMÖGNUN
TILBOÐ á völdum bílum

HEKLA
Laugavegi 174
Sími 590 5040
www.bilathing.is

BÍLAÞING HEKLU
Númer eitt í notuðum bílum
Klettháls 11
Sími 590 5760
bilathing@bilathing.is

ÁRGUS / 06-0146

Opin íbúðalán
„Búið þér við fullt frelsi?"
**Fórnaðu ekki frelsinu**
– kynntu þér opin íbúðalán SPRON á **spron.is**
spron